

HALLDÓR

skoðun 14

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Ferðir
Markaðurinn





ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER
Kauptu ÞRJÁR eins vörur og fáðu þá þriðju á HÁLFVIRÐI!
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
28. september 2011
226. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Á leið til Stokkhólms

*Alli abstrakt kominn í úrslit í norrænni rappkeppni.*

**Fólk 34**

## Fluga stöðvar stríð

*Bryndís Björgvinsdóttir hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin 2011.*

**tímamót 18**



## Dramatískt kvöld

*Manchester-liðin og Kolbeinn Sigþórsson voru í eldlínunni í í gær.*

**sport 30**

## veðrið í dag




**ÁFRAM VÆTA** Búast má við úrkomu, fyrst rignir SA-lands en svo teygir úrkoman sig um allt land. Í kvöld rignir töluvert NV-til en dregur úr úrkomu annars staðar.

**VEÐUR 4**

# Ríkislögreglustjóri taldi að útboð skiluðu ekki árangri

**Ríkisendurskoðun segir lögreglu hafa brotið lög um útboð við kaup á vörum. Ríkislögreglustjóri ber við tímaskorti í neyðarástandi. Kaupi ekki skýringar Ríkislögreglustjóra segir stjórnandi öryggisvörufyrirtækis.**

**STJÓRNSÝSLA** Viðskipti löggæslustofnana upp á 91,3 milljónir króna við fjögur félög í eigu lögreglumanna eða venslamanna þeirra eru gagnrýnd í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun segir að Ríkislögreglustjóri hafi án útboðs keypt búnað fyrir 12,9 milljónir króna af fyrirtæki í eigu starfsmanns embættisins. Bjóða eigi út innkaup fyrir meira en 6,2 milljónir. Ríkislögreglustjóri hafi skipt viðskiptunum í þrjá hluta en óheimilt sé „að skipta viðskiptum upp í því skyni að að þau verði undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu“. Allur búnaðurinn hafi verið í sama vöruflokki og teljist því ein vara. „Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að Ríkislögreglustjóra bar að bjóða kaupin út.“

Varðandi innkaup á piparúða frá öðru fyrirtæki segir í yfirlýsingu frá Ríkislögreglustjóra að um hafi verið að ræða „skyndiinnkaup vegna neyðarástands sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins“. Ríkisendurskoðun féllst á þessa skýringu varðandi gasið að hluta en taldi samt að afla hefði átt tilboða frá fleiri aðilum.

> Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að Ríkislögreglustjóra bar að bjóða kaupin út.
>
> **ÚR SKÝRSLU RÍKISENDURSKOÐUNAR**

„Ég er ekki að kaupa þessar skýringar Ríkislögreglustjóra,“ segir Björgvin Tómasson, framkvæmdastjóri öryggisvörufyrirtækisins Nortek. „Það tekur ekki langan tíma að senda tölvupóst á nokkur fyrirtæki og spyrja um verð og afhendingartíma.

Í seinni af tveimur yfirlýsingu Ríkislögreglustjóra í gær segir að engin lög banni ríkisstofnunum að eiga viðskipti við fyrirtæki lögreglumanna. Fáir hafi leyfi til að flytja inn „valdbeitingarbúnað“ eins og til dæmis kylfur sem voru keyptar. „Því er ólíklegt að útboð hefði leitt til betri niðurstöðu,“ ályktar Ríkislögreglustjóri.

Ríkisendurskoðun vill að innanríkisráðuneytið skeri úr um hvort það samrými störfum lögreglumanna að eiga eða starfa hjá fyrirtækjum í viðskiptum við löggæslustofnanir. - gar / sjá síðu 6



**KASTÆFING** Ekki þarf að standa við vatn til að æfa flugukast. Þessir veiðimenn köstuðu af miklum móð á Klambratúni síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slapp úr fangelsi árið 1970:

## Morðingi fundinn eftir 41 ár

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísk yfirvöld segjast hafa handsamað dæmdan morðingja sem hefur verið á flótta í 41 ár.

George Wright hafði setið í fangelsi í New Jersey í átta ár þegar hann braust út árið 1970. Hann komst í samband við Frelsisher blökkumanna og árið 1972 rændi hann flugvél ásamt öðrum úr þeim hópi. Hann var klæddur eins og prestur þegar ránið var framið og faldi byssu innan í biblíu. Vélin var á leið frá Detroit til Miami. Við komuna til Miami kröfðust ræningjarnir þess að lögreglumenn afhentu milljón dollara lausnarfé fyrir farþega vélarinnar klæddir engu nema sundfötum. Orðið var við þeirri ósk og vélinni var svo flogið til Alsír.

Aðrir úr hópnum náðust árið 1976 en Wright hefur farið huldu höfði þar til nú. Hann fannst í Portúgal. - þeb

Lögreglumenn ræddu næstu skref á maraþonfundi með lögfræðingum:

## Sætta sig ekki við gerðardóminn

**KJARAMÁL** Lögreglumenn munu ekki sætta sig við niðurstöðu gerðardóms í kjaradeilu þeirra frá því fyrir helgi. Þeir kalla eftir tafarlausri aðkomu ríkisvaldsins að deilunni.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem send var út af maraþonfundi stjórnar Landssambands lögreglumanna og formanna svæðisfélaga í gærkvöldi. Fundurinn hófst klukkan eitt eftir hádegi en honum var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum.

Í yfirlýsingunni er megnri óánægju og reiði lýst með niðurstöðu gerðardóms. Lögreglumenn víða að af landinu hafa sagt sig úr óeirðasveit lögreglunnar og óvíst er um mætingu lögreglu á boðuð mótmæli við þingsetningu á laugardag.

Meðal gesta á fundinum voru óháðir lögfræðingar. Einn þeirra var Gestur Jónsson, sem að eigin sögn var fenginn þangað sem sérfræðingur í vinnumarkaðsrétti. Hann vildi ekki tjá sig um hvað fram fór en vonaði að hann hefði getað svarað spurningum. „Menn spurðu ekki hvað þeir ættu að gera, heldur hvað mætti og hvað ekki,“ segir Gestur. - sh


Gráða & feta
ostateningar í olíu
Nýtt




ms.is

15 ÁRA
15% AFMÆLISAFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM OG LYFJUM
Í TVO DAGA, 27. OG 28. SEPTEMBER!
Apótekið
– einfalt og ódýrt




Paratabs®
actavis

## SPURNING DAGSINS



*Óttarr, fer ekki allt í hund og kött ef þið leyfið þetta?*

„Ég elti ekki ólar við slíkar raddir. Þetta verður ekkert öðruvísi en í öðrum hverfum borgarinnar.“

Hverfisráð Miðborgar hefur lagt til að bann við hundum í ól á Laugaveginum verði afnumið. Óttarr Proppé er formaður ráðsins.

Ofbeldismaður sagði „við lömdum hann alveg í spað á klósettinu á Nasa“ við viðskiptafélaga sinn:

# Davíð Smári talaði af sér í hleruðu símtali

**DÓMSMÁL** Davíð Smári Helenarson var í gær dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir líkamsárás á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll í apríl í fyrra.

Hvorki fórnarlambið né nokkur vitni voru til frásagnar um aðild Davíðs að málinu. Daginn eftir gortaði Davíð hins vegar af árásinni í síma við viðskiptafélaga sinn, sem vildi til að lögregla var að hlera vegna rannsóknar á fíkniefnamáli. Þar lýsir hann árásinni, segir „…lömdum hann alveg í spað á klósettinu á Nasa,“ og segist hafa brotið flösku á höfði fórnarlambsins og sparkað í það.

Tveir voru ákærðir fyrir árásina, Davíð og annar maður, jafnvel þótt ljóst þyki að fleiri hafi tekið þátt í henni. Þolandinn kærði einungis hinn sakborninginn þar sem hann þekkti engan annan.

Sá var hins vegar sýknaður þar sem ekki þóttu nægar sannanir fyrir því að hann hefði átt upptökin að átökunum eins og fórnarlambið hélt fram og hefði ekki bara verið að verja hendur sínar.

Davíð gekkst við því að hafa átt í átökum við manninn en sagðist ekki hafa átt upptökin að þeim. Hann var engu að síður sakfelldur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás og er það í fimmta skipti frá árinu 2003 sem hann hlýtur dóm fyrir líkamsárás.

### Á fyrirmyndarganginum á Litla-Hrauni

Davíð Smári komst í fréttir sumarið 2007 þegar hann hafði ráðist á dómara í utandeildarleik í fótbolta og ráðist á skemmtikraftinn Sveppa í miðbænum. Þá bað hann dómarann afsökunar í sjónvarpsviðtali og sagðist þurfa að gera eitthvað í sínum málum. Samkvæmt dómnum sem gekk í gær hefur Davíð Smári undanfarið dvalið á svokölluðum fyrirmyndargangi á Litla-Hrauni, verið hjá sálfræðingi og hitt AA-fulltrúa. Hann hefur sagst vilja hætta í afbrotum og var tekið tillit til þess við ákvörðun refsingarinnar.

Réðist á stúlku á Austurvelli:

# Átján mánuðir fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun og til að greiða stúlku 700 þúsund í skaðabætur.

Maðurinn réðst að stúlkunni þar sem hún var að kasta af sér vatni á Austurvelli og stakk fingrum í endaþarm hennar.

Vinur og vinkona stúlkunnar veittu manninum eftirför en hann ók burt á leigubíl. Hann var handtekinn í kjölfarið. Maðurinn sagðist við yfirheyrslur hafa verið að fá útrás fyrir reiði með háttsemi sinni. - jss/ þeb

Tarantini látinn laus:

# Berlusconi bað hann að ljúga

**ÍTALÍA, AP** **Ítalski kaupsýslumaðurinn Giampaolo Tarantini hefur verið látinn laus úr fangelsi, þar sem dómari komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki reynt að kúga fé út úr Silvio Berlusconi forsætisráðherra.**



GIAMPAOLO TARANTINI

**Hins vegar komst dómarinn jafnframt að þeirri niðurstöðu að Berlusconi hefði reynt að fá Tarantini til að ljúga að saksóknurum, og greitt honum fé fyrir.**

**Tarantini hefur viðurkennt að hafa útvegað vændiskonur til að mæta í veislur Berlusconis. Hann var handtekinn vegna gruns um að hann hefði reynt að kúga fé út úr Berlusconi fyrir að þegja um þetta, en nú þykir sem sagt ljóst að Berlusconi hafi að eigin frumkvæði reynt að fá Tarantini til að þegja.** - gb

# Íbúasamtök ósátt við frestun framkvæmda

**Íbúasamtök Kjalarness og Grafarvogs eru ósátt við ákvörðun stjórnvalda um að fresta byggingu Sundabrautar. Líst afar illa á hugmyndina, segir bæjarstjóri Akraness. Almenningssamgöngur verða efldar en Sundabraut frestað í staðinn.**

**SAMGÖNGUR** Formenn íbúasamtaka Kjalarness og Grafarvogs eru afar óánægðir með þá ákvörðun stjórnvalda að fresta framkvæmdum við Sundabraut.

„Þetta var eitt af loforðunum sem okkur voru gefin á sínum tíma. Það er margbúið að sanna að þetta yrði ein arðbærasta framkvæmd landsins,“ segir Elísabet Gísladóttir, formaður Íbúasamtaka Grafarvogs. „Íbúar hafa gert ráð fyrir Sundabraut frá byrjun og það hefur óhemjumikil vinna farið í að skipuleggja hana. Við erum mjög óánægð með þessa ákvörðun.“

Ásgeir Harðarson, formaður Íbúasamtaka Kjalarness, segist skilja ákvörðunina á ákveðinn hátt, þó Sundabraut hafi verið baráttumál Kjalarnesinga í langan tíma.

„Þegar sorpið kom í Álfsnes var það gulrót fyrir Kjalnesinga að Sundabraut kæmi. Síðan hefur umferðin aukist gríðarlega og vegurinn ber hana engan veginn,“ segir Ásgeir. „Hins vegar vonast ég til þess að myndarlegt framlag komi til Kjalarness af þessum milljörðum sem munu fara í almenningssamgöngur. Það er ófremdarástand í þessu og kostar okkur gríðarlega fjármuni að keyra á einkabílum á milli.“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra lýsti því yfir í síðustu viku að öllum stórframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal við Sundabraut, verði frestað í að minnsta kosti fimm ár. Þess í stað muni einn milljarður á ári næstu tíu árin fara í eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.



**UMFERÐARÞUNGI Í REYKJAVÍK** Sundabraut átti meðal annars að létta á umferðarþunga um Vesturlandsveg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Við höfum ekki verið höfð með í ráðum um eitt né neitt.
>
> ÁRNI MÚLI JÓNASSON BÆJARSTJÓRI AKRANESS

Árni Múli Jónasson, bæjarstjóri Akraness, segir íbúa bæjarins fulla efasemda um fyrirætlanir stjórnvalda.

„Við erum mjög óánægð með þetta,“ segir hann. „Við teljum Sundabraut nauðsynlega vegna umferðarþungans sem myndast á veginum. Það er mikilvægt öryggismál að þessi braut verði lögð.“

Árni segir gríðarlega hagsmuni liggja í Sundabraut, bæði fyrir íbúa Akraness og höfuðborgarsvæðisins. Hann efast stórlega um að þingmenn Norðvesturkjördæmis muni samþykkja áform ríkisstjórnarinnar.

„Við höfum ekki verið höfð með í ráðum um eitt né neitt,“ segir hann. „Ef atvinnulíf fer að taka við sér má gera ráð fyrir því að umferð aukist og þá er ótækt að þessi flöskuháls dragi úr því að það gangi hratt og örugglega fram.“ sunna@frettabladid.is



**FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA** Lestin er jafnan notuð til að ferja mjög ung börn. Þeir sem henni stálu hafa líklega verið heldur eldri. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Innbrot í Fjölskyldugarðinn:

# Óku burt á milljóna króna rafmagnslest

**LÖGREGLUMÁL** **Rafmagnsknúinni smálest var stolið úr geymslu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í fyrrinótt og henni ekið út um sundurklippta girðingu. Lögregla fann lestina við leikskóla í grenndinni eftir skamma leit. Hún varð ekki fyrir teljandi skemmdum.**

**Næturvörður hafði séð hóp ungmenna sniglast í garðinum fyrr um nóttina. Þjófarnir eru hins vegar ófundnir.**

**Tómas Óskar Guðjónsson forstöðumaður segir að lestin sé milljóna virði og til allrar hamingju hafi skemmdirnar ekki verið miklar. Ekki hafi verið öryggismyndavélar á þessum stað í garðinum, þar sem þeirra hafi verið talin meiri þörf annars staðar.** - sh

Ók bifreið í Sádi-Arabíu:

# Dæmd til að þola svipuhögg

**SÁDI-ARABÍA, AP** Dómari í Sádi-Arabíu hefur dæmt konu, Shaimu Ghassaniya, til að þola tíu svipuhögg fyrir að hafa ekið bifreið.

Konum er bannað að keyra bíl í Sádi-Arabíu nema með sérstakri undanþágu. Ghassaniya hefur áfrýjað dómnum. - ibs

MÝKIR OG VERNDAR

ERTU VIÐBÚINN FLENSUNNI?

Bragðgóður sítrónudrykkur við kvefi og flensu.




Blandað í heitt vatn
Inniheldur m.a.
C vítamín, Ginseng,
Guarana og Sólhatt

Fæst í apótekum

Enn og aftur kveikt í nýbyggingu við Bergstaðastræti í miðborg Reykjavíkur:

# Íbúarnir orðnir afar skelkaðir

**LÖGREGLUMÁL** Kveikt var í nýbyggingu við Bergstaðastræti 13 í sjötta sinn á stuttum tíma aðfaranótt þriðjudagsins. Ítrekað hafa óprúttnir aðilar komið að byggingunni í skjóli nætur eða snemma að morgni og borið eld að einangrunarplasti í byggingunni, sem hefur staðið ókláruð í rúmt ár.

Íbúar eru orðnir langþreyttir á íkveikjunum og segir Einar Sveinsson, íbúi við Bergstaðastræti 13, að menn séu orðnir uggandi.

„Okkur líst ekkert á þetta og vitum ekkert hvað er í gangi,“ segir hann. „Þetta er orðið alveg fáránlegt og enginn veit hvað þessu fólki gengur til.“

Einar segir bygginguna, sem stendur við suðurhlið Bernhöftsbakarís, hafa verið mjög umdeilda á sínum tíma. Engar framkvæmdir hafi verið við húsið síðan í júní en verktakinn, Mótamenn ehf., hafi sagt að framkvæmdum yrði haldið áfram von bráðar.

„Fólk er orðið afar skelkað um að það sé bara verið að reyna að brenna það inni,“ segir Einar. „Það kemur eitur úr þessu plasti þegar það brennur og íbúðirnar fyllast af sóti og drullu.“

Lögreglan fer með rannsókn málsins. - sv



**NÝBYGGING VIÐ BERGSTAÐASTRÆTI** Kveikt var í einangrunarplasti utan á sökkli á mánudag. Slökkviliðinu gekk vel að ráða niðurlögum eldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# NÁÐU ÞÉR Í NÝJA N1 APPIÐ

**ÞETTA GERIR ÞÚ MEÐ N1 APPINU**

- Kaupir eldsneyti á N1 stöðvum
- Skoðar færslur og punktastöðu
- Skoðar N1 kortatilboð
- Finnur næstu N1 stöð á korti
- Skoðar eldsneytisverðið
- Finnur rétt dekk eftir bílnúmeri

**Fylgstu vel með, það eru fleiri nýjungar í N1 appinu handan við hornið!**

DEKK | LÍFIÐ | TILBOÐ | MITT N1 | ELDSNEYTI | STAÐIR

N1

Appaðu þig í gang

Fíton/SÍA

**GENGIÐ 27.09.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,03 | 118,59 |
| Sterlingspund | 183,43 | 184,33 |
| Evra | 159,37 | 160,27 |
| Dönsk króna | 21,415 | 21,541 |
| Norsk króna | 20,421 | 20,541 |
| Sænsk króna | 17,318 | 17,420 |
| Japanskt jen | 1,5423 | 1,5513 |
| SDR | 184,27 | 185,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

215,3666

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ákvörðun Ísraela um fleiri íbúðir landtökumanna vekur hörð viðbrögð:

# Fleiri steinar í götu viðræðna

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld gáfu í gær út heimild til þess að reisa 1.100 nýjar íbúðir í austurhluta Jerúsalem, borgarhluta sem Ísraelar hertóku árið 1967. Palestínumenn gera tilkall til austurhluta borgarinnar og hyggjast hafa þar höfuðborg sína.

Saeeb Erekat, helsti samningamaður Palestínumanna, fordæmdi þessa ákvörðun þegar í stað og sagði hana fela í sér þvert nei við því að friðarviðræður verði teknar upp á ný.

Ísraelar hafa brugðist við umsókn Palestínumanna um að sjálfstætt Palestínuríki fái aðild að Sameinuðu þjóðunum með því að bjóðast til að taka þátt í friðarviðræðum. Bandaríkjastjórn hefur sömuleiðis hvatt Ísraela og Palestínumenn til að hefja samningaviðræður á ný.

Palestínumenn hafa hins vegar ítrekað neitað að halda áfram viðræðum meðan Ísraelar halda áfram byggingaframkvæmdum á herteknu svæðunum.

Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, segir að byggingarleyfin eigi að afturkalla, enda komi þau í veg fyrir frekari friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna. - gb



**BYGGINGAFRAMKVÆMDIR** Landtökumenn hafa staðið í stórframkvæmdum í Austur-Jerúsalem og fá nú að byggja enn meira. NORDICPHOTOS/AFP

Landað framhjá vigt:

# Ákærðir vegna 1,5 þorsktonna

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir að landa fram hjá vigt nær 1,5 tonnum af þorski.

Öðrum er gefið að sök að hafa ekið með aflann í fjórum fiskikerum án þess að hafa viðkomu hjá hafnarvoginni og að fiskverkun í Reykjanesbæ.

Skipstjóri skipsins sem landað var úr er ákærður fyrir að hafa ekki tryggt að umræddur afli færi á hafnarvogina í Keflavíkurhöfn. - jss





**Á BÓTUM** Úttekt skattayfirvalda leiðir í ljós að tæpur helmingur danskra rokkara þiggur bætur. NORDICPHOTOS/GETTY

Skattyfirvöld í Danmörku:

# Vilja úttekt á bótum rokkara

**DANMÖRK** Félagar í vélhjólaklúbbunum Vítisenglum og Bandidos, svokallaðir „rokkarar“, þáðu um 30 milljónir danskra króna, að jafngildi um 650 milljóna íslenskra, í opinbera framfærsluaðstoð á fyrri helmingi ársins.

Þetta kom fram í frétt BT í gær, en þar segir einnig að 531 af 1.170 skráðum rokkurum hafi þegið einhvers konar bætur umfram 100.000 íslenskar krónur á tímabilinu. Dönsk skattayfirvöld gerðu úttekt á þessum málum og hyggjast í framhaldinu meta möguleika sína til að bregðast við. - þj

## DÓMSMÁL

### Ákærður fyrir ofsaakstur

Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir að aka á 166 kílómetra hraða eftir Siglufjarðarvegi og fyrir að virða ekki stöðvunarskyldu lögreglu í Héðinsfjarðargöngum.

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í blaðinu í gær að Írena Líf Jónsdóttir ætti bestan tíma í Viðeyjarsundi. Heimir Örn Sveinsson synti Viðeyjarsund á tímanum 01:01.18.

# Skoða greiðslur til að jafna launamun

**Starfshópur stjórnvalda á að horfa til aðferða sem stjórnvöld í Noregi og Svíþjóð hafa gripið til í baráttunni gegn launamun kynjanna. BRSB vildi strax samvinnu um greiðslu úr jafnlaunapottum. Eftirspurn eftir jafnlaunaúttekt.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Sérstakur starfshópur, sem ríkisstjórnin skipar í samráði við heildarsamtök ríkisstarfsmanna í kjölfar setningar jafnlaunastaðals, á að fylgja eftir áherslum um að uppræta kynbundinn launamun meðal ríkisstarfsmanna. Starfshópurinn, sem á að skila áfangaskýrslu í upphafi árs 2012 og 2013, á jafnframt að horfa til þeirra aðferða sem stjórnvöld í Noregi og Svíþjóð hafa gripið til í baráttunni gegn launamun kynjanna.

Þetta kemur fram í bréfi sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra rituðu Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni BSRB, í lok maí síðastliðins.

„Við höfðum í aðdraganda kjarasamninganna, farið á fund þessara ráðherra og kynnt fyrir þeim hugmynd SFR sem við tókum í fangið um svokallaða jafnlaunapotta sem eru að norskri fyrirmynd. Úr þeim er greitt til stétta þar sem konur eru að minnsta kosti 60 prósent starfsmanna og launamunur kynjanna mælanlegur. Við reyndum að fá ríkisstjórnina með okkur í vinnu um útfærslu á þessu núna á meðan verið væri að leiðrétta muninn. Við fengum það ekki í gegn. Við fengum hins vegar viljayfirlýsingu um að til viðbótar jafnlaunastaðlinum yrði tekið mið af þeim línum sem verkalýðshreyfingar í Noregi og Svíþjóð hafa lagt.“

Í bréfi ráðherranna til Elínar segir að stjórnvöldum sé ljóst að vinna starfshópsins kunni að leiða til þess að sýnt verði fram á óútskýrðan launamun sem bregðast þurfi við á viðeigandi hátt. „Það þýðir ekkert annað en að það verði að greiða þann mun,“ segir Elín.

Þriggja ára vinnu Staðlaráðs að jafnlaunastaðli er að ljúka og hafa fulltrúar úr starfsmannadeildum stórra fyrirtækja tekið þátt í vinnunni. Með staðlinum er vonast til að markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttislaganna verði náð. Nokkur fyrirtæki hafa þegar lýst yfir áhuga á að taka upp jafnlaunastaðal en samkvæmt honum er verðmæti starfa meðal annars metið, að sögn Hildar Jónsdóttur, sérfræðings stjórnarráðsins í jafnrétti kynja.

Þónokkur fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að fá svokallaða jafnlaunaúttekt hjá PwC, að sögn Elínar Hlífar Helgadóttur ráðgjafa. „Hjá okkur er ekki um starfamat að ræða. Við greinum kynbundinn launamun þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta sem geta haft áhrif. Eftirspurn eftir jafnlaunaúttekt varð talsvert meiri í fyrra en áður. Það virðist sem fyrirtæki séu að taka þessi mál í gegn hjá sér.“

ibs@frettabladid.is



**FORMAÐUR BSRB** Elín Björg Jónsdóttir kynnti í vor svokallaða jafnlaunapotta fyrir stjórnvöldum og vildi samvinnu um útfærslu á greiðslum úr þeim strax. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það virðist sem fyrirtæki séu að taka þessi mál í gegn hjá sér.
>
> **ELÍN HLÍF HELGADÓTTIR** RÁÐGJAFI HJÁ PWC

Utanríkisráðherra til Íslands:

# Störe fundar með Össuri

**UTANRÍKISMÁL** Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, kemur til Íslands á morgun.

Hann mun funda með Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra meðan á heimsókninni stendur. Hann mun einnig hitta utanríkismálanefnd Alþingis.



**JONAS GAHR STØRE**

Utanríkisráðherrarnir tveir munu funda á Akureyri og heimsækja Siglufjörð. Meðal annars munu þeir ræða málefni norðurslóða og Evrópumál auk þess sem þeir taka þátt í ráðstefnu Háskólans á Akureyri. Þá munu þeir opna sýningu um heimskautafarann Fridtjof Nansen. - þeb

Lögum um lífeyrissjóði breytt:

# Kynjahlutföll í stjórnum 2013

**JAFNRÉTTISMÁL** Stjórnir lífeyrissjóða skulu skipaðar fulltrúum af báðum kynjum, og skal hlutur hvors kyns vera að lágmarki 40 prósent í stjórnum með fleiri en þrjá stjórnarmenn, samkvæmt nýlegum lögum sem samþykkt voru á Alþingi.

Lögin taka gildi eftir tæplega tvö ár, 1. september 2013. Samkvæmt upplýsingum frá ASÍ er nú um fimmtungur stjórnarmanna lífeyrissjóða launafólks á almennum markaði konur.

Í hefðbundnum lífeyrissjóðum skipa verkalýðsfélög helming stjórnarmanna en atvinnurekendur hinn helminginn. - bj





## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUTÍÐ** Hver haustlægðin rekur aðra þessa dagana og því er heldur vætusamt þótt stytti stutt upp á milli. Á morgun léttir til A-lands en aðfaranótt föstudags kemur kröpp lægð upp á SV-strönd landsins. Horfur eru á nokkuð stífum vindi S- og SV-til á föstudaginn og rigningu víða.



**Á MORGUN** 3-8 m/s. Hægast austan til.

**FÖSTUDAGUR** 15-20 m/s allra syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 21° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 24° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 21° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 16° |
| París | 26° |
| San Francisco | 27° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




**Nýr Cayenne Diesel**

## Einstök tilfinning
## til afgreiðslu fyrir áramót!

Það er einstök tilfinning að aka og eiga Porsche.

Um næstu áramót munu tollabreytingar eiga sér stað og leiða til hækkunar á bílum.

Getum afgreitt Porsche fyrir þann tíma. Láttu tilfinningarnar ráða,- strax.

Komdu í Porsche salinn og fáðu tilboð.

### Porsche Cayenne Diesel:

| | |
|---|---|
| Co2: | 189 g/km |
| Tog: | 550 Nm |
| Hröðun: | 7,6 sek. 0-100 km/klst. |
| Eyðsla: | 7,2 l /100 km í blönduðum akstri |

PORSCHE INTELLIGENT PERFORMANCE

PORSCHE

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Porsche á Íslandi - Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - porsche@porsche.is - www.porsche.is

KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að taka slátur í haust?*

| | |
|---|---|
| Já | 16,7% |
| Nei | 83,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Vilt þú að Ísland styðji umsókn Palestínu að Sameinuðu þjóðunum?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.

Stjórnandi öryggisvörufyrirtækis segist ekki „kaupa skýringar“ Ríkislögreglustjóra:

# Gat kannað verðið og keypt minna

**STJÓRNSÝSLA** „Ég er ekki að kaupa þessar skýringar Ríkislögreglustjóra,“ segir Björgvin Tómasson, framkvæmdastjóri öryggisvörufyrirtækisins Nortek.

„Ríkislögreglustjóri segir að það hafi ekki unnist tími til útboða en það er hægt að gera verðkannanir – það tekur ekki langan tíma að senda tölvupóst á nokkur fyrirtæki og spyrja um verð og afhendingartíma,“ segir Björgvin sem kveður vissulega mögulegt að önnur fyrirtæki en þau sem getið er í úttekt Ríkisendurskoðunar hafi getað útvegað þann búnað sem keyptur var án útboðs eða verðkannana af fyrirtækjum lögreglumanna eða venslamanna þeirra.

„Ef við hefðum fengið verðfyrirspurn þá hefðum við nú sest niður og gúgglað. Mér finnst það fullódýr skýring að tíminn hafi verið óvinurinn. Auðvitað geri ég mér grein fyrir því að það var tímaleysi en hefði þá ekki mátt gera minni pöntun og kaupa sér tíma? Það er fullt af spurningum sem koma upp í hugann. Ég gerði ekki mér grein fyrir að þetta væri svona,“ segir Björgvin. Nortek hefur að sögn Björgvins boðið lögreglu vörur eins og eiturlyfjaprófanir og áfengismæla. Fleiri fyrirtæki séu á þeim markaði en stundum hafi Nortek náð viðskiptum við lögregluna. Það hafi þó verið fyrir óverulegar upphæðir og að undangengnum verðsamanburði af hálfu lögreglunnar að því er hann best hafi vitað. - gar



**BJÖRGVIN TÓMASSON** Framkvæmdastjóri Norvik segir að Ríkislögreglustjóri hefði getað gert verðsamanburð þótt hann hafi verið í tímaþröng. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina
Grafhýsi stríðsdrottningar
fornleifar varpa ljósi á líf í Kína á 12. öld f.kr.
Sýnd í Odda 101, 29. sept. kl. 17:00
Hádegisfyrirlestur Konfúsíusarstofnunnar og Kínversk íslenska Menningarfélagsins
Arnþór Helgason: Stiklur um samskipti Íslendinga og Kínverja frá 1760 til 2000
Lögberg 102, 30. sept. kl. 13:20
Allir velkomnir
Aðgangur ókeypis
北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is


# Augljóst að bjóða bar út kaup lögreglunnar

**Ríkisendurskoðandi segir lögregluna hafa keypt búnað fyrir 91 milljón króna af fyrirtækjum lögreglumanna eða náinna venslamanna án þess að leita tilboða eða efna til útboða eins og reglur bjóði. Var ekki hægt segir ríkislögreglustjóri.**

**STJÓRNSÝSLA** Viðskipti löggæslustofnana upp á 91,3 milljónir króna við fjögur félög í eigu lögreglumanna eða venslamanna þeirra eru gagnrýnd í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar semu vill að innanríkisráðuneytið segi til um hvort það samrýmist störfum lögreglumanna að eiga eða starfa hjá fyrirtækjum í viðskiptum við löggæslustofnanir.



SVEINN ARASON

Ríkisendurskoðun rannsakaði innkaup lögreglunnar á árunum 2088 og 2011 vegna ábendingar sem barst utan frá. Aðallega er um að ræða kaup á búnaði og vörum á borð við gasgrímur, piparúða, óeirðabúninga og kylfur.

Eitt félagið heitir Trademark ehf. Það er í eigu eiginkonu lögreglumanns hjá ríkislögreglustjóra. Viðskiptin við Trademark námu 39 milljónum.

30,4 milljónir voru greiddar til Landsstjörnunnar ehf. sem er í eigu foreldra manns sem starfaði hjá lögregluni á höfuðborgarsvæðinu þegar stærstur hluti viðskiptanna fór fram.

Félagið Hiss ehf. er í eigu lögreglumanns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Viðskipti Hiss við lögregluna og Lögregluskólann námu samtals 20,8 milljónum. Þá námu ýmis smá viðskipti við félagið Hindrun ehf. 1,1 milljón króna. Hindrun er í eigu eiginkonu yfirlögregluþjóns á Akranesi.

Stærstu innkaupin voru á vegum ríkislögreglustjóra, Lögregluskólans, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og lögreglunnar á Suðurnesjum. Árin 2008 til 2011 námu viðskipti þessara aðila við félögin samtals 82 milljónum króna.

Ríkisendurskoðun segir að í desember 2009 hafi Ríkislögreglustjóri keypt búnað fyrir óeirðalögreglu af Trademark ehf. fyrir 12,9 milljónir króna. Bjóða eigi út innkaup fyrir meira en 6,2 milljónir. Ríkislögreglustjóri hafi skipt viðskiptunum í þrjá hluta og telji því þau ekki útboðsskyld. Ríkisendurskoðun segir hins vegar að samkvæmt lögum um opinber innkaup sé „óheimilt að skipta viðskiptum upp í því skyni að þau verði undir viðmiðunarmörkum útboðsskyldu“.

Því er þannig hafnað að um hafi verið að ræða þrenn viðskipti við Trademark. Allur búnaðurinn sé í sama flokki og teljist því ein vara. „Í samræmi við þetta telur Ríkisendurskoðun augljóst að Ríkislögreglustjóra bar að bjóða kaupin út.“

Í yfirlýsingu frá Ríkislögreglustjóra segir að innkaup á gasi og öðrum óeirðabúnaði fyrir lögregluna hafi verið „skyndiinnkaup vegna neyðarástands sem skapaðist í kjölfar efnahagshrunsins“ og að „ómögulegt“ hafi verið „að láta útboð fara fram undir þeim kringumstæðum sem þá ríktu í þjóðfélaginu“. Haft verið samráð um málið við dómsmálaráðherra.

Fram kemur hjá Ríkisendurskoðun að stofnanir hafi vísað í tilmæli frá ríkislögreglustjóra um val á söluaðilum. Lögregluskólinn hafi í desember 2010 greitt 12,7 milljónir króna fyrir búnað frá Trademark. Meðal annars hafi skólinn keypt sams konar kylfur og ríkislögreglustjóri keypti af fyrirtækinu mánuði fyrr. Skólinn hafi borgað 30 prósentum hærra verð fyrir grímurnar.

gar@frettabladid.is

**Innkaup janúar 2008 - apríl 2011 í þús.kr.**

| | Hindrun ehf. | Hiss ehf. | Landstjarnan ehf. | Trademark ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Ríkislögreglustjóri | 330 | 8.799 | 13.683 | 26.295 |
| Lögregluskóli ríkisins | | 2.348 | 90 | 12.726 |
| Lögreglan á höfuðb.sv. | 137 | 919 | 8.877 | |
| Lögreglustj. á Suðurn. | 224 | 6.079 | 1.447 | |
| Sýslum. á Akranesi | 106 | | | |
| Sýslum. í Borgarnesi | | 654 | | |
| Sýslum. Snæfellinga | 6 | 1.560 | 349 | |
| Sýslum. á Ísafirði | 50 | | 310 | |
| Sýslum. á Blönduósi | | | 129 | |
| Sýslum. á Akureyri | 20 | | 447 | |
| Sýslum. á Húsavík | | | 341 | |
| Sýslum. á Eskifirði | | | 155 | |
| Sýslum. á Hvolsvelli | | 119 | 31 | |
| Fangelsismálastofnun | 91 | 310 | 4.579 | |
| **Samtals** | **1.060** | **20.787** | **30.438** | **39.021** |

**INNKAUP LÖGREGLU Á ÁRUNUM 2008 TIL 2011** Fjögur fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða venslamanna þeirra seldu löggæslustofnunum vörur án útboðs.
TAFLA/RÍKISENDURSKOÐUN


Tölvunámskeið fyrir heldri borgara 60+



»Grunnnámskeið
30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.
Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.
• Hefst 6. okt. og lýkur 27. okt.
Kennt er þriðjud. og fimmtud. kl. 13-16. Verð kr. 25.000,-
»Framhald
30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
• Hefst 5. okt. og lýkur 26. okt.
Kennt er mánud. og miðvikud. kl. 13-16. Verð kr. 25.000,- (kennslubók innifalin)
»Stafrænar myndavélar 60+
Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafrænna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.
• Námskeiðið hefst 1. nóv. og lýkur 10. nóv.
Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 18.000,- (Kennsluhefti innifalið)
PROMENNT
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is





BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


Ríkislögreglustjóri segir lögreglumenn tengda félögum í innflutningi lögregluvara:

# Ávinningur af útboði ólíklegur

**STJÓRNSÝSLA** „Fyrirtæki sem eru umboðsaðilar á Íslandi fyrir búnað til lögreglustarfa eiga það flest sameiginlegt að tengjast starfandi eða fyrrverandi lögreglumönnum með beinum eða óbeinum hætti,“ segir í yfirlýsingu frá Ríkislögreglustjóra. Lög banni ekki stofnunum ríkisins að eiga viðskipti við fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða tengdra aðila.

Að sögn Ríkislögreglustjóra var hluti innkaupa löggæslustofnana árin 2008 til 2011 vegna búnaðar sem getið er í vopnalögum. „Sérstakt leyfi ríkislögreglustjóra þarf til þess að flytja handjárn, kylfur og annan valdbeitingarbúnað til landsins og er búnaðurinn eingöngu heimill til löggæslustarfa. Ríkislögreglustjóri hefur tæmandi yfirlit yfir hverjir hafa slíka heimild og var leitað eftir tilboðum frá þeim aðilum,“ segir í yfirlýsingunni.



HARALDUR JOHANNESSEN

Af 7,8 milljóna króna viðskiptum við félagið Landsstjörnuna sem Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við segir Ríkislögreglustjóri að 4,7 milljónir hafi verið vegna kaupa á ákveðnum tegundum lögreglukylfa. „Vandséð er að samkeppnismarkaður sé til staðar fyrir þær tegundir af kylfum sem lögreglan hefur heimild til notkunar. Því er ólíklegt að útboð hefði leitt til betri niðurstöðu.“

Þá segist Ríkislögreglustjóri ekki gera ágreining um að allar vörurnar í þrennum viðskiptum við félagið Trademark ehf. hafi verið lögregluvörur. Það sé hins vegar áréttað „að um þrenn innkaup hafi verið að ræða á ólíkum vörum sem eiga það eitt sameiginlegt að vera til löggæslustarfa“.

> Vandséð er að samkeppnismarkaður sé til staðar fyrir þær tegundir af kylfum sem lögreglan hefur heimild til notkunar.
> ÚR YFIRLÝSINGU RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Ríkislögreglustjóri bendir á að lögum samkvæmt sé stofnunum ríkisins ekki óheimilt að eiga viðskipti við fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða tengdra aðila. - gar

www.volkswagen.is




Volkswagen Passat EcoFuel
til afhendingar strax

## Volkswagen Passat ber höfuð og herðar yfir aðra bíla

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin er sérhönnuð fyrir nýtingu á metangasi með fullri verksmiðjuábyrgð og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.



Félag íslenskra bílablaðamanna hefur valið Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi.

Passat kostar aðeins frá

**4.290.000 kr.**

Das Auto.

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

**Reynslan er góð!**

HEKLA

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvert á hálendinu vill Neyðarlínan leggja ljósleiðara og rafstreng?*

2 *Hvert hyggst söngkonan Jóhanna Guðrún Jónsdóttir flytja með unnusta sínum?*

3 *Hvað heitir sérfræðingur stjórnarráðsins í jafnrétti kynja?*

**SVÖR**

**3.** *Hildur Jónsdóttir.*
**1.** *Í Veiðivötn og á Snjóöldu.* **2.** *Til Noregs.*

Umdeildri vegagerð gegnum þjóðgarð á Amasonsvæðum Bólivíu frestað:

# Mótmælendur höfðu betur

**BÓLIVÍA, AP** Evo Morales, forseti Bólivíu, ákvað á mánudag að fresta framkvæmdum við þjóðveg sem leggja átti þvert yfir þjóðgarð og sjálfstjórnarsvæði frumbyggja.

Fjölmenn mótmæli hafa verið gegn þessari fyrirhuguðu vegagerð síðan um miðjan ágúst. Til átaka hefur komið milli mótmælenda og lögreglu, en á sunnudag og mánudag hljóp mikil harka í þau átök.

Á sunnudag ákvað lögreglan að stöðva mótmælasamkomu og handtók fjölmarga mótmælendur. Á mánudag lokuðu mótmælendur síðan bæði vegum og flugvelli til að koma í veg fyrir að lögreglan færi með fanga burt af svæðinu.



**EVO MORALES** Forseti Bólivíu segist harma hversu mikil harka hefur færst í mótmælin. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan ákvað þá að láta hundruð handtekinna mótmælenda lausa.

Fáeinum klukkustundum síðar kom tilkynningin frá Morales forseta um að framkvæmdum yrði frestað. Hann sagðist jafnframt ekki hafa átt neinn hlut að ákvörðun lögreglunnar um að leysa upp mótmælin á mánudag og harmaði hvaða stefnu málið hafði tekið.

Vegurinn átti að auðvelda samgöngur milli tveggja mikilvægra svæða í landinu, í von um að það verði til að styrkja efnahagslíf landsins. **- gb**

Rúmlega fertugur ákærður:

# Réðst á sambýliskonu sína

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás.

Manninum er gefið að sök að hafa ráðist á þáverandi sambýliskonu sína á heimili þeirra á Akureyri, gripið í föt hennar, ýtt henni upp að vegg og slegið hana í andlitið þannig að hún féll í gólfið og síðan sparkað í hana. Atvikið átti sér stað í febrúar.

Konan slasaðist, hlaut mar og bólgu á kinnbeini og æð sprakk í auga. Hún krefst hálfrar milljónar í miskabætur. **- jss**

# Iðnaðarráðherra sakar SA um lygar og flokkapólitík

**Iðnaðarráðherra segir forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins blindaða af flokkshagsmunum. Þeir geti ekki unað því að eiga ekki handbendi innan ríkisstjórnar. Yfirlýsingar um framkvæmdaleysi séu hrein ósannindi.**

**STJÓRNMÁL** „Það er ekki hægt að sitja undir þessu lengur, þegar maður er í góðri trú og góðri samvinnu við aðila á vinnumarkaði um góð mál til uppbyggingar í samfélaginu, að sitja linnulaust undir svona árásum frá þeim," segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra um ásakanir forsvarsmanna Samtaka atvinnulífsins (SA) um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar.

Vilmundur Jósefsson, formaður SA, sagði á fundi samtakanna í gær að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við eigin yfirlýsingar í tengslum við stöðugleikasáttmálann og því væri henni ekki treystandi lengur.

Katrín segir forsvarsmenn SA aldrei hafa lagst jafn lágt og með þessum ummælum sínum. „Þegar formaður SA heldur því fram að ekki hafi verið staðið við neitt í yfirlýsingu okkar frá því í vor, í tengslum við kjarasamning, þá eru það hrein og klár ósannindi og hann veit það vel."

Katrín segir öll verkefni umræddrar yfirlýsingar ýmist vera í framkvæmd eða lokið, að undanskildum ákveðnum vegaframkvæmdum, en mótmælalistar vegna vegtolla hafi tafið þær.

Hún bendir á að framkvæmdir séu í gangi í fjórum virkjunum sem samanlagt muni framleiða 345 megavött af orku. Það jafngildi hálfri Kárahnjúkavirkjun, en framleiðslugeta hennar nemur 690 MW.

Virkjanirnar sem Katrín vísar til eru Búðarhálsvirkjun (80 MW) sem sé komin í framkvæmd, fimmti áfangi Hellisheiðarvirkjunar (85 MW) sem verði tekinn í gagnið um helgina og virkjanir við Bjarnarflag (90 MW) og Þeistareyki (90 MW), en búið sé að bjóða út hönnun á mannvirkjum við þær virkjanir.

„Það hentar þeim [forsvarsmönnum SA] ekki að sjá þessar staðreyndir vegna þess að þeir eru komnir á bólakaf í flokkapólitík. Þeir geta ekki unað því að eiga ekki lengur nein handbendi inni í ríkisstjórn."

Katrín segir forsvarsmenn SA blindaða af flokkapólitík og geta ekki tínt til það sem þó er verið að gera. „Það getur ekki þjónað hagsmunum þeirra umbjóðenda, ég bara trúi því ekki. Við í iðnaðarráðuneytinu erum í mjög góðu samstarfi við ýmis aðildarsamtök þeirra að miklum framfaramálum. Ég trúi því ekki að þeir hafi talað í þeirra nafni." **kolbeinn@frettabladid.is**



**ÓSÁTT** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins fara með ósannindi um framkvæmdaleysi ríkisstjórnarinnar. Það geri þeir gegn betri vitund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**BOLUNGARVÍKURGÖNG** Svipað margir fara um göngin á virkum dögum og fóru um Óshlíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umferðin meiri um helgar:

# Fleiri um göngin en Óshlíðina

**SAMGÖNGUR** 828 bílar hafa farið um Bolungarvíkurgöngin hvern dag á þessu ári að meðaltali. Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar.

Umferðin um göngin er tveimur prósentum meiri en um Óshlíðarveg á sama tímabili í fyrra, áður en göngin voru opnuð. Umferðin dróst lítillega saman á virkum dögum milli ára, um 0,2 prósent. Hún jókst hins vegar um níu prósent um helgar. Það telur Vegagerðin glögg merki um að atvinnutengd umferð standi í stað en umferð í einkaerindum og umferð ferðamanna fari vaxandi. **- þeb**






ÁTVR var óheimilt að brjóta gegn atvinnufrelsi:

# Máttu ekki neita að selja Heilagan papa

**STJÓRNSÝSLA** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) var óheimilt að neita að taka bjórtegund í sölu vegna trúarlegra skírskotana á umbúðum, samkvæmt áliti umboðsmanns Alþingis.

Brugghúsið Ölvisholt ætlaði að selja páskabjórinn Heilagan papa síðastliðið vor, en ÁTVR neitaði að taka bjórinn í sölu þar sem forsvarsmenn verslunarinnar töldu trúarvísanir á umbúðum bjórsins brjóta í bága við almennt velsæmi. Á umbúðunum er mynd af krjúpandi munki með kross í hendi.

Umboðsmaður Alþingis telur að ÁTVR hafi ekki haft heimild til að brjóta gegn tjáningar- og atvinnufrelsi bjórframleiðandans með því að neita að selja bjórinn.

Jón E. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Ölvisholts, segir tjónið af því að skipta um merkimiða á bjórflöskunum hafa numið nokkrum milljónum króna.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir álit umboðsmanns snúast um lögin eins og þau hafi verið þegar málið hafi komið upp. Síðan þá hafi lögin breyst, og ÁTVR hafi skýrari heimildir í nýju lögunum. Hún vildi þó ekki segja til um hvort bjór í sömu eða sambærilegum umbúðum yrði hafnað á nýjan leik, en sagði hvert tilvik skoðað.



**UMDEILDUR MUNKUR** Tjón brugghússins Ölvisholts vegna ákvörðunar ÁTVR um páskabjórinn Heilagan papa nam nokkrum milljónum króna.

> Það er í raun ótrúlegt hvernig ÁTVR tekur sér einhliða vald til að setja reglur án þess að hafa til þess nokkrar heimildir.
>
> **ÁRNI HELGASON**
> LÖGMAÐUR ÖLVISHOLTS

„Það er í raun ótrúlegt hvernig ÁTVR tekur sér einhliða vald til að setja reglur án þess að hafa til þess nokkrar heimildir," segir Árni Helgason, lögmaður Ölvisholts. Hann segir nýju lögin í raun festa þetta fyrirkomulag í sessi.

Hann segir að það veki spurningar hvaða sérfræðinga ÁTVR ætli að hafa við störf til að meta hvaða umbúðir geti sært velsæmi ákveðinna þjóðfélagshópa. **- bj**


„Enga verðtryggingu, takk.“
Tinna Björk Baldvinsdóttir, 38 ára.
Nú getur þú tekið óverðtryggt íbúðalán til 25 eða 40 ára með föstum 6,45% vöxtum til fimm ára.
Kynntu þér málið á arionbanki.is.
Hvað skiptir þig máli?
arionbanki.is – 444 7000
Arion banki

# TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA
EIGIN FRAMTÍÐ



LYKILÞÆTTIR
ÞJÓNUSTU
– MARKVISS LEIÐ

NÝ HAGNÝT NÁMSKEIÐSLÍNA

MEÐAL VIÐFANGSEFNA:

ÞJÓNUSTUFRÆÐI – FERLAR – SIÐFERÐI

SJÁLFSTRAUST -
SAMSKIPTAHÆFNI - VINNUGLEÐI

MARKVISS VINNUBRÖGÐ -
FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

KENNT ER Í ÞREMUR LOTUM
Í OKTÓBER TIL DESEMBER

ENGIN INNTÖKUSKILYRÐI

UMSÓKNARFRESTUR TIL 29. SEPTEMBER

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar:
sími 525 4444 endurmenntun.is




Sjúkratryggingar Íslands hafa tekið upp rafræna miðlun upplýsinga:

# Mun tengja öll apótek fyrir árslok

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa hafið rafræna miðlun upplýsinga um réttindastöðu sjúklinga til almennings og veitenda heilbrigðisþjónustu. Er þar meðal annars átt við lækna og apóteka, bæði í gegnum þjónustugáttir stofnunarinnar og með rafrænni tengingu.

Veitendur heilbrigðisþjónustu geta nú nálgast upplýsingar rafrænt til að ákvarða rétta kostnaðarþátttöku sjúklinga án frekari staðfestinga eða framvísunar á afsláttarskírteinum. Á sama tíma getur almenningur skoðað eigin réttindi, sótt afsláttarkort og skoðað reikningsyfirlit og endurgreiðslur vegna heilbrigðisþjónustu.

Upplýsingum um réttindastöðu vegna læknisþjónustu er miðlað til heilbrigðisstofnana með beinum rafrænum samskiptum við upplýsingakerfi og í þjónustusíðu SÍ, www.sjukra.is.

Meðal annars er hægt að komast að því hvort sjúklingur sé sjúkratryggður eða ekki, hvort hann greiði sem öryrki og hvort hann sé með afsláttarkort.

Rafrænni tengingu hefur verið komið á við afgreiðslukerfi 43 apóteka af þeim 63 sem starfrækt eru á landinu og er áætlað að síðustu apótekin tengist fyrir árslok. **- sv**



**APÓTEK** Rafrænni tengingu hefur verið komið á við afgreiðslukerfi 43 apóteka í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**RÆÐAST VIÐ** Angela Merkel og Georg Papandreú á fundi í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Papandreú biðlar til þýskra stjórnvalda

**Veruleg óvissa er enn um afdrif bæði nýrra og eldri aðgerða til bjargar bæði evrunni og efnahag Grikklands. Forsætisráðherra Grikklands lofar því að Grikkir muni standa við skuldbindingar sínar, fái þeir frekari aðstoð.**

**ÞÝSKALAND, AP** „Ég ábyrgist það að Grikkland mun standa við allar sínar skuldbindingar,“ sagði Georg Papandreú, forsætisráðherra Grikklands, nýkominn til Berlínar í gærmorgun til að ræða við Angelu Merkel Þýskalandskanslara.

Papandreú var þangað kominn til að leggja áherslu á nauðsyn þess að Þjóðverjar aðstoði Grikkland. Hann átti meðal annars fund með þýskum atvinnurekendum og bað þá sérstaklega um að standa við bakið á Grikkjum.

Frekari neyðaraðstoð við Grikki er nú í undirbúningi, bæði hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusambandinu, til viðbótar þeirri aðstoð sem þegar hefur verið samþykkt en virðist ekki ætla að duga til að bjarga Grikkjum úr skuldavanda.

Þá er G20-ríkjahópurinn með lausn í smíðum, sem til stendur að afgreiða á leiðtogafundi þessara 20 helstu hagkerfa heims í byrjun nóvember. Meðal annars hafa þar verið ræddar hugmyndir um að afskrifa helminginn af skuldum Grikkja. Einnig eru hugmyndir um að Evrópusambandið efli neyðarsjóð sinn, líklega með því að gera honum kleift að taka lán hjá Seðlabanka Evrópusambandsins þannig að sjóðurinn fái allt að 2.000 milljarða evra til umráða – án þess að þurfa að auka framlög aðildarríkjanna enn frekar til sjóðsins.

Óvissa er enn um afdrif fyrri björgunaraðgerða. Til dæmis hafa hvorki finnska né hollenska þingið enn samþykkt stækkun neyðarsjóðs Evrópusambandsins, en veruleg andstaða hefur verið við þau áform á þingum beggja þessara landa.

Þá hafa AGS og EBS frestað næstu greiðslu til Grikkja, sem á að nema átta milljörðum evra, vegna óvissu um að Grikkir geti staðið við þau aðhaldsáform, sem þeir hafa boðað. Grikkir þurfa hins vegar nauðsynlega á þessum átta milljörðum að halda fyrir miðjan október til þess að geta greitt afborganir af lánum og laun til ríkisstarfsmanna.

Í gær skýrði Evangelos Venizelos, fjármálaráðherra Grikklands, frá því að fulltrúar frá AGS og EBS kæmu til Grikklands í næstu viku til að fara yfir stöðuna, og er búist við að þá verði tekin ákvörðun um að Grikkir fái þetta fé.

Í gær samþykkti gríska þingið nýjan og umdeildan eignaskatt, sem er partur af nýjustu aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar. Eignaskatturinn verður innheimtur með rafmagnsreikningum, sem gerir það að verkum að hægt verður að loka fyrir rafmagnið hjá þeim sem ekki hafa greitt skattinn.

**gudsteinn@frettabladid.is**

Tvær stúlkur hlutu um helgina verðlaun fyrir besta árangur á sveinsprófum:

# Dúxuðu á öllum hlutum prófanna

**FÓLK** Ágústa Ýr Sveinsdóttir rafvirki og Sylvía Dagsdóttir rafeindavirki hlutu um helgina verðlaun fyrir besta árangur á öllum hlutum sveinsprófa í rafvirkjun og rafeindavirkjun.

Þetta er í fyrsta skipti í sögu rafiðnaðarins sem tvær konur ná bestum árangri á öllum hlutum sveinsprófanna í bæði rafvirkjun og rafeindavirkjun á sama tíma.

Í tilkynningu frá Rafiðnaðarsambandi Íslands segir að þetta sanni að rafiðngreinar höfði ekki síður til kvenna en karla og fagnar sambandið því að áhugi kvenna hafi aukist á undanförnum árum.

Þá hafa launakannanir sambandsins sýnt að rafkonur, þær konur sem hafa sveinsbréf í rafiðngreinum, hafa verið með hærri meðaldagvinnulaun en rafkarlar.

Á síðasta ári var munurinn rúm tíu prósent og er þá búið að taka tillit til þess að karlar unnu tvöfalt meiri yfirvinnu en konur á tímabilinu. Þá vonar sambandið að árangur þessara ungu kvenna verði hvatning fyrir ungt fólk að kynna sér rafiðnnám.



**DÚXARNIR** Ágúst Ýr Sveinsdóttir rafvirki og Sylvía Dagsdóttir rafeindavirki fengu viðurkenningu fyrri námsárangur.







sælkeraborð
HAGKAUPS
kringlunni

**Ný sending:**
Emmentaler
Gruyere
Applewood
Fourme d´Ambert
San Simon
Manchego
Saint Albray
Owe Jong

## Stórglæsilegt ostaborð. Ný sending af ostum og sælkeraáleggi frá Ítalíu og Spáni.

*Dómhildur Sigfúsdóttir ostasérfræðingur tekur vel á móti þér*










Ostar fyrir öll tilefni • Brauð og bakkelsi • Ostakökusneiðar

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð






Tveir ungir menn réðust á innflytjendur í Svíþjóð:

# Til stuðnings Breivik

**SVÍÞJÓÐ** Tveir menn hafa verið ákærðir fyrir hatursglæpi og morðtilraunir í Svíþjóð. Þeir eru taldir hafa reynt að myrða tvo innflytjendur í Västerås í Svíþjóð til stuðnings við aðgerðir hryðjuverkamansins Anders Behring Breivik í Noregi.

Mennirnir eru 25 og 26 ára. Fórnarlömbin í málinu eru bæði frá suðurhluta Asíu og særðust lífshættulega. Annað fórnarlambanna svaf á bekk þegar ráðist var á það, fjórum dögum eftir árásirnar í Noregi. Tveimur dögum síðar var ráðist á annan mann og hann stunginn þar sem hann bar út póst.

Samkvæmt lögregluskýrslum öskraði annar mannanna á annað fórnarlamb sitt að það ætti að „fara heim“ og teiknaði hakakross á tösku þess. Í skýrslum kemur einnig fram að þeir hafi sent sín á milli skilaboð þar sem ódæðisverkum Breiviks var hælt. Þá sýni tölvur að þeir hafi farið inn á síður tileinkaðar kynþáttahatri fyrir fyrri árásina.

Mennirnir voru handteknir skömmu eftir seinni árásina en neita báðir sök. **- þeb**



**NEFNDIRNAR KYNNTAR** Nefndarmenn sátu fyrir svörum á blaðamannafundi í gær, ásamt forseta og starfsmönnum Alþingis. Sigurður situr Ástu Ragnheiði á vinstri hönd og Sigríður á þá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Rannsaka ÍLS og fall sparisjóðanna

**Tvær rannsóknarnefndir Alþingis hafa tekið til starfa. Fall sparisjóðanna er verkefni annarrar en hin rannsakar starfsemi Íbúðalánasjóðs. Þær starfa á grundvelli nýrra laga um rannsóknarnefndir.**

**ALÞINGI** Rannsókn er hafin á málefnum Íbúðalánasjóðs annars vegar og aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna hins vegar. Sitthvor rannsóknarnefndin hefur verið skipuð um málin. Sigurður Hallur Stefánsson, fyrrverandi héraðsdómari, er formaður rannsóknarnefndar um Íbúðalánasjóð, en Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari leiðir rannsóknina um sparisjóðina.

Nefndirnar starfa á grundvelli laga um rannsóknarnefndir sem Alþingi samþykkti í júní. Samkvæmt þeim eru rannsóknarnefndirnar óháðar fyrirmælum frá öðrum í störfum sínum, þar með talið Alþingi. Þá er þeim í sjálfsvald sett hvaða upplýsingar verða gerðar opinberar um störf þeirra og eins hvernig aðgangi að þeim gögnum sem þær afla verður háttað.

Þetta gefur nefndunum vald til að birta gögn sem að öðru jöfnu gildir bankaleynd um og eins að halda opna fundi um rannsóknarefnin.

Meðal rannsóknarefna varðandi Íbúðalánasjóð, sem finna má í þingsályktunartillögu, er að finna viðbrögð sjóðsins við aukinni samkeppni banka um íbúðarlán. Þá verður hækkað lánshlutfall úr 80 í 90 prósent rannsakað, sem og hækkuð hámarkslán, auk ýmissa fleiri viðfangsefna.

Ragnheiður Ásta Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði á blaðamannafundi í gær að nefndin ætti einnig að meta hvernig Íbúðalánasjóður hefði staðið undir því lögbundna hlutverki sínu að vera velferðarstofnun.

Rannsóknarnefnd um sparisjóði á að varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika sjóðanna. Fjármögnun þeirra og útlánastefna verður skoðuð, eignarhald og aukið stofnfé, svo sitthvað sé nefnt. Þá ber nefndinni að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna.

Ásta Ragnheiður sagði á fundinum að vel mætti vera að skipa hefði átt þessar rannsóknarnefndir fyrr, en lagaramminn utan um þær hefði ekki verið tilbúinn fyrr en í sumar. Nefndirnar hafa þegar tekið til starfa.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd

Breytingar verða á nefndaskipan Alþingis á nýju þingi og þeim fækkar úr tólf í átta. Ný nefnd tekur til starfa, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, en hennar hlutverk er meðal annars að gera tillögu til Alþingis um hvenær rétt sé að skipa rannsóknarnefndir. Þá fjallar hún um skýrslur slíkra nefnda, meðal annars þeirra tveggja sem tekið hafa til starfa.

Önnur verkefni nefndarinnar eru tvíþætt. Annars vegar þau er lúta að stjórnarskrármálum, málefnum forseta Íslands, Alþingis, kosningamálum og málefnum Stjórnarráðsins. Hins vegar málefni sem nefndin tekur upp að eigin frumkvæði og lúta að athugunum á verklagi ráðherra.


















12. alþjóðlegi

# SkólaMjólkurdagurinn

28. september 2011

# Holl mjólk



**Mjólk er góð!**

## hraustir krakkar




**Í dag er alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn haldinn hátíðlegur í tólfta sinn. Í tilefni dagsins býður Mjólkursamsalan öllum 70.000 grunn- og leikskólabörnum landsins upp á mjólk í skólunum og má reikna með að þar verði drukknir 16.000 lítrar af mjólk. Með deginum vill íslenskur mjólkuriðnaður vekja athygli barna, foreldra og starfsfólks skólanna á mikilvægi mjólkur í fæði barnanna.**

Mjólk er mjög próteinrík og auk þess mikilvæg uppspretta 11 lífsnauðsynlegra vítamína og steinefna í fæðunni. Sérstaða mjólkur felst þó fyrst og fremst í því hve góður kalkgjafi hún er en kalk er mjög mikilvægt fyrir byggingu beina. Vart er hægt að hugsa sér betri og næringarríkari drykk en mjólk til að gefa börnum og unglingum og full ástæða til að hvetja þau til að auka mjólkurneyslu sína.








ENNEMM / SIA / NM48220

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögreglan verður að vera hafin yfir grun um frændhygli í innkaupum.

## Löggæzlan gæti vel að lögunum

Ábending Ríkisendurskoðunar um innkaup löggæzlustofnana, sem birt var í gær, er grafalvarlegt mál fyrir embætti ríkislögreglustjóra og einstök lögregluembætti.

Þar kemur fram að löggæzlustofnanir hafi án útboðs keypt búnað fyrir háar fjárhæðir af fyrirtækjum í eigu starfandi lögreglumanna eða náinna ættingja þeirra. Í ýmsum tilvikum telur Ríkisendurskoðun að legið hafi í augum uppi að viðskiptin væru útboðsskyld. Í einu tilviki, þar sem um var að ræða kaup á piparúða og óeirðagasi, fellst stofnunin á þá skýringu Ríkislögreglustjórans að aðeins einn aðili á Íslandi hafi haft slíka vöru í boði á þeim tíma. Framkvæmdastjóri keppinautar fyrirtækisins sem í hlut átti ber hins vegar brigður á skýringarnar í Fréttablaðinu í dag og segist líkast til hafa getað útvegað vöruna ef til hans hefði verið leitað.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í öðrum tilvikum telur Ríkisendurskoðun að klárlega hefði átt að bjóða viðskiptin út. Margt stingur í augu í skýrslu stofnunarinnar, til dæmis að Lögregluskólinn hafi án útboðs keypt sams konar búnað og Ríkislögreglustjóri hafði keypt skömmu áður, en borgað 30% hærra verð fyrir.

Ríkislögreglustjóraembættið bendir á að sum innkaupin sem um ræðir hafi verið vegna þess neyðarástands sem skapaðist vegna efnahagshrunsins. Þá sé markaðurinn fyrir lögreglubúnað á Íslandi agnarsmár og flest fyrirtækin sem á honum starfa tengd fyrrverandi eða núverandi lögreglumönnum.

Það er ekkert við það að athuga að menn sem hættir eru störfum í lögreglunni nýti reynslu sína í þeim bransa. En það orkar tvímælis, svo ekki sé meira sagt, að starfandi lögreglumenn eigi eða starfi hjá fyrirtækjum sem selja lögreglunni búnað, og það án útboðs. Ríkisendurskoðun segir innanríkisráðuneytið verða að taka afstöðu til þess hvort slíkt samræmist störfum lögreglumanna. Liggur ekki í augum uppi að það gerir það hreint ekki? Það getur heldur ekki gengið að embætti ríkislögreglustjórans mælist sérstaklega til þess við önnur lögregluembætti að þau beini viðskiptum sínum til fyrirtækja sem þannig háttar til um, eins og fram kemur í ábendingunni.

Varðandi hin rökin, að um viðbrögð við neyðarástandi hafi verið að ræða, er auðvitað rétt að í störfum lögreglunnar getur slíkt ástand komið upp. Þeim mun meiri ástæða er þá til að búa þannig um hnúta að komi slíkar aðstæður upp eigi lögreglan fleiri kosti en að verzla við fyrirtæki í eigu lögreglumanna eða ættingja þeirra.

Það ástand sem lýst er í ábendingu Ríkisendurskoðunar býður heim ásökunum um frændhygli, sem er ein tegund af spillingu. Löggæzlustofnanir – sem samkvæmt orðanna hljóðan hafa það hlutverk að gæta þess að lögum sé fylgt – verða að vera hafnar yfir allan grun um slíkt og fylgja lögum um opinber útboð í einu og öllu. Ríkislögreglustjórinn og innanríkisráðherra eiga að beita sér fyrir því að öllum vafa sé eytt í þessu efni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Í dag er magnaður miðvikudagur! Fylgstu með tilboðunum

Síminn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þekkingarskorturinn

Til eru þeir menn sem meta þekkinguna ofar öllu og taka ekki ákvörðun um neitt án þess að kynna sér málin til hlítar. Slíkur maður er Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, greinilega. Hann vill ekki blanda sér í erjur Ísraela og Palestínumanna því hans skoðun er sú að Íslendingar hafi afskaplega takmarkaða þekkingu og getu til þess. Þetta er lofsvert viðhorf, menn eiga ekki að vera að blanda sér í málefni sem þeir þekkja ekki. Það dytti Bjarna ekki í hug.



### Sérfræðingurinn Bjarni

Bjarni virðist þó sérfræðingur í málefnum Líbíu, Afganistans og Íraks, svo eitthvað sé nefnt. Hann hefur í það minnsta ekki átt í neinum vandræðum með að styðja hernaðaraðgerðir í þessum ríkjum. Þó er möguleiki að afstaða Bjarna komi þekkingu, eða skorti á henni, ekkert við. Kannski býr hann þá skoðun sem hann telur henta formanni Sjálfstæðisflokksins í þennan miður heppilega búning.



### Ef úrræðin hefðu verið til

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, var spurð að því á blaðamannafundi í gær hvers vegna ekki hefði fyrr verið skipuð rannsóknarnefnd um fall sparisjóðanna; þrjú ár væru síðan sumir þeirra féllu. Ásta Ragnheiður sagði að fyrr hefðu ekki verið til lög um rannsóknarnefndir. Ansans. Bara ef Alþingi hefði haft einhver úrræði til að setja slík lög fyrr. Það hefði reyndar kallað á að frumvarpið hefði þurft að koma fyrr fram, en samt.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Viljum við enn vera í skotgröfum?

Stjórnmál



Valgerður Bjarnadóttir
alþingismaður

Það vakti undrun mína á Alþingi hinn 16. september að Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkvæði gegn því að skipuð yrði nefnd þingmanna til að vinna að þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Ekki var alveg auðvelt að skilja röksemdirnar fyrir því. Helst var að skilja að annars vegar væri heimurinn flóknari en hann hefði verið og hins vegar væru aðildin að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin hornsteinar að öryggis- og varnarmálastefnu Íslands.

Sú sem þetta skrifar er hjartanlega sammála þingmönnum Sjálfstæðisflokksins að þessu leyti – leiðirnar skilja þegar kemur að aðild Íslands að Evrópusambandinu. Einmitt vegna þess að heimurinn hefur breyst er rétt að freista þess að ná samstöðu um hvernig þjóðaröryggi verði best tryggt í framtíðinni.

Öryggi landsins er ekki lengur aðeins ógnað af hugsanlegum hernaðarátökum heldur einnig mengun, netárásum og tölvuglæpum, alþjóðlegri glæpastarfsemi og hryðjuverkum. Sú staðreynd að þessi málefni heyra ekki öll undir utanríkisráðuneytið breytir því ekki að horfast þarf í augu við þau og takast á við þau.

Það er sannast segja léleg afsökun þess stjórnmálaflokks sem hafði forystu í utanríkismálum fram á síðustu ár að vilja ekki takast á við verkefnið vegna verkaskiptingar í stjórnarráðinu. Þingmenn eiga að horfa framhjá tækniatriðum af þessu tagi þegar þeir takast á við viðamikil verkefni eins og mótun þjóðaröryggisstefnu.

Framsögumanni Sjálfstæðisflokksins um málið á Alþingi finnst of lítið gert úr hernaðarvá á norðurslóðum. Auðvitað er nauðsynlegt að halda vöku sinni að því leyti. Sú vakt má hins vegar ekki verða til þess að við skoðum ekki hlutina í hinu stóra samhengi og lítum til allra þeirra þátta sem nú á tímum geta ógnað öryggi okkar.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar kvarta gjarnan undan skorti á samráði. Það skýtur því skökku við, þykir mér, að greiða atkvæði gegn því að samráð verði á milli stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi um þjóðaröryggisstefnu landsins. En kannski vilja sjálfstæðismenn endurlífga þann skotgrafahernað sem ríkti í utanríkismálum á dögum kalda stríðsins.

Við hin höfðum vonað að hægt væri að varða veginn fram á við í þessum efnum þó að ekki verði allir sammála um alla hluti. Sannarlega vona ég að sjálfstæðismenn taki þátt í samráðinu þó að þeir telji það óþarft.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að skotgrafahernaður sé enn á óskalista einhverra.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# RÚV og Ríkisútvarp

Ríkisútvarpið

Svanhildur Kaaber
formaður stjórnar RÚV



Að undanförnu hafa margir tekið eftir því að núorðið er jafnan vísað til Ríkisútvarpsins með skammstöfuninni RÚV í kynningu á efni í miðlum félagsins, á vefsíðu þess og víðar. Þetta ræða menn og telja sumir að verið sé að útrýma hugtakinu Ríkisútvarp. Það er mikill misskilningur enda sjá og heyra glöggir notendur miðla RÚV að ekki er öllu dagskrárgerðarfólki þetta nýmæli tamt og það notar þá að sjálfsögðu það hugtak sem því fellur betur. Vangaveltur um nafngiftina komu meðal annars fram í pistli Eiðs Guðnasonar nýlega, en hann telur útvarpsstjóra hafa staðið einan að þessari breytingu.

Nú er rétt að útskýra fyrir þeim sem velta þessu fyrir sér að þessi hógværa breyting er gerð að vandlega yfirveguðu ráði. Um langt skeið hafði ríkt talsverð ósamkvæmni og ruglingur í því hvernig fjallað var um Ríkisútvarpið og miðla þess, hljóðvarpið (sem hefur tvær rásir), sjónvarpið og vefinn bæði í RÚV og öðrum miðlum. Mikill ruglingur var á notkun hugtakanna „útvarp“, „hljóðvarp“ og „sjónvarp“ og fólk vísaði t.d. gjarna til „gufunnar“ eða jafnvel „gömlu gufunnar“ hvort sem rætt var um efni í hljóðvarpi eða sjónvarpi. Vissulega á kært barn mörg nöfn – en þetta þótti óheppilegt. Að auki var þó nokkur vandræðagangur á notkun þeirra myndrænu kennimerkja sem tákna þessa ólíku miðla en slíkt þykir ekki gott í nútíma fyrirtæki – þótt gamalt sé og gróið. Til þess að komast að því hvernig þjóðin, eigendur RÚV, notuðu þessi hugtök voru gerðar þrjár Capacent/Gallup kannanir í september og október 2010. Þar kom í ljós að yfirgnæfandi meirihluti svarenda notaði samheitið „RÚV“ fyrir bæði sjónvarp og útvarp. Þegar spurt var t.d. „Á hvaða sjónvarpsstöð er Kastljósið?” svaraði tæplega 90% „RÚV“ – og þegar spurt var um kennimerki sjónvarpsins tengdu langflestir það við RÚV í heild en fáir við sjónvarpið sérstaklega. Þessar niðurstöður voru ræddar í þaula á fundum bæði stjórnar og starfsmanna og niðurstaðan var sú að nota í næstu framtíð hugtakið RÚV fyrir alla miðla Ríkisútvarpsins og laga framsetninguna þannig að almennri málnotkun þjóðarinnar. Stjórn RÚV fól útvarpsstjóra að fylgja þessari ákvörðun eftir.

Það er því ekki við útvarpsstjóra einan að sakast heldur þjóðina sjálfa samkvæmt niðurstöðu Gallupkönnunarinnar, mikinn meirihluta starfsmannanna og einróma niðurstöðu stjórnarinnar. Auk þessa má benda á að allir ríkisfjölmiðlar í Evrópu nota skammstafanir af þessu tagi og aðgreina síðan ólíka miðla sína, t.d. með tölum líka, eins og þeir þekkja sem fylgjast með erlendum sjónvarps- og hljóðvarpsrásum.

Í pistli Eiðs Guðnasonar var m.a. bent á að ekkert finnst þegar leitað er eftir orðinu Ríkisútvarp á ja.is. Þessi ábending er vel þegin, og sú handvömm verður leiðrétt nú þegar. Pistill hans er einnig gott tilefni til að minna á það frábæra starf sem sinnt er í RÚV þrátt fyrir ýmsar hremmingar á síðustu árum. Þar er sannarlega leitast við að sinna þeirri skyldu ríkisútvarps að mennta, fræða og skemmta og þarf varla annað en að vísa til íslenska kvikmyndasumarsins þar sem landsmenn hafa átt þess kost að sjá heima í stofu 34 íslenskar kvikmyndir, eða glæsilegt afrek útvarpsleikhússins undir stjórn Viðars Eggertssonar sem hlotið hefur fjölda tilnefninga og viðurkenninga á alþjóðlegum vettvangi. Um þessar mundir eru líka að hefja göngu sína margir nýir þættir bæði í útvarpi og sjónvarpi sem vonandi falla sem flestum í geð auk þess sem sígilt íslenskt efni á borð við Útsvar og Landann í sjónvarpi, Víðsjá, morgunútvarp, sunnudagsleikrit og útvarpssögur í hljóðvarpi verða áfram á dagskrá.

> Það er að sjálfsögðu sárt að einhverjir, þar á meðal Eiður, séu leiðir yfir því að hugtakið Ríkisútvarp hafi vikið fyrir skammstöfuninni „RÚV“ í almennri framsetningu af hálfu félagsins.

Það er að sjálfsögðu sárt að einhverjir, þar á meðal Eiður, séu leiðir yfir því að hugtakið Ríkisútvarp hafi vikið fyrir skammstöfuninni „RÚV“ í almennri framsetningu af hálfu félagsins. Vonandi eiga þessi fyrrverandi starfsmaður og aðrir eftir að sætta sig við þá breytingu þegar fram líða stundir og njóta vel þeirrar vönduðu dagskrár sem allir miðlar RÚV bjóða upp á. Það er líka einlæg von mín að hann og aðrir átti sig á því að það er stjórn RÚV sem ræður úrslitum þegar á hólminn er komið en ekki útvarpsstjórinn einn þótt hann sé allra góðra gjalda verður.

# Allar hliðar máls

Umferðaröryggi

Ásdís J. Rafnar
formaður Rannsóknanefndar umferðarslysa



Algengasta meginorsök alvarlegra umferðarslysa er því miður röng mannleg breytni. Allir vegfarendur þurfa að vanda sig, hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi eða kjósa annan fararmáta. Vegfarendur þurfa að hafa hugann við umferðina, nota öryggisbúnað s.s. spenna beltin, gæta að hraða, vera allsgáðir og óþreyttir, vanda til ástands ökutækja og vera meðvitaðir um ástand vega/gatna og umhverfi þeirra svo nokkur dæmi séu tekin. Ef varlega er farið eru minni líkur á slysum.

Í Fréttablaðinu föstudaginn 23. september sl. segir Pawel Bartoszek stærðfræðingur Rannsóknarnefnd umferðarslysa (RNU) hafa tilhneigingu til að kenna saklausu fólki um eigin ófarir í rannsóknum sínum á alvarlegum umferðarslysum. Samkvæmt lögum miðar starfsemi RNU að því að leiða í ljós sennilegar orsakir umferðarslysa til að afstýra slysum af sömu eða líkum orsökum og stuðla með því að auknu öryggi í umferðinni. Gerir hún tillögur til úrbóta um umferðaröryggi til viðeigandi stjórnvalda, eftir því sem rannsóknir á orsökum umferðarslysa gefa tilefni til. Greining nefndarinnar er þverfagleg og miðar að því að fækka slysum eða draga úr meiðslum, burtséð frá sekt eða sakleysi fólks. Þetta er lykilatriði í rýni nefndarinnar. Orsök slyss má oft rekja til rangrar hegðunar tiltekins einstaklings en að auki hefði hugsanlega mátt koma í veg fyrir slysið eða draga úr meiðslum með öðrum hætti og ber nefndinni að benda á allar hliðar máls. Skýrslur um einstök mál eru gefnar út og birtar án persónuauðkenna á vef nefndarinnar.

Pawel er ekki athugull á allar hliðar máls í staðhæfingum sínum í grein sinni. Hann nefnir dæmi og tiltekur aðeins útvalin atriði af mörgum í orsakagreiningu nefndarinnar og ábendingum, sem hún telur hafa þýðingu vegna viðkomandi slysa. Störf RNU eru ekki hafin yfir gagnrýni, en skrif þessi gefa ekki sanna mynd af niðurstöðum nefndarinnar í þessum málum. Að því er varðar slys þar sem gangandi vegfarandi lést sleppir Pawel t.d. umfjöllun nefndarinnar um að engin gangbraut var á slysstað þó svo að op væri í grindverki á miðeyju sem gaf til kynna gönguleið eða um nauðsyn heildstæðrar endurskoðunar á hvernig hægt er að bæta öryggi gangandi vegfarenda á viðkomandi götu. Í öðru dæmi sínu getur Pawel t.d. ekki um ábendingu um að skoða þurfi almennt aðgengi og öryggi við bílastæðahús. Þrengsli við inn- og útkeyrslu bílastæðahúsa skapi hættu fyrir alla vegfarendur. Þá tekur hann dæmi af skelfilegu banaslysi þar sem barn varð fyrir bifreið ökuníðings, sem flúði af vettvangi og fannst aldrei. Sleppir Pawel umfjöllun nefndarinnar sem fordæmir hegðun ökumanns, sem var meginorsök slyssins, og lagði m.a. til að hámarkshraði yrði lækkaður þar sem slysið varð til að auka öryggi gangandi vegfarenda.

## Skýrslur nýttar sem fræðsluefni

Hvetur nefndin ökumenn, hjólreiðamenn, skokkara, bifhjólamenn, fagfélög og fyrirtæki t.d. í flutningastarfsemi til þess að kynna sér skýrslur nefndarinnar er varða umferðarslys á þeirra vettvangi. Telur nefndin jafnframt að æskilegt sé að skýrslur RNU og aðrar skýrslur sem gefnar eru út um umferðaröryggismál hér á landi og erlendis, séu nýttar sem stoðgögn í rannsóknar– og verkefnavinnu nemenda í skólum um orsakir og afleiðingar umferðarslysa. Efni eins og RNU birtir gefur tækifæri til að sjá fræðilega niðurstöðu á rannsóknum á orsökum umferðarslysa og tillögur til úrbóta. Þetta efni á að nota. Gæti heimildavinna nemenda með upplýsingar um atvik, tölfræði o.fl. við rannsóknir og fyrirlestra haft forvarnargildi gegn áhættuhegðun í umferðinni og verið liður í umferðaröryggisstefnu meðal ungs fólks. Sem sjálfstætt afmarkað kennsluefni um akstur bifreiða, hjólreiðar, bifhjólaakstur og gangandi vegfarendur og/eða t.d. sem liður í kennslugreinum eins og eðlisfræði, stærðfræði, heilbrigðisfræðum o.fl.

Skylt er að geta þess að stjórnvöld umferðaröryggismála hafa nánast undantekningarlaust tekið ábendingum nefndarinnar á málefnalegan hátt og nýtt þær til að efla umferðaröryggið. Að mati nefndarinnar hafa aðrir, sem hún hefur beint ábendingum og athugasemdum að, gert það með sama hætti.

Vinnum saman gegn umferðarslysum með því að efla ábyrgðarkennd, víðsýni og þekkingu, sjálfstraust og gagnrýna hugsun í samfélaginu. Aukin fræðsla að þessu leyti mundi styðja þau markmið stjórnvalda að draga úr fjölda látinna og alvarlegra slasaðra í umferðinni.



# Möguleg skýring á kynbundnum launamun

**Kjaramál**



**Guðlaug Kristjánsdóttir**
formaður Bandalags háskólamanna

Forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, lýsti í viðtali við Fréttablaðið laugardaginn 24. september sl. áhyggjum sínum af kynbundnum launamun hjá ríkinu.

Vissulega ber að fagna því að ráðherra vilji beita sér í jafn mikilvægu máli og jafnrétti til launa.

Hins vegar er það túlkunaratriði hvernig best verður ráðið við þennan landsins forna fjanda, sem kynbundinn launamunur er.

### Taxtar, svigrúm og aukagreiðslur

Forsætisráðherra bendir á aukagreiðslur og svigrúm í stofnanasamningum sem mögulega rót vandans, enda leiti slíkar greiðslur í ríkari mæli til karla en kvenna. Bæði þessi úrræði, þ.e. að greiða umfram taxta og að fullnýta það svigrúm í stofnanasamningum sem gefst til að hækka laun, eru viðbrögð við kröfum um hærri laun en felast í lágmarksröðun samninga. Kjarasamningar, þar með talið sá hluti þeirra sem nefnist stofnanasamningur, kveða á um lágmarkskjör, en hvergi stendur skrifað að ekki megi greiða laun umfram samninga (nema að vísu hvað varðar tiltölulega nýlegt bann fjármálaráðuneytisins við því að greiða ríkisstarfsmönnum hærri laun en sem nemur grunntaxta forsætisráðherra).

Rétt er að hafa það hugfast að laun samkvæmt taxta eru almennt mjög lág hjá ríkinu miðað við almennan vinnumarkað og að almennt er ríkið vinnustaður kvenna umfram karla.

Því væri það í mínum huga fyrsta mál á dagskrá hjá ríkinu, sem aðgerð til höfuðs kynbundnum launamun, að hverfa frá þeirri láglaunastefnu sem þar ríkir.

Það er komið nóg af því að jafna kjörin niður á við, tími er til kominn að jafna þau upp.

> Það er komið nóg af því að jafna kjörin niður á við, tími er til kominn að jafna þau upp.

### Verðmætamat málaflokka

Launamunur kynjanna hjá ríkinu tengist náið launamun milli málaflokka, en það er staðreynd að laun eru almennt hærri á þeim sviðum ríkisrekstrar sem lúta að framkvæmdum en félags-, heilbrigðis- og menntamálum. Forsætisráðherra bendir á þetta í viðtalinu og lýsir yfir vilja til að leiðrétta þessa stöðu. Það er kominn tími til að hækka launaviðmið í „mannlegu“ geirunum, þannig að hægt sé að segja að umönnun sjúkra verði jafnverðmæt og umsýsla fjár svo klassískt dæmi sé tekið.

### Samkeppnislaun

Karlar í starfi hjá ríkinu tilheyra oftar en konurnar stéttum sem starfa jafnt á almennum sem opinberum vinnumarkaði, þeir eru með öðrum orðum oftar í samkeppnisstöðu hvað varðar störf og laun. Sá sem getur gengið í betur launað starf á almennum markaði hefur jafnan meira vogarafl til að sækja sér aukagreiðslur en hinn sem engönu á þess kost að starfa á vettvangi hins opinbera.

Aukagreiðslur og svigrúm í stofnanasamningum þyrfti síður að nota ef laun væru almennt metin hærra í grunninn.

### Kynbundnar launalækkanir

Forsætisráðherra virðist í umræddu viðtali vonsvikin með árangur af launalækkunum ríkisins í kjölfar hrunsins, sem „var talið að ... myndu bitna meira á körlum en konum“. Eins virðist hún telja það vandamál að þær launalækkanir séu nú „að einhverju leyti að ganga til baka“. Það hlýtur að teljast varasöm aðferð að beita kynbundnum launalækkunum til að jafna kjör, þótt einhver gæti haldið því fram að tilgangurinn helgaði meðalið.

Bandalag háskólamanna leggst gegn aðgerðum sem framkalla eiga kynbundna launalækkun, enda ekki á það bætandi að lækka laun hjá ríkinu.

Horfumst frekar í augu við það að laun ríkisstarfsmanna eru of lág og að ríkið er ekki samkeppnishæft um starfsfólk nema með því að deila út allra handa sporslum.

# Samstaða um málshöfðun vegna beitingar hryðjuverkalaga

**Hryðjuverkalögin**



**Gunnar Bragi Sveinsson**
formaður þingflokks framsóknarmanna

Þann 18. nóvember 2010 lögðu allir þingmenn Framsóknarflokksins (að Guðmundi Steingrímssyni undanskildum), þingmenn Hreyfingarinnar og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins fram þingsályktunartillögu um málshöfðun á hendur breska ríkinu fyrir alþjóðlegum dómstól vegna beitingar hryðjuverkalaga gegn Íslandi.

Ályktunin hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að undirbúa málshöfðun á hendur breska ríkinu fyrir alþjóðlegum dómstól vegna beitingar hryðjuverkalaga gegn íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum. Málsóknin verði í fyrsta lagi byggð á því að beiting hryðjuverkalaganna hafi verið tilefnislaus, ekki lögum samkvæmt og hafi skaðað íslenskt orðspor og fjárhagslega hagsmuni þjóðarinnar. Í öðru lagi verði gerð krafa um skaðabætur fyrir það tjón sem ákvörðun breskra stjórnvalda olli íslenska ríkinu og íslenskum fyrirtækjum.“

Mælt var fyrir málinu 1. febrúar 2011 og málinu vísað til utanríkismálanefndar. Málið var hins vegar aldrei tekið fyrir í nefndinni og ekki sent til umsagnar eða unnið með það á annan hátt.

Nýverið skilaði fjármálaráðherra skýrslu að beiðni þingmanna Sjálfstæðisflokksins: „um mat á áhrifum af beitingu Breta á lögum um varnir gegn hryðjuverkum, glæpum og um öryggi fyrir íslensk fyrirtæki.“

Af niðurstöðum þeirrar skýrslu má ráða að tjónið er verulegt og að full þörf sé á að meta það enn frekar. Skýrslan undirstrikar mikilvægi þess að kannað sé til hlítar að höfða mál á hendur breska ríkinu og sækja bætur fyrir fjárhagslegt tjón sem og tjón vegna orðsporsskaða.

### Ísland á lista með Al Qaeda og Gaddafi mánuðum saman

Það er mikilvægt að muna að breska ríkisstjórnin beitti hryðjuverkalögunum ekki einungis gegn Landsbankanum heldur einnig gegn Seðlabanka Íslands og ríkisstjórn Íslands sérstaklega. Þetta var skýrt tekið fram í aðgerðum breskra stjórnvalda.

Í kjölfarið voru ríkisstjórn Íslands og Seðlabanki Íslands sett á opinberan lista breska fjármálaráðuneytisins yfir hryðjuverkasamtök og ríki sem styðja hryðjuverk. Þennan lista nota þjóðir heims, bankar, fjármálastofnanir og fyrirtæki um allan heim til viðmiðunar þegar ákvörðun er tekin um samskipti og viðskipti við viðkomandi ríkisstjórnir.

Vera Íslands á þessum alræmda lista olli fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum beinu fjárhagslegu tjóni sem meðal annars fólst í því að erlendir bankar og tryggingafyrirtæki neituðu að veita þeim fyrirgreiðslu með beinni vísun í að ekki væru höfð viðskipti við fyrirtæki í löndum sem sætu á hryðjuverkalista bresku ríkisstjórnarinnar.

> Það er því mikilvægt að muna að breska ríkisstjórnin beitti hryðjuverkalögunum markvisst gegn Íslendingum öllum en ekki aðeins gegn Landsbankanum. Og það olli Íslendingum og íslenskum hagsmunum óumdeilanlegu tjóni langt umfram það sem eðlilegt gat talist í samskiptum „vinaþjóða“.

Og skaðinn sem það olli orðspori Íslands að dúsa mánuðum saman á sama bekk og Al-Qaeda og Líbía á sama tíma og mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnvalda var að byggja upp traust á Íslandi og íslensku efnahagslífi á ný verður seint ofmetinn.

Það er því mikilvægt að muna að breska ríkisstjórnin beitti hryðjuverkalögunum markvisst gegn Íslendingum öllum en ekki aðeins gegn Landsbankanum. Og það olli Íslendingum og íslenskum hagsmunum óumdeilanlegu tjóni langt umfram það sem eðlilegt gat talist í samskiptum „vinaþjóða“.

Ýmsir reyndu að hræða Íslendinga til hlýðni í Icesave-málinu með því að Bretar og Hollendingar muni fara fyrir dómstóla að sækja skaðabætur fyrir það tjón sem þeir telja sig hafa orðið fyrir. Það er vel hugsanlegt enda hafa þeir fullan rétt á að láta reyna á slíkt fyrir dómstólum. En gleymum því ekki að á nákvæmlega sama hátt hafa Íslendingar fullan rétt á því að höfða mál gegn breska ríkinu vegna þess tjóns sem Bretar ollu með beitingu hryðjuverkalaganna og veru Íslands á hryðjuverkalistanum. Réttarkerfið virkar ekki bara í aðra áttina.

### Fékk ekki umfjöllun í utanríkismálanefnd

Telja verður undarlegt að áðurnefnd þingsályktun um málsókn gegn breska ríkinu hafi ekki fengið umfjöllun í utanríkismálanefnd þar sem um kjörið tækifæri var til að sameina þing og þjóð og leita réttar okkar gagnvart breskum stjórnvöldum. Framsóknarmenn munu leggja þingsályktunina inn aftur við upphaf þings í október og munu eins og áður berjast fyrir því að Íslendingar sæki rétt sinn gagnvart Bretum. Enda er vilji framsóknarmanna til málshöfðunar á hendur Bretum ekki nýr af nálinni því strax þegar hryðjuverkalögunum var beitt krafðist Guðni Ágústsson, þáverandi formaður Framsóknarflokksins, þess að farið yrði í mál við bresk stjórnvöld.

Beiting hryðjuverkalaganna gegn Íslandi var óásættanleg aðgerð af hálfu breska ríkisins sem olli Íslendingum sannanlegu tjóni. Því er bæði rétt og sanngjarnt að láta reyna á málssókn gegn breska ríkinu til að sækja bætur fyrir það tjón.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur nú í hyggju að skoða málið í samstarfi við Alþingi. Því ber að fagna að nú loks þremur árum síðar skuli loks hylla undir að samstaða geti tekist um slíka málshöfðun en forsenda þess er að Alþingi og framkvæmdavaldið vinni náið saman og trúnaður og traust ríki um það ferli sem sett verður af stað. Vona ég að nú þegar verði sest niður og vinnan skipulögð.

Menntun til framtíðar
– Horft 25 ár fram á veg
MENNTAVÍSINDASVIÐ



Fyrirlestur **dr. Jóns Torfa Jónassonar**
forseta Menntavísindasviðs HÍ
**Fimmtudaginn 29. september kl. 15.00**
**Menntavísindasviði við Stakkahlíð, Skriðu**
Hvernig breytist skólinn næstu 20–30 árin? Hvers krefst umbylting tækni, vísinda og þjóðfélagsins alls af skólakerfinu þegar horft er til áranna 2030–2040? Hvað ætti að ráða ferðinni?
Jón Torfi veltir því fyrir sér hvort skólakerfið þróist hægt og sígandi eins og það hefur gert eða hvort breytingar verði sífellt hraðari eins og í ýmsum þáttum umhverfis þess.
Nánari upplýsingar á **mennta.hi.is**
**Allir velkomnir**
HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ
1911–2011

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
MEIRA AF LANDSBYGGÐINNI
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

# Í dag erum við öll Sandgerðingar

**Samfélagsmál**



**Gylfi Jón Gylfason**
fræðslustjóri hjá Reykjanesbæ

Litli drengurinn er dáinn. Eftir sitjum við hin agndofa og reynum að skilja hvernig það má vera að hann sé horfinn frá okkur og komi aldrei aftur. Við reynum að setja okkur í spor foreldranna og fjölskyldunnar sem eftir situr og það setur að okkur óhug. Það ætti enginn að þurfa að jarða börnin sín.

Ég held að flest okkar sem heyrðu fréttirnar úr Sandgerði hafi einnig hugsað hvernig í ósköpunum það megi vera að ungum dreng líði svo illa að hann telji sér enga útgönguleið færa nema að binda enda á líf sitt. Við þá hugsun er stutt í reiðina og leitina að sökudólg.

Það er ekki nema eðlilegt að hugsa til þess hvort ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta hörmulega andlát. Hefði félagsþjónustan getað gert eitthvað betur? Hefði skólinn getað gert eitthvað? Hefði heilbrigðiskerfið getað gripið inn í? Svo mætti lengi telja. Þessar spurningar eru eðlilegar, en það er óviðeigandi og ósanngjarnt að setja niður sök hjá þeim sem ekki eiga það skilið og að óathuguðu máli. Með því er verið að auka á sársaukann og sorgina og höggva þar sem síst skyldi. Stundum tekst einfaldlega ekki að bjarga mannslífum þótt til þess sé góður vilji og allt hafi verið gert rétt.

Ég vil leyfa mér að nefna hér sérstaklega samhentan hóp kennara og starfsfólks í Sandgerðisskóla, en mér finnst skólinn ekki hafa notið sannmælis í umræðu síðustu daga. Sandgerðisskóli hefur orð á sér fyrir að taka vel á eineltismálum og sinna vel þeim börnum sem eiga um sárt að binda og minna mega sín. Sem fagmaður hef ég oft nefnt að Sandgerðisskóli væri öðrum skólum til fyrirmyndar hvað þetta varðar. Í dag er skólinn í sárum. Þrátt fyrir metnaðarfulla vinnu eftir þeim aðferðum sem vitað er að virka best, sitja börnin og starfsfólk skólans hnípin eftir í sársaukanum og syrgja góðan dreng.

> Sandgerðisskóli hefur orð á sér fyrir að taka vel á eineltismálum og sinna vel þeim börnum sem eiga um sárt að binda og minna mega sín.

Ég á mér þá ósk heitasta að við heiðrum minningu Sandgerðingsins unga með því að við strengjum þess heit að verða betri í að gæta þeirra sem líður ekki vel og sinna betur þeim sem um sárt eiga að binda. Við skulum reyna að verða betri manneskjur og lifa lífinu með virðingu. Það eru drengnum verðug eftirmæli. Umræðan næstu daga þarf að vera skynsamleg og hófstillt og það skulum við kappkosta.

Foreldrum drengsins, fjölskyldu, skólasystkinum, skólafólki og Sandgerðingum öllum sendi ég mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Í dag erum við öll Sandgerðingar


Úrval
notaðra bíla
Kia Sorento
Eigum úrval notaðra
Kia Sorento sportjeppa,
dísel eða bensín.
Nánar á www.askja.is
Verð frá kr. 2.880.000
Honda Accord
árg. 2006, ekinn 76 þús. km
1998cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 1.990.000
Tilboðsverð
kr. 6.990.000!
Jeep Cherokee Crd LTD 4x4
árg. 2008, ekinn 17 þús. km
3000cc, dísel, sjálfsk.
• Álfelgur
• Leður
• Kom á götuna 2010
~~Verð kr. 7.590.000~~
Nissan Pathfinder 4x4
árg. 2007, ekinn 106 þús. km
2488cc, dísel, sjálfsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 4.690.000
Tilboðsverð
kr. 2.890.000!
Volkswagen Passat
árg. 2007, ekinn 65 þús. km
2000cc, dísel, sjálfsk.
• Álfelgur
• Vel með farinn og lítið ekinn
~~Verð kr. 3.250.000~~
Hyundai Santa Fe
árg. 2009, ekinn 152 þús. km
2200cc, dísil, sjálfsk.
• Álfelgur
• Hlaðinn aukabúnaði
Verð kr. 3.450.000
Mitsubishi L200 Instyle 4x4
árg. 2006, ekinn 111 þús. km
2477cc, dísel, beinsk.
• Pallhús
• Dráttarkrókur
Verð kr. 2.590.000
Audi A6
árg. 2008, ekinn 78 þús. km
1984cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 3.890.000
Tilboðsverð
kr. 890.000!
Isuzu Trooper 4x4
árg. 2002, ekinn 221 þús. km
3000cc, dísel, beinsk.
• Vel með farinn
• Hokinn af reynslu
~~Verð kr. 1.190.000~~
Volkswagen Passat
árg. 2007, ekinn 36 þús. km
2000cc, dísel, sjálfsk.
• Álfelgur
• Þakbogar
Verð kr. 3.490.000
Peugeot 307
árg. 2006, ekinn 57 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Sparneytinn og vel með farinn
Verð kr. 1.590.000
Toyota Yaris
árg. 2008, ekinn 69 þús. km
1000cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Sparibaukur
Verð kr. 1.590.000
Mercedes-Benz C 4MATIC
árg. 2008, ekinn 41 þús. km
2996cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Hlaðinn aukabúnaði
Verð kr. 6.590.000
Tilboðsverð
kr. 1.790.000!
Mercedes-Benz A150
árg. 2006, ekinn 55 þús. km
1500cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Framdrif
~~Verð kr. 2.090.000~~
Nissan Qashqai SE
árg. 2009, ekinn 41 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 3.450.000
Tilboðsverð
kr. 5.290.000!
Lexus RX 400
árg. 2007, ekinn 62 þús. km
3300cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Tvinnbíll (Hybrid)
~~Verð kr. 5.790.000~~
Volkswagen Golf
árg. 2008, ekinn 55 þús. km
1600cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 2.290.000
Tilboðsverð
kr. 3.690.000!
Kia cee'd Sport
árg. 2011, ekinn 8 þús. km
1600cc, dísel, beinsk.
• Lítið ekinn sparibaukur
• Hlaðinn aukabúnaði
• 6 ár eftir af ábyrgð!
~~Verð kr. 3.880.000~~
Audi A3
árg. 2007, ekinn 40 þús. km
1595cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Lítið ekinn gullmoli
Verð kr. 2.390.000
Volkswagen Tiguan 4x4
árg. 2008, ekinn 38 þús. km
1968cc, dísel, sjálfsk.
• Álfelgur
• Bakkvari
Verð kr. 4.590.000
Subaru Legacy
árg. 2007, ekinn 101 þús. km
2000cc, bensín, sjálfsk.
• Álfelgur
• Húddhlíf
Verð kr. 2.690.000
Honda Jazz
árg. 2008, ekinn 48 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Framdrif
Verð kr. 1.850.000
Toyota Corolla
árg. 2008, ekinn 67 þús. km
1400cc, bensín, beinsk.
• Álfelgur
• Skyggðar rúður
Verð kr. 2.090.000
Subaru Legacy Lux 4wd
árg. 2006, ekinn 98 þús. km
1994cc, bensín, sjálfsk.
• Sóllúga
• Leður
Verð kr. 1.990.000
Opið virka daga frá 9 -18. Laugardaga frá 12-16
ASKJA
Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík
Sími 590 2100 · askja.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞORSTEINN ERLINGSSON** (1858-1914) ljóðskáld lést þennan dag.
*„Mig langar að sá enga lygi þar finni, sem lokar að síðustu bókinni minni."*

# Hvernig velja ríki flóttafólk?

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Forlagið standa fyrir fundaröð um málefni flóttamanna og stöðuna í Mið-Austurlöndum um þessar mundir. Tilefnið er útkoma bókarinnar Ríkisfang: Ekkert en þriðji fyrirlesturinn í þessari röð fer fram í dag.

Á fundinum mun Ingibjörg Broddadóttir, varaformaður flóttamannanefndar, segja frá ferðum sínum með íslensku sendinefndinni sem fer á vettvang og tekur viðtal við flóttamenn. Þá mun Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, fjalla um stöðu flóttafólks. Fundarstjóri er Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dóms- og kirkjumálaráðherra.



**FYRIRLESTUR Í ODDA** Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, er meðal ræðumanna í dag.

Meðal annars verður velt upp þeirri spurningu hvernig ríki velji þá flóttamenn sem þau vilja.

**ÞETTA GERÐIST:** 28. SEPTEMBER 1968

## *Bítlarnir koma Hey Jude á toppinn*

Breska hljómsveitin The Beatles kom laginu Hey Jude í fyrsta sæti breska vinsældalistans á þessum degi árið 1968. Lagið var það lengsta sem hefur náð fyrsta sæti listans, sjö mínútur að lengd, og það met stendur enn. Smáskífan seldist í átta milljónum eintaka næstu árin á eftir.

Paul McCartney samdi lagið um það leyti sem John Lennon var að skilja við konu sína Cynthiu. Upphaflega byrjaði lagið á orðunum Hey Jules en ekki Hey Jude og átti McCartney þar við son þeirra Johns og Cynthiu, Julian. Með laginu vildi hann hugga drenginn, sem tók skilnaðinum afar illa.






**STOLT** Bryndís Björgvinsdóttir er handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna 2011 fyrir bók sína Flugan sem stöðvaði stríðið. Þórarinn Már Baldursson myndskreytti bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR: HLAUT ÍSLENSKU BARNABÓKAVERÐLAUNIN 2011

# Stríð í óvenjulegu ljósi

„Þetta er auðvitað ótrúlegur heiður. Ég er alveg í skýjunum," segir Bryndís Björgvinsdóttir, sem veitti Íslensku barnabókaverðlaununum 2011 viðtöku við hátíðlega athöfn í Rimaskóla í gær.

Flugan sem stöðvaði stríðið er heitið á sögu Bryndísar. Hún fjallar um húsflugur sem leita uppi munka í Nepal sem þær hafa heyrt að geri aldrei flugu mein. Þá fer af stað óvænt atburðarás sem leiðir til þess að flugurnar binda enda á stríð í fjarlægu ríki. Að mati dómnefndar er þetta „merkileg saga sem tvinnar saman mikilvægan boðskap og dillandi skemmtilega frásögn. Söguhetjurnar eru óvenjulegar og veita lesendum nýja sýn á hversdagslega hluti."

„Mig langaði að skrifa um stríð fyrir börn en fannst óviðeigandi að gera það með berum orðum og valdi þetta sjónarhorn vegna þeirrar fjarlægðar sem það veitir. Ég hugsaði með mér að börn ættu auðveldara með að setja sig í spor aðalhetjanna, húsflugna sem hafa í sögunni, rétt eins og þau sjálf, annan skilning á mannfólkinu en fullorðnir; velta ekki fyrir sér kyni, trúarbrögðum eða pólitískum skoðunum og eiga erfitt með að skilja hvað rekur fullorðna, heilu þjóðirnar, út í stríð," upplýsir Bryndís.

Flugan sem stöðvaði stríðið er önnur bók Bryndísar. Hún var aðeins fimmtán ára þegar hún sendi frá sér þá fyrri með vinkonu sinni, Orðabelg Ormars ofurmennis, árið 1997. Spurð hvers vegna jafn langur tími hafi liðið á milli bóka segist hún einfaldlega ekki hafa velt ritstörfum frekar fyrir sér fyrr en nú.

„Síðan ég skrifaði fyrri söguna hef ég bara verið á kafi í öðru, námi og vinnu. Ég er þjóðfræðingur að mennt og kenni við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Ég hef í sjálfu sér aldrei gengið með neina rithöfundadrauma í maganum, þótt ég reyndar uppfylli núna skilyrðin fyrir því, en hef hins vegar alltaf haft gaman af sögum. Finnst þær sniðugar til að útskýra flókna hluti, koma böndum yfir heiminn, skilja okkur sjálf og þær aðstæður sem við búum í. Ég vona að þessi saga sé skref í þá átt og enda þótt hún sé flokkuð sem barnabók hugsaði ég hana ekki síður fyrir fullorðna en börn þar sem hún kennir okkur að búa í sátt og samlyndi við náungann og umhverfið."

roald@frettabladid.is

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórhildur Stefánsdóttir**
frá Vestmannaeyjum,

sem lést þriðjudaginn 20. september, var jarðsungin frá Grafarvogskirkju 26. september í kyrrþey.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Ólafur og Stefán Tryggvasynir.**

---



**Þórunn Árnadóttir**
ljósmóðir, Strandvegi 3, Garðabæ,

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 29. september, athöfnin hefst kl. 15.00.

**Tómas Agnar Tómasson**
**Ingibjörg Erna Sveinsson** **Helgi Ólafur Ólafsson**
**Agnes Vala Tómasdóttir Bryndal**
**Árni Haukur Tómasson** **Marion Tómasson**
**Helga Brynja Tómasdóttir** **Vilhjálmur Karl Gissurarson**
**Herdís Rún Tómasdóttir** **Ingólfur Freyr Elmers**
**Óskar Bergmann Tómasson**
**Tómas Heimir Tómasson** **Helena Tómasson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Guðmundsdóttir**
frá Böðmóðsstöðum í Laugardal, áður húsfreyja að Auðbrekku í Hörgárdal,

verður jarðsungin frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal mánudaginn 3. október kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynninguna á Akureyri og dvalarheimilið Hlíð á Akureyri.

**Anna Karólína Stefánsdóttir** **Höskuldur Höskuldsson**
**Guðmundur Valur Stefánsson** **Adelia Santos Mondlane**
**Valþór Stefánsson** **Anna Sigurbjörg Gilsdóttir**
**Lilja Stefánsdóttir** **Hörður Hafsteinsson**
**Hildur Stefánsdóttir** **Guðjón Magni Jónsson**
**Gunnhildur Fjóla Valgeirsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Björn Thomas Valgeirsson**
arkitekt, Laufásvegi 67, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landakots, mánudaginn 19. september. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 30. september kl 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, sími 588 7555.

**Stefanía Stefánsdóttir**
**Hildur Björnsdóttir** **Ásgeir Bragason**
**Dagný Björnsdóttir** **Skúli Gunnarsson**
**Valgerður Helga Björnsdóttir** **Jón H. Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**
**Björg Valgeirsdóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hanna Guðný Bachmann**
Logafold 56, áður til heimilis að Háteigsvegi 26, Reykjavík,

sem lést 16. september, verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 30. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Halla Jónsdóttir** **Gunnar E. Finnbogason**
**Inga Jónsdóttir** **Ottó Guðmundsson**
**Jón Gunnar Gunnarsson** **Kristín Sigurðardóttir**
**Hildur Björg Gunnarsdóttir** **Elías Bjarnason**
**Hanna Guðný Ottósdóttir** **Kjartan Ottósson**
**og langömmubörn.**





# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

...við prentum!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 28. september 2011 – 14. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Önnur niðursveifla í aðsigi?**
Áhyggjur á ársfundi AGS 4-5

**Nýsköpunarfyrirtækið ReMake Electric**
Betra eftirlit sparar raforku 7





**Í símanum með Jóni Aðalsteini**
Vinnutölvan í símann 7



**PÁLL** Landsvirkjun ætti að fjármagna framtíðarsýn sína næstu árin með skráningu að hluta á markað, segir forstjóri Kauphallarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Landsvirkjun ekki á markað

„Ef menn eru að láta sér detta í hug einhverja einkavæðingu á Landsvirkjun þá er það ekki uppi á borðinu,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hann bendir á að fyrir liggi skýr samþykkt ríkisstjórnarinnar um að hrófla ekki við opinberu eignarhaldi á þeim fyrirtækjum sem ríkið er með í sínum höndum.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði í erindi á hádegisfyrirlestraröð Stjórnmálaskóla Sjálfstæðisflokksins í Valhöll í gær, Landsvirkjun verða að fara á hlutabréfamarkað að hluta ætli fyrirtækinu að takast að fjármagna framtíðarsýn sína. Páll vísaði til þess að þrjátíu prósenta hlutur í ríkisolíufélaginu Statoil var skráður að hluta á hlutabréfamarkað í Ósló fyrir áratug. Ríkið á enn sjötíu prósent í Statoil.

Steingrímur bendir á að ríkið hafi staðið þétt við bakið á Landsvirkjun í gegnum árin sem þolinmóður eigandi. Ekki standi til að breyta því. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**DANIR VILJA EKKI EVRU**
Helmingur Dana vill ekki að evran komi í stað dönsku krónunnar, samkvæmt nýrri skoðanakönnun, en 22,5 prósent myndu vilja evruna. Aldrei áður hefur mælst jafn mikil andstaða í Danmörku við evruna, enda skoðanakönnunin gerð í miðju skuldafári evruríkjanna. Gengi dönsku krónunnar hefur verið beintengt evrunni allt frá því evran hóf göngu sína, og þar áður þýska markinu.



**BJARGAÐ Á SÍÐUSTU STUNDU**
Andstæðar fylkingar á Bandaríkjaþingi náðu á mánudagskvöld samkomulagi um fjármögnun ríkissjóðs landsins næstu sex vikurnar. Þar með tókst á síðustu stundu að koma í veg fyrir lokun ríkissjóðs, sem hefði haft afdrifaríkar afleiðingar.

**ÖRLAR Á BJARTSÝNI**
Markaðir hafa heldur tekið við sér eftir að óljósar fréttir bárust af væntanlegum framhaldsaðgerðum Evrópusambandsins, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og G20-ríkjahópsins til bjargar bæði Grikklandi og evrunni. Fyrri bjartsýnisköst undanfarið hafa þó fjarað hratt út.

# Ætlar að passa upp á hagsmuni Íslands

Fjögur til sex erlend fyrirtæki bera víurnar í starfsemi Icelandic Group í Bandaríkjunum. Tryggja á markaðsaðgang með fisk.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við vitum ekki á þessari stundu nákvæmlega hvaða fyrirtæki munu bjóða í rekstur Icelandic Group í Bandaríkjunum. Við vitum það á morgun [í dag],“ segir Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Framtakssjóðsins. Lokafrestur til að skila inn tilboðum rann út á miðnætti að bandarískum tíma, það er klukkan fjögur liðna nótt.

Söluferlið á starfsemi Icelandic Group í Bandaríkjunum og tengdri starfsemi í Kína hófst í júlí. Bandaríski bankinn Bank of America Merrill Lynch sér um söluna. Þegar henni lýkur verður búið að selja nánast allar erlendar eignir Icelandic Group.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að sex erlend stórfyrirtæki hafi haft hug á að leggja fram tilboð í starfsemi Icelandic Group vestra. Tvö hafi líklega helst úr lestinni á síðustu metrunum. Þau fyrirtæki sem sýndu starfseminni áhuga eru kínverska sjávarútvegssamstæðan Pacific Andes, sem keypti starfsemi Icelandic Group í Frakklandi og Þýskalandi í júní eftir að slitnaði upp úr viðræðum við norræna sjóðinn Triton. Kanadíska fisksölufyrirtækið High Liner Foods er sömuleiðis í kapphlaupinu um reksturinn. Fyrirtækið bauð í byrjun árs 340 milljónir evra, jafnvirði 52,4 milljarða milljarða króna í allar eignir Icelandic Group utan Íslands. Tilboðinu var ekki tekið.

Í gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum frá einum bjóðenda eru viðraðar áhyggjur af því að í kjölfar sölunnar lokist dyrnar fyrir íslenskan fisk ytra.



**FISKIFINGUR Á FÆRIBANDI** Starfsemi Icelandic Group erlendis er umsvifamikil. Fyrirtækið seldi frá sér reksturinn í Frakklandi og Þýskalandi í sumar og vinnur nú að því að losna við annan erlendan rekstur.

Finnbogi segir forsvarsmenn Framtakssjóðsins hafa skoðað málin ítarlega með það fyrir augum að tryggja markaðsaðgang fyrir íslenskan fisk í Bandaríkjunum undir vörumerkinu Icelandic. „Íslenskur fiskur er mjög eftirsóttur og það eru sem betur fer engin teikn á lofti um að það breytist. Þótt sala á íslenskum fiski til Bandaríkjanna hafi minnkað mikið á undanförnum árum verða Bandaríkin áfram mikilvægur markaður fyrir íslenskar fiskafurðir. Icelandic Group mun í samningum við væntanlegan kaupanda leggja mikla áherslu á að íslenskur fiskur hafi greiðan aðgang að þeim dreifileiðum sem Icelandic í Bandaríkjunum ræður yfir,“ segir hann.




# Klúður hjá Kodak

## Gengi hlutabréfanna hefur aldrei verið lægra



**MYNDAVÉLUM STILLT UPP** Gengi hlutabréfa í Kodak skrapar nú botninn, fjárfestum til lítillar gleði. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gengi hlutabréfa í bandaríska ljósmyndavörufyrirtækinu Kodak hrundi um næstum einn fjórða á mánudag eftir að stjórnendur nýttu sér í fyrsta sinn ádráttarlán fyrirtækisins. Ádráttarlán er eins konar yfirdráttarheimild fyrir fyrirtæki. Fjárfestar hafa áhyggjur af fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Kodak var framarlega í þróun og framleiðslu á filmum og á fjölda einkaleyfi í stafrænni ljósmyndatækni. Fyrirtækið missti hins vegar af stafrænu byltingunni og hefur barist í bökkum við að komast á réttan kjöl. - jab

# Fjármögnun Bjarkar ekki lokið

Ekki hefur verið lokið við fjármögnun á fagfjárfestasjóðnum Björk. Hann hefur því ekki fjárfest í neinu fyrirtæki fram til þessa.

Baldur Már Helgason sjóðsstjóri gerir ráð fyrir að ljúka fjármögnun innan nokkurra vikna og verði þá um einn og hálfur milljarður króna í sjóðnum. Það er ívið lægri upphæð en stefnt var að í upphafi. Í kjölfarið verður fjárfest í fyrsta sinn, hugsanlega fyrir áramót.

Bjarkarsjóðurinn var stofnaður af Auði Capital og tónlistarkonunni Björk Guðmundsdóttur skömmu fyrir jólin 2008 en félagið eiga þau til helminga. Væntingar voru um að sjóðurinn myndi fjárfesta í fimmtán til tuttugu sprotafyrirtækjum sem byggja á auðlindum landsins og með mikla vaxtarmöguleika á þremur árum fyrir samtals tvo til 2,5 milljarða króna. Einkum hefur verið horft til fyrirtækja á sviði endurnýjanlegrar orku, sjávar og vatnsauðlinda.

Auður Capital lagði sjóðnum til hundrað milljóna króna hlutafjárloforð og hefur síðan leitað jafnt til áhugasamra einstaklinga og fagfjárfesta og lífeyrissjóða eftir innleggi í sjóðinn. - jab



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,50%^A | 11,50% | 11,45% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 2,05% | 11,35% | 11,35% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,35%^B | 11,30% | 11,30% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 1,95% | 11,15% | 9,65 til 11,15% |
| BYR | PM-reikningur 2,05%^A | 11,30% | 11,5 til 11,3% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 1,90%^C | 11,45% | 11,45% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,00% | 10,35% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%

Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.

# Loksins opnað fyrir greiðslufallstryggingar

„Við höfum unnið að því markvisst að upplýsa erlenda aðila um stöðu íslenskra fyrirtækja og það hefur skilað þessum jákvæða árangri," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Atradius, annað af tveimur stærstu erlendu greiðslutryggingafélögum heims, hefur opnað fyrir greiðslufallstryggingar á íslensk fyrirtæki. Viðskipti sem þessi hafa verið í frosti síðan í efnahagshruninu fyrir þremur árum þegar tryggingafélögin hættu að gangast í ábyrgðir fyrir greiðslur frá íslenskum fyrirtækjum. Það olli inn- og útflytjendum vandræðum og neyddust mörg þeirra til að greiða vörusendingar fyrirfram eða útvega aðrar og kostnaðarsamar greiðslutryggingar.



FINNUR ODDSSON

Viðskiptaráð, Creditinfo, íslenskir banka og tryggingafélögin hafa frá haustinu 2008 unnið að því að koma aftur á eðlilegu fyrirkomulagi greiðslufallstrygginga. „Við höfum lagt ríka áherslu á að íslensk fyrirtæki standi reglulega skil á ársreikningum og það er jákvætt hversu mikil bragarbót hefur verið gerð í þeim málum á síðustu misserum. Breytt afstaða Atradius er fagnaðarefni," segir Finnur. - jab

# Magnús Ármann með stóran hlut í Eyjunni

## Hluthöfum Vefpressunnar fjölgaði úr fjórum í ellefu í fyrra. VÍS lækkaði hlutafjáreign sína úr 33 prósentum í átján.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fjárfestarnir Magnús Ármann og Jón Scheving Thorsteinsson eru á meðal nýrra hluthafa í Vefpressunni, eiganda vefmiðlanna Pressan, Eyjan, Menn.is, Bleikt.is og tveggja netverslana en í annarri er verslað með hjálpartæki ástarlífsins. Tvö félög þeirra áttu samtals rúman 24 prósenta hlut í fyrirtækinu um síðustu áramót samkvæmt nýbirtum ársreikningi.

Hlutafé Vefpressunnar var aukið um 78 milljónir króna í fyrra, bæði með sölu hlutafjár og loforðum um hlutafjárframlag. Samkvæmt uppgjöri Vefpressunnar sem birt var í síðustu viku kemur fram að hluthöfum hafi verið fjölgað úr fjórum í ellefu.

Vefpressan var stofnuð árið 2009. Upphaflega voru hluthafar fjórir. Tryggingafélagið VÍS átti 33 prósenta hlut á móti Birni Inga Hrafnssyni, fyrrum borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, Salt Investments, fjárfestingarfélagi Róberts Wessman, fyrrverandi forstjóra Actavis, og Arnari Ægissyni, framkvæmdastjóra Vefpressunnar.

Hlutafé upphaflegra eigenda þynntist út við hlutafjáraukninguna. VÍS á samkvæmt því átján prósenta hlut í Vefpressunni og Björn Ingi á rúm átján prósent í stað rúmra 26 prósenta. Jón Scheving er skráður fyrir fjórtán prósentum í nafni JST Holding. Magnús Ármann á rúm tíu prósent í nafni Imons. Fimm hluthafar áttu minna en tíu prósenta hlut hver í félaginu og eru ekki upplýsingar um þá í uppgjöri Vefpressunnar.

### NOKKUR ATRIÐI UM VEFPRESSUNA

- Vefpressan tapaði 8,7 milljónum króna í fyrra. Þetta er talsverður bati á milli ára samanborið við rúmlega þrjátíu milljóna króna tap árið 2009.
- Fastafjármunir Vefpressunnar jukust verulega í fyrra, fóru úr 8,5 milljónum króna árið 2009 í 53 milljónir. Mestu munar um óefnislegar eignir, oft nefnt viðskiptavild, sem fór úr engu í tuttugu milljónir króna og eignarhluti í félögum sem fóru sömuleiðis úr engu í 25 milljónir. Viðskiptavildin er eignarfærð í ársreikningnum.



**BJÖRN OG MAGNÚS** Hlutafé Vefpressunnar var aukið um 78 milljónir króna í fyrra.





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 04/2011

ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR






# Faktoring

**– Ný þjónusta**

# Breytum **lánsviðskiptum** í staðgreiðslu

„Að bankinn minn veiti þjónustu sem auðveldar mér að **skapa verðmæti.**“

**Hjalti Ástbjartsson**
Nastar

**Það skiptir máli** að skapa verðmæti. **Arion banki** býður nýja þjónustu, Faktoring, sem auðveldar þér fjármögnun fyrirtækisins og sköpun verðmæta.

- Útistandandi kröfur verða handbært fé
- Betra flæði lausafjár
- Fjármögnun í samræmi við vöxt þíns fyrirtækis
- Aðstoð við innheimtu krafna

Hafðu samband við sérfræðinga Faktoring hjá **Arion banka,** eða kynntu þér málið nánar á **arionbanki.is/fyrirtaeki.** Saman getum við látið hjólin snúast.

Hvað **skiptir** þig máli?





arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56465 09/11

# Ný niðursveifla í aðsigi á Vesturlöndum?




Í skugga titrings á helstu mörkuðum fór um síðustu helgi fram ársfundur AGS og Alþjóðabankans. Þar voru saman komnir leiðtogar í efnahagsmálum alls staðar að úr heiminum sem ræddu stöðu heimshagkerfisins. *Magnús Þorlákur Lúðvíksson* sótti fundinn og fjallar hér um viðhorf fundarmanna.

Áhyggjur af stöðu heimshagkerfisins hafa stigmagnast síðustu vikur og mánuði. Hagtölur hafa leitt í ljós að hægst hefur merkjanlega á efnahagsbatanum á Vesturlöndum og mikill órói hefur einkennt helstu markaði. Óttast því margir að tvíbytna niðursveifla (eða „double dip recession“) sé í uppsiglingu meðal iðnríkja.

Andrúmsloftið á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Alþjóðabankans um helgina bar þess glögglega merki að óveðursský hafa hrannast upp yfir hagkerfum Vesturlanda. Á ársfundinum voru saman komnir fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar margra af 187 aðildarríkjum sjóðsins ásamt fjölda fræðimanna, blaðamanna og annarra gesta. Utan formlegra funda var á dagskrá á ársfundinum fjöldi fyrirlestra og pallborðsumræðna en meðal þátttakenda má nefna Nóbelsverðlaunahafana í hagfræði; Joseph Stiglitz og George Akerlof, fjárfestinn George Soros og Mohammed El-Erian, framkvæmdastjóra PIMCO, stærsta fjárfestingasjóðs heims.

El-Erian lýsti raunar tilfinningum margra á fundinum í pallborðsumræðum um stöðu heimshagkerfisins þegar hann sagði: „Ég er einhvers staðar milli þess að vera áhyggjufullur og hræddur. Það eru þrjár krísur til staðar; hagvaxtar- og atvinnuleysiskrísa, skuldakrísa meðal þjóðríkja og bankakrísa.“

## AGS ÁHYGGJUFULLUR

AGS gaf fyrir fundinn út skýrsluna World Economic Outlook um stöðuna í heimshagkerfinu. Þar segir að hættulegt nýtt skeið sé runnið upp innan heimshagkerfisins þar sem efnahagsbati iðnríkja sé í hættu. Spár stofnunarinnar um hagvöxt bera þess merki en þær voru endurskoðaðar talsvert niður á við. Nú er því spáð að hagkerfi iðnríkja vaxi einungis um 1,6 prósent á þessu ári og 1,9 prósent á því næsta. Það er almennt ekki talinn nægilegur vöxtur til að atvinnuleysi minnki. Áður hafði sjóðurinn spáð 2,2 prósenta vexti á þessu ári og 2,6 prósenta vexti á því næsta. Spár sjóðsins um vöxt í nýmarkaðsríkjum voru einnig endurskoðaðar og færðar niður á við þótt myndin þar sé allt önnur og bjartari. Því er spáð að hagkerfi nýmarkaðsríkja muni vaxa um 6,4 prósent á þessu ári og 6,1 prósent á því næsta.

Versnandi horfur eru helst raktar til aukinnar óvissu um skuldastöðu þjóðríkja og stöðugleika fjármálakerfisins. Þá hafa veik viðbrögð stjórnvalda á evrusvæðinu við skuldakreppunni á svæðinu og pólitískt þrátefli í Bandaríkjunum dregið úr trausti á getu vestrænna stjórnvalda.

Í skýrslu AGS segir að neikvæð áhætta sé mikil. Fari allt á versta veg geti heimshagkerfið sogast inn í spíral aukinnar óvissu og áhættufælni, frosinna fjármálamarkaða, ósjálfbærrar skuldastöðu þjóðríkja, minnkandi eftirspurnar og hækkandi atvinnuleysis. Vægari og jafnframt líklegri útkomur gætu einnig leitt til langs tímabils lítils hagvaxtar.

„Það er efnahagsbati en hann er veikur og ójafn. Áhætta hefur aukist vegna endurgjafar lítils hagvaxtar og erfiðrar skuldastöðu þjóðríkja, banka og heimila. Þar að auki hefur skort pólitíska forystu í baráttunni við fjármálakreppuna. Þetta hefur leitt til traustskrísu sem veldur efnahagslegum jafnt sem félagslegum skaða,“ sagði Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, á ársfundi sjóðsins. Lagarde sagði enn vera til staðar leið út úr alþjóðlegu fjármálakreppunni en bætti við að leiðin væri þrengri en áður. Þá kallaði Lagarde eftir kröftugum viðbrögðum frá stjórnvöldum um allan heim til að tryggja hraustlegan og sjálfbæran efnahagsbata.

## ÞÖRF Á AÐGERÐUM ÁN TAFAR

Meðal gesta á ársfundi AGS virtist einhugur um að grípa þyrfti til tafarlausra aðgerða til bjargar efnahagsbatanum á Vesturlöndum. Í pallborðsumræðum um vandræði evrusvæðisins sagði George Soros skuldakreppuna á svæðinu vera alvarlegri en fjármálakreppan árið 2008. Hann sagði að árið 2008 hefðu stjórnvöld getað gripið inn í eftir að kreppan skall á en að því væri ekki að skipta núna. „Ég vona innilega að leiðtogar ríkja Evrópusambandsins átti sig á þessu sem fyrst og grípi til aðgerða til að hemja krísuna,“ sagði Soros.

AGS lagði á fundinum fram áætlun um aðgerðir sem stjórnvöld víða um heim geta gripið til. Við bráðavandanum leggur stofnunin áherslu á þrjá þætti. Í fyrsta lagi þykir mikilvægt að þau þjóðríki sem glíma við háar skuldir og fjárlagahalla leggi fram trúverðugar áætlanir um hvernig koma megi ríkisfjármálum þeirra á sjálfbæra braut án þess þó að kippa fótunum undan efnahagsbatanum. Niðurskurður ríkisútgjalda og skattahækkanir draga til skamms tíma úr eftirspurn. Því geta aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum hægt merkjanlega á vexti sé gengið of hratt til verks. AGS hefur því lagt áherslu á trúverðugar áætlanir sem stuðla að vexti til skamms tíma en aðhaldi til langs tíma. Oliver Blanchard, aðalhagfræðingur AGS, lýsti þessari nálgun kjarnyrt á blaðamannafundi í síðustu viku: „Aðhaldsaðgerðir mega ekki eiga sér stað of hratt því þá drepa þær hagvöxt. En þær mega heldur ekki eiga sér stað of hægt því þá drepa þær trúverðugleika stjórnvalda.“

Í öðru lagi beinast áhyggjur AGS að stöðu banka og fjármálastofnanna, helst evrópskra, sem margar hverjar eru berskjaldaðar gagnvart mögulegu greiðslufalli Grikklands og titringi sem það gæti valdið. AGS leggur því áherslu á að raunveruleg eiginfjárþörf banka á Vesturlöndum verði metin og nauðsynlegt eigið fé þeirra tryggt. Helst með fjár-

TIL LEIGU GLÆSILEGT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI
Í HÚSI VERSLUNARINNAR, KRINGLUNNI 7, RVK.





Höfum til leigu stórglæsilegt 257,3 m2 skrifstofuhúsnæði á 6. hæð í Húsi verslunarinnar. Húsnæðið skiptist í stórt fundarherbergi með glervegg, opið rými og góða skrifstofu. Einnig er sér tæknirými með kælingu og geymsla. Hæðin er nýuppgerð með olíubornu eikar plankaparketi á gólfum, kerfisloft með innfelldri lýsingu og góðri loftræstingu sem hægt er að stilla sérstaklega fyrir hvert rými. Einnig hafa allar rafmangs og tölvulagnir verið endurnýjaðar. Hæðin er mjög rúmgóð og björt og allar innréttingar vandaðar. Með hæðinni geta fylgt 3 sérmerkt bílastæði í lokuðum bílakjallara. Aðkoma að húsinu er mjög góð og eru næg bílastæði fyrir hendi. Húsið er staðsett miðsvæðis í höfuðborginni og er stutt í alla helstu þjónustu.

Upplýsingar veitir Ingi Sturluson í síma 899-8451 eða ingi@alnus.is



**Nýjar tröppur við Seljalandsfoss** voru formlega teknar í notkun á dögunum. Þær bæta verulega aðgengi við fossinn en sem kunnugt er ganga þúsundir ferðamanna á bak við hann á hverju ári. Mikið var lagt upp úr hönnun á tröppunum þannig að þær myndu falla vel að landinu, valda sem minnstri röskun og jafnframt auka öryggi gesta.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457






## Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-

Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.



Full búð af nýjum haustvörum
Verið velkomin!
Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austuvegi 9 Selfossi Motivo.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg

## Stuðningssúla

– öryggi á heimilinu

- Stillanlegt handfang
- Auðveld uppsetning
- Hámarksþyngd 136 kg.

Verð: 49.750 kr.




Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

praxis
...þegar þú vilt þægindi



Boston leður svart,hvítt,blátt,rautt kr 9.990

Mónako Rúskinn og mikrofíber hvítt,svart 36-46 kr.7.500

Lissabon leður svart,hvítt st. 36-42 kr. 8.900

Verona svart,hvítt st.36-41 kr.7.900

París leður svart,hvítt,blágrátt st. 36-42 kr.9.500

Amsterdam leður svart,hvitt st.36-42 kr. 6.900

Opið mán. – fös. kl. 11–17

Lokað á laugardögum

Boníto ehf. Praxis / praxis.is / friendtex.is
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878


Rúnar Þór Óskarsson og Þórhallur Guðlaugsson sönnuðu í sumar að allt er fimmtugum fært.



# Hjóluðu umhverfis landið á átta dögum

Við vildum sýna sjálfum okkur og öðrum að líkamlegt atgervi þarf ekki að vera bundið aldri," segir hinn fimmtugi Rúnar Þór Óskarsson fjármálaráðgjafi, sem ásamt Þórhalli Guðlaugssyni dósent hjólaði hringveginn á átta dögum í sumar. Þórhall vantar ár í hálfrar aldar afmælið. Þeir hjóluðu án fylgdarbíls og aðstoðar og fóru flesta daga 160 til 200 kílómetra, enda var ferðatíminn á dag 12-14 tímar.

Enga sérstaka reynslu af hjólreiðum segjast þessir kappar hafa en margvísleg líkamsrækt hafi þeir stundað frá unga aldri. „Það reynir ekkert síður á andlegu hliðina að puða svona dag eftir dag," segir Rúnar og Þórhallur tekur undir það. „Sálin reynir alltaf að telja manni trú um að nú sé nóg komið," segir hann og telur góðan félaga jafn mikilvægan og líkamlegt og andlegt þrek við slíkar aðstæður.

Rúnar og Þórhallur fengu ýmis sýnishorn af íslensku veðri. Rigningu og mótvind á Hellisheiði og undir Eyjafjöllunum, þoku á Skeiðarársandi, sól á Djúpavogi, tveggja stiga hita, mótvind og rigningu á Möðrudalsöræfum, norðanbál í Hrútafirði og fárviðri í Hvalfirði og á Kjalarnesi.

Þegar í mark kom höfðu garparnir tveir lagt að baki 1.327 kílómetra. „Þetta var þrekraun," segir Þórhallur. „En hafðist með sæmilega heilbrigðu líferni og jákvæðu hugarfari."

*gun@frettabladid.is*





Nóra
Opið: má-fö. 12:30-18, lokað um helgar.
Dalvegi 16a. Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727 www.nora.is
facebook.com/noraisland




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



**Vestfirðir stefna á umhverfisvottun** Öll sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa samþykkt að róa öllum árum að því að taka upp EarthCheck-umhverfisvottun og stefna að sameiginlegri umhverfisvottun Vestfjarða í heild.

# Tímavélin stillt á 1950

**Kátar íslenskar löggur skiluðu tólf Harley Davidson-mótorfákum í Kaliforníu í gærkvöldi eftir tólf daga reisu um eina frægustu þjóðleið heims, sjálfa Route 66, 3.945 kílómetra leið þvert yfir Bandaríkin.**

„Stemningin var einstök og allir urðum við undrandi á prýðilegri umferðarmenningu Bandaríkjamanna. Hér er hreinlega ekkert yfir öðrum ökumönnum að kvarta og ótrúlegt að verða vitni að aga og tillitssemi ökumanna í þessu milljónasamfélagi. Maður upplifir sig mun öruggari innan um stóra trukka á hundraðinu en á Miklubraut á sextíu,“ segir Sveinn Erlendsson lögreglumaður, sæll eftir vel heppnaða ferð og algjört ævintýri vestra.

„Þjóðleið 66 var eina leiðin sem var opin þvert yfir Bandaríkin fram undir 1950, eða þar til hraðbrautakerfi Bandaríkjanna var sett upp. Eftir það urðu bæir sem áður voru í miklum blóma við Þjóðleið 66 útundan,“ útskýrir Sveinn, en í seinni tíð hefur mikil menning myndast í kringum marga bæina með tilheyrandi skilta- og neonljósaflóði.

„Mikið er gert til að endurvekja gamla tímann og vegurinn þokkalega merktur sem söguleið því þjóðleið 66 er ekki lengur til í þjóðvegakerfinu vestra. Margir reyna að draga fram lífið í anda þess tíma þegar allir fóru þessa þjóðleið í gegnum Bandaríkin, en einnig er mikið um draugabæi og drungalegar bensínstöðvar,“ segir Sveinn, en leggur áherslu á að upp úr standi hversu Bandaríkjamenn séu ræðnir, gestrisnir og natnir að segja frá.

„Þá hefur verið sérstaklega ánægjulegt að rekast á bandaríska starfsbræður okkar sem hvarvetna hafa tekið okkur opnum örmum.




Sveinn Erlendsson lögreglumaður á hjóli sínu á Þjóðleið 66, en bifhjólin tóku lögreglumennirnir á leigu í Chicago.

Það er áhrifamikið að finna sterkt bræðralag lögreglumanna og þegar sprakk á einu hjólanna rétt hjá slökkviliðsstöð var það strax drifið inn í húsaskjól og morguninn eftir búið að fara með það á verkstæði,“ segir Sveinn sem þó bar enga lögreglustjörnu í veskinu eins og bandarískir starfsbræður hans.

„Við höfum enda ekkert þurft að grípa inn í óvænt lögreglustörf og verið í fríi allan tímann, þrátt fyrir draugabæi og dæmigerðar glæpasenur bíómynda,“ segir Sveinn hlæjandi.

„Frá Chicago renndum við blint í sjóinn og þótt við hefðum séð fyrir okkur eitt og annað í huganum, hefur ferðalagið komið á óvart með sjarma sínum og sögu. Það er engu líkara en að tímavélin hafi verið stillt á 1950 því á Route 66 hverfur maður algjörlega á vit gamla tímans innan um skrýtna bæi, sögufræga staði og stórkostlegt landslag þar sem meira að segja eyðimerkurnar eru skemmtilegar yfir að fara,“ segir Sveinn.

En kostaði ferðin ekki skildinginn á íslensku löggulaununum? „Jú, blessuð vertu, ferðalagið var rándýrt, en þegar menn drógu andann hvað dýpst yfir kostnaðaráætluninni var ákveðið að láta samt slag standa því hversu lengi á maður að fresta því að láta drauma sína rætast?“

*thordis@frettabladid.is*

OLANG
Þeir eru komnir

Vinsælu kuldaskórnir
með mannbroddunum
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

YFIRHAFNARDAGAR!
15% AFSLÁTTUR

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

2 alveg OFSALEGA FLOTTIR

teg DECO - saumlaus létt fyllt skál í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 8.850,-

teg PANDORA - alveg meiri háttar push up haldari í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

SADDUR ÁN SAMVISKUBITS
395 KCAL

Fitness Burrito
Heilhveiti tortilla, baunir, kjúklingur, sterk/mild sósa, fajitas, ferskt salsa, kál og sýrður rjómi. 1.190 kr
385 KCAL
Hot´nSweet salat m. kjúkling
Iceberg, dressing, kjúklingur, kornsalsa, sweetchili sósa, nachos og sýrður rjómi
(guacamole +85 kcal) 1.350 kr

383 KCAL

Tacos m. nautahakki
3 tacoskeljar, nautahakk, sterk/mild sósa, ferskt salsa, kál, ostur og sýrður rjómi.
1.340 kr
Culiacan
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is

Vantar þig innpökkunarlausn fyrir jólin?
Bjóðum glæsilegar ítalskar gjafaöskjur
fyrir allt mögulegt:
*Bakkelsi, vín, konfekt, fatnað, handverk ofl.*
Getum pantað öskjur sérsniðnar að þínum óskum!
Pantanir þurfa að berast fyrir 10. október.
Eigum einnig úrval af gjafaöskjum á lager.

GRÆNN MARKAÐUR EHF - ALLT TIL GJAFAINNPÖKKUNAR
GRÆNN MARKAÐUR
EINGÖNGU SALA TIL FYRIRTÆKJA OG ENDURSÖLU AÐILA - EKKI TIL EINSTAKLINGA
GRÆNN MARKAÐUR ehf RÉTTARHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK SÍMI: 535-8500 FAX: 535-8501 info@flora.is

# FERÐIR

MIÐVIKUDAGUR **28. SEPTEMBER 2011**

**Kynningarblað**
sólarferðir
skíðaferðir
rútuferðir
ferðir innanlands
köfun
golfferðir





# Borgir, siglingar, sól, golf og enski boltinn

**Úrval-Útsýn býður upp á fjölbreytt úrval ólíkra ferða í haust og vetur og eftirspurnin hefur tekið stóran kipp, að sögn Þorsteins Guðjónssonar forstjóra. Borgarferðir, golfferðir og skemmtisiglingar eru meðal þess sem í boði er.**

Það er ánægjulegt að segja frá því að við upplifum aukna eftirspurn á þessu ári," segir Þorsteinn Guðjónsson, forstjóri Úrvals-Útsýnar. „Það eru þessar hefðbundnu sólarferðir, til Tenerife og Kanarí, skíðaferðirnar eru á svipuðu róli enda ákveðinn kjarni sem sækir þær, en mesta aukningin er í borgarferðunum. Þar er um að ræða helgarferðir sem duttu nánast út eftir hrunið en eru að detta inn aftur bæði hjá einstaklingum og hópum. Dublin nýtur mikilla vinsælda og önnur skemmtileg borg steinsnar frá London er Brighton, sem er virkilega vinsæl hjá okkur núna í haust, enda mjög lifandi og skemmtileg borg." Aðventuferðir njóta einnig síaukinna vinsælda að sögn Þorsteins. „Við bjóðum upp á ferðir til Dresden og Kaupmannahafnar í jólaundirbúningnum og svo er það orðin hefð hjá mörgum þegar nær dregur jólum að fara í innkaupaferð til New York."



Eftirspurn eftir utanlandsferðum hefur tekið kipp undanfarið ár, að sögn Þorsteins Guðjónssonar, forstjóra Úrvals-Útsýnar. MYND/ANTON

Annað sem Þorsteinn segir hafa komið skemmtilega á óvart er aukin eftirspurn eftir siglingum. „Það er ekki bara bundið við Ísland, það hefur verið ágætis vöxtur í skemmtisiglingum undanfarið og þá helst um Miðjarðarhafið og Karíbahafið. Miðjarðarhafsferðirnar eru þá oft menningartengdar, fólk leggur mikið upp úr skoðunarferðum á viðkomustöðum, en ferðirnar í Karíbahafið eru meiri afslöppunarferðir og snúast um að njóta lífsins. Miðjarðarhafið er vinsælla á sumrin, en ferðirnar í Karíbahafið eru allan veturinn og fram á vorið."

Ferðir fyrir úrvalsfólk, 60 ára og eldra, eru feykivinsælar að sögn Þorsteins og aðsókn í þær alltaf að aukast. „Við erum með skipulagðar ferðir fyrir þennan hóp vor, haust og um vetur. Þessi hópur fer stækkandi, enda fólk alltaf að verða sprækara lengur fram eftir aldri. Þessi hópur hefur tímann og getur þannig lengt sumarið eða brotið niður mesta skammdegið hér heima. Oft getum við boðið upp á hagstæðari ferðir fyrir þennan aldurshóp utan hins hefðbundna ferðamannatíma og fólk virðist kunna vel að meta það."

Ekki má gleyma golfferðunum en Þorsteinn segir eftirspurnina hafa aukist jafnt og þétt ár frá ári. „Við bjóðum upp á golfferðir til Spánar og kappkostum eins og hægt er að vellirnir séu ekki langt frá flugvellinum, þannig að fólk eyði sem minnstum tíma í ferðir. Það er auðvitað þægilegt og gott fyrir golfarana að geta varið sem allra mestum tíma á vellinum. Fólk notar þessar ferðir til að lengja golftímabilið hér heima, þannig að eftirspurnin er mest á vorin og haustin, en við bjóðum líka golfferðir til Tenerife og Taílands á veturna. Það er fastur kjarni sem fer alltaf til Taílands í febrúar og spilar golf. Annað sem tengist sporti er ferðirnar á leiki í enska boltanum, sem sífellt fleiri sækja í og hafa selst eins og heitar lummur nú í haust."

Allar upplýsingar um ferðir Úrvals-Útsýnar er að finna á heimasíðunni www.uu.is.



**ÆVINTÝRIN GERAST Í ÖLPUNUM!**

**Á hverju ári** fara þúsundir Íslendinga í skíðaferðir í Alpana. Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði finna allir brekkur við sitt hæfi. Skíðasvæðin þarna úti eru svo stór og fjölbreytt að á einni viku nær maður að skíða meira en maður gerir á heilum vetri hér heima. Gott veður, nægan snjó, frábærar brekkur, ítalska matargerð og skemmtilegan félagsskap í heilnæmu fjallalofti Alpanna ættu allir að upplifa. Skíðaáfangastaðir Úrvals-Útsýnar í vetur eru Selva val Gardena og Madonna di Campiglio á Ítalíu, en þar eru ein glæsilegustu skíðasvæði heims og vinsælustu skíðaáfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Við höfum reynsluna og vitum hvernig þú vilt hafa skíðaferðina þína.

**BRIGHTON – „LITLA LONDON"**

**Úrval-Útsýn býður** upp á spennandi helgarferðir til Brighton í Englandi í október. Brighton er oft kölluð „Litla London", þar sem hún þykir bjóða upp á allt það sama og London nema að þar er allt smærra og huggulegra í sniðum. Í borginni eru sjarmerandi listamannahverfi þar sem marglituð hús, götumarkaðir, verslanir og götutónlistarmenn mynda einstaka stemningu. Einnig er að finna flottar verslunargötur þar sem hægt er að gera góð kaup. Ferðalangar hafa frjálsar hendur með það hvernig þeir verja tíma sínum í borginni, en ef þörf er á er Anna María Torfadóttir, sem þrautþekkir borgina, þeim til halds og trausts.




# Sögulegar minjar á hafsbotni

**Draumur margra kafara er að kafa niður að skipsflökum enda geyma þau oft afar áhugaverða sögu. Oft og tíðum eru skipsflök á miklu dýpi en til eru nokkur sem kafarar geta komist að. Hér eru nefnd nokkur flök á sjávarbotni víðs vegar um heiminn.**

### 1. Scapa-flóinn við Orkneyjar

Í flóanum er að finna fjölda skipsflaka, flest úr þýska flotanum úr fyrri heimsstyrjöldinni. Stærstu skipin eru Kronprinz Wilhelm, Markgraf og SMS König, sem liggja á 25 metra dýpi. Þrátt fyrir fremur lélegt skyggni, frá 2 upp í 30 metra, er staðurinn vinsæll meðal kafara enda á fáum stöðum hægt að komast að jafn mörgum skipsflökum í einu.

### 2. Bikini-kóralrifið við Marshall-eyjar

Í mörg ár var lónið við rifið skipagrafreitur bandaríska hersins og því úr mörgum skipsflökum að velja fyrir kafara. Merkilegast þykir hið 300 metra langa flugmóðurskip USS Saratoga, sem sökkt var í fyrstu atómsprengjutilrauninni árið 1946.

### 3. Andrea Doria í Norður-Atlantshafi

Andrea Doria var ítalskt farþegaskip sem sökkt var nærri Nantucket árið 1956. Það liggur á 73 metra dýpi og hefur verið kallað Everest-fjall kafara. Aðeins reyndustu kafarar hætta sér að skipinu enda hafa fimmtán kafarar dáið þar.

### 4. Chuuk-lónið í Míkrónesíu í Kyrrahafi

Hér er að finna grafreit um sextíu japanskra herskipa sem bandaríski herinn sökkti árið 1944. Mörg skipin liggja á aðeins 10 til 15 metra dýpi í kristaltærum sjó og eru því gríðarmikil upplifun fyrir kafara. Eitt áhugaverðasta flakið er af Fujikawa Maru, 132 metra löngu fragtskipi. Það er alsett litríkum kóröllum og enn má finna þar sæbarðar sake-flöskur.

### 5. Thistlegorm í Rauðahafi við Sharm el-Sheikh

SS Thistlegorm var breskt herskip sem sökkt var aðeins ársgömlu í október 1941 nærri Ras Muhammad í Rauðahafinu. Skipið var að flytja vörur fyrir breska herinn. Svæðið allt kringum Sharm el-Sheikh þykir henta einkar vel til köfunar.

### 6. Umbria í Rauðahafi við Súdan

Umbria var ítalskt vöruskip sem sökkt var árið 1940. Það liggur á 5 til 35 metra dýpi og þykir fullkominn áfangastaður kafara. Ef vel er gáð glittir í Fiat-bíla, vínflöskur og björgunarbáta.

### 7. Zenobia við Kýpur

Zenobia er mun nýlegra skip en þau sem á undan eru nefnd. Bílaferjan sökk í sinni fyrstu ferð árið 1980 vegna bilunar í tölvubúnaði. 104 bílar voru um borð í skipinu, sem er 178 metra langt, og margt er þar að skoða.

### 8. Yongala í Ástralíu

Farþegagufuskipið Yongala sökk árið 1911 þegar fellibylur skall skyndilega á. Allir um borð létust. Skipið liggur í himnaríki kafarans í kóralrifinu mikla, Great Barrier Reef, við Ástralíu. Skipið er orðið að gervirifi og þar er að finna urmul af dýralífi.



Kafarar kanna hinar fjölbreyttu minjar á skipinu USS Coolidge, sem liggur á botni Kyrrahafs nálægt eyríkinu Vanúatú. Skipið liggur á tuttugu til fjörutíu metra dýpi og því er auðvelt að komast að því. NORDICPHOTOS/GETTY

### 9. USS Coolidge í Vanúatú

Coolidge var lúxusskip en var notað til að flytja hermenn Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni. Það sökk 1942. Skipið er 198 metrar að lengd og auðvelt er að komast að því þar sem það liggur á 20 til 40 metra dýpi. Margt er að skoða, til dæmis herminjar á borð við byssur, trukka, hjálma og gasgrímur. Þá þykir sjúkrastofan einkar áhugaverð, svo og snyrting skipstjórans.

### 10. Oriskany í Flórída

Flugmóðurskipinu Oriskany var sökkt af ásettu ráði árið 2004 við strönd Flórída. Skipið er nú stærsta gervirif heims. Skipið er 275 metra langt og var eitt sinn notað í stríðinu við Víetnam.



Reykjavík Natura er nýuppgert og notalegt.




Bergþóra Ragnarsdóttir og Ingibjörg Dís, Gylfadóttir starfa í hópadeild Flugfélags Íslands og taka við pöntunum í síma 5703075 og á hopadeild@flugfelag.is. MYND/STEFÁN

# Flug og gisting saman í pakka

**Skemmtum okkur innanlands og Burt úr bænum er yfirskrift pakkaferða sem Flugfélag Íslands dregur upp úr hatti sínum á haustin. Þær henta bæði hópum og einstaklingum. Bergþóra Ragnarsdóttir og Ingibjörg Dís Gylfadóttir eru fróðar þegar kemur að þeim ævintýrum.**

Hópatilboðin eru vinsæll kostur fyrir vinahópa sem vilja skemmta sér saman og oft er líka farið í vinnu- og hvataferðir út á land," segir Bergþóra Ragnarsdóttir í hópadeild Flugfélagsins og segir lágmarksfjölda í slíkar ferðir tíu manns. Ingibjörg Dís er í sömu deild og tekur fram að pakkaferðir henti líka fyrir fjölskyldur og einstaklinga sem kaupi sér þá flug og gistingu saman. Bæði tilboðin gildi frá 1. september til 30. apríl.

Áfangastaðir Flugfélags Íslands eru fjórir hér innanlands. Þeir eru Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og Reykjavík. Einnig heldur félagið uppi áætlunarferðum til Grænlands og Færeyja. Bergþóra segir Færeyjar stöðugt sækja á í vinsældum. „Fólk er að átta sig á að stutt er til Færeyja og að þar er margt að sjá og skoða. Við erum með skemmtiferðir þangað frá föstudegi til mánudags í samvinnu við Atlantic Airways en auðvitað er hægt að stoppa yfir miðja vikuna ef menn velja það." Ingibjörg bætir við að verslanir í Þórshöfn séu lokaðar á sunnudögum en hægt sé að fara í dagsferðir út frá Þórshöfn og gaman sé að hitta á færeyskan dansur. „Við erum með samning við Hótel Hafnia í miðborg Þórshafnar fram í miðjan desember. Þar fylgir einn kvöldverður og einn hádegisverður í tilboðinu."

Á Akureyri eru þrjú hótel í boði. Það er hið nýja Icelandair hótel Akureyri sem var opnað í sumar uppi á Brekkunni og Hótel KEA og Hótel Akureyri, sem bæði eru í miðbænum. „Í fyrra buðum við upp á flug, gistingu og leikhús og munum setja saman slíka pakka um leið og sýningar hefjast hjá Leikfélagi Akureyrar," lofar Bergþóra. „Annars er fullt af afþreyingu á Akureyri og góðum veitingastöðum," bætir Ingibjörg við.

Á Egilsstöðum er Hótel Hérað í samstarfi við Flugfélagið í pakkaferðum. „Við förum líka út fyrir Egilsstaði, til dæmis á Hótel Ölduna á Seyðisfirði og gistihúsið á hinum upprunalegu Egilsstöðum, og á Ísafirði er Hótel Ísafjörður aðalgistiaðstaðan okkar," segir Bergþóra.

„Svo má ekki gleyma höfuðborgarsvæðinu," segir Ingibjörg. „Borgin er auðvitað vinsæl hjá landsbyggðarfólki og nýja Natura hótelið, sem áður hét Hótel Loftleiðir, er heillandi gististaður, með Spa og dekur. Svo eru Hilton, Hótel Björk í Brautarholti, Hótel Hafnarfjörður og fleiri í góðu samstarfi við okkur."

Þær stöllur taka fram að hótelin geti að sjálfsögðu sett saman hópamatseðla ef pantað sé fyrirfram og mörg þeirra búi yfir góðri aðstöðu fyrir hópa til að halda minni háttar teiti.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



# Borgarferðir

## Í HAUST

Sérferð til

## Vínarborgar & Györ

**18.-23. október**

Fararstjóri: Ása María Valdimarsdóttir

Skemmtileg 6 daga sérferð til **Austurríkis** og **Ungverjalands**. Dvalið í 2 nætur í **Vínarborg**, þar sem fallegar byggingar og hallir setja sterkan svip á borgina. Vínarborg er þekkt fyrir að vera mikil tónlistarborg og ber þann titil með reisn. Síðan er dvalið í borginni **Györ** í 3 nætur. Györ er skammt frá landamærum Austurríkis og Slóvakíu. Einstaklega falleg og vinaleg borg og hefur hlotið Evrópuverðlaunin fyrir varðveislu og viðhald sögulegra bygginga í gamla miðbænum. Kynnisferðir um **Vínarborg**, **Bratislava**, **Györ**, **Sopron** og **Budapest** innifaldar í verði.

Netverð: **134.800 kr.** á mann í tvíbýli **148.700 kr.** á mann í einbýli

**Innifalið:** Flug til og frá Budapest, skattar, gisting á 3* hótelum í 5 nætur. Hálft fæði. Kynnisferðir um Vínarborg, Bratislava, Györ, Sopron og Budapest. Akstur til og frá flugvelli og á milli áfangastaða.
Íslensk fararstjórn miðað við lágmarksþátttöku 20 manns.



Heimsferðir bjóða einnig tvær helgarferðir til annars vegar Búdapest og hins vegar til Ljubljana í beinu flugi. Haustið er einstakur tími til að heimsækja þessar borgir.



## Budapest

**18. október í 5 nætur**

**Frá kr. 79.900**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Star Inn *** í 5 nætur með morgunverði. Aukagjald fyrir einbýli 15.900.





## Ljubljana

**20. október í 4 nætur**

**Frá kr. 89.900**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Park *** í 4 nætur með morgunverði. Aukagjald fyrir einbýli 13.900.



ENNEMM / SÍA • NM48322 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# Sitt lítið af hverju

**Í stærri byggðarlögum Íslands er ýmislegt hægt að gera sér til dundurs, hvort sem fólk langar til að versla, prófa eitthvað nýtt eða einfaldlega borða ís og fara í sund. Ferðir leit við í þremur kaupstöðum.**

## Akureyri

Það er eitthvað sérstakt við það að versla úti á landi. Á Akureyri er á nokkrum stöðum hægt að gera góð kaup á heimilisvörum. Ein sú allra skemmtilegasta með antikmuni er Frúin í Hamborg í Hafnarstræti. Önnur góð verslun er síðan Sirka, sem selur nýjar vörur, húsmuni, íslenska hönnun og fleira til en Reykvíkingar hafa margir hverjir nýtt sér vefverslun hennar.

Góð söfn eru víða á Akureyri. Í Friðbjarnarhúsi í Innbænum er hægt að skoða alls kyns gömul leikföng, en opið er á safninu á laugardögum í vetur frá klukkan 14-16 auk þess sem hægt er að panta skoðun sérstaklega utan þess tíma. Margt vekur þar athygli, má nefna nákvæma eftirlíkingu af rútunni sem fór í Hlíðarfjall fyrir mörgum árum.

## Egilsstaðir

Minjasafn Austurlands er forvitnilegt heim að sækja, en yfir vetrartímann er það opið frá mánudegi til föstudags. Einar merkustu fornleifaminjar sem fundist hafa hér á landi, Þórisárkumlið svokallaða, eru meðal þeirra gersema sem þar eru til sýnis.

Lagarfljótið er eitt af því fyrsta sem fólki dettur í hug þegar minnst er á Egilsstaði. Boðið er upp á siglingar á Lagarfljóti en möguleikar til útivistar á Egilsstöðum eru endalausir; hesta- og hjólaleigur og nokkur fyrirtæki sérhæfa sig í jeppa- og jöklaferðum.

## Vestmannaeyjar

Erfitt er að fá nóg af náttúrufegurð Vestmannaeyja og eru skemmtilegar gönguleiðir ótalmargar. Fyrir göngufólk sem langar í smá áskorun er mælt með göngu upp á Há, yfir Dalfjall og niður í Stafsnes. munið bara að fara varlega og ekki of nærri bjargbrúnum.

Sundlaug Eyjamanna er rómuð, en í henni er saltvatn, sem gerir sundið léttara. Þá býðst laugargestum að skella sér í gufubað og þreksalinn.

Ekki má gleyma að minnast á elstu byggingu Vestmannaeyja, Landakirkju, en prédikunarstóllinn er eftirtektarverður, þar sem hann er fyrir miðri kirkju. Upplagt er að fara í messu til að fullkomna upplifunina, dvelji maður yfir helgi í byggðarlaginu.


Verslun á Akureyri er blómleg. Hægt er að gleyma sér tímunum saman í Frúnni í Hamborg.


Möguleikar til útivistar eru margvíslegir í Vestmannaeyjum.


Þó að flestir þekki Lagarfljót hafa færri siglt á því.


Rútufloti fyrirtækisins er fjölbreyttur. Fjórhjóladrifnar rútur, lúxusrútur, hefðbundnar rútur og fleira til.


Helena Herborg Guðmundsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Guðmundi Tyrfingssyni, segir óvissu- og starfsmannaferðir afar vinsælar um þessar mundir.

# Getum skipulagt ferðir frá a-ö

**Flestir tengja grænar rútur við fjölskyldufyrirtækið Guðmund Tyrfingsson, sem starfrækt hefur verið í um fjörutíu ár. Skemmtiferðir þess innanlands njóta mikilla vinsælda.**

Leið okkar liggur hvert þangað sem fólk vill fara innanlands. Styttri og lengri ferðir, starfsmanna- og óvissuferðir, afmælisferðir, til að mynda á æskuslóðirnar og hvað sem fólki í raun dettur í hug er í boði. Þá keyrum við til að mynda hópa á vegum íþróttafélaganna mikið," segir Helena Herborg Guðmundsdóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Guðmundi Tyrfingssyni.

Rúturnar sjálfar eru mjög fjölbreyttar, taka allt frá 8 til 62 farþega en rútuflotanum tilheyra fimmtíu rútur, af öllum stærðum og gerðum. „Við erum með fjórhjóladrifnar rútur, sérstakar lúxusrútur og hefðbundnar rútur. Á þessum árstíma eru hvers kyns starfsmanna- og óvissuferðir mjög vinsælar."

Fyrirtækið skipuleggur ferðirnar frá a til ö og þá oft í samstarfi við hópinn eða forsvarsmenn hans, þar sem fólk er með sérstakar óskir um áfangastaði og hvað skal gert í ferðinni. „Oft er fólk líka mjög upptekið en langar að gera eitthvað skemmtilegt. Þá komum við með nokkrar tillögur og getum séð alfarið um skipulagninguna. Einnig skipuleggjum við skemmtilegar óvissuferðir þar sem jafnvel aðeins einn til tveir vita hver dagskráin nákvæmlega er."

Þá býðst mjög skemmtilegur og ódýr möguleiki fyrir hópa þar sem einhver er með rútupróf, en það er að leigja út rútu án bílstjóra. Slík ferð getur verið afar persónuleg fyrir til að mynda fjölskylduhópa.

Að sögn Helenu dettur Íslendingum ýmislegt í hug en um þessar mundir eru ferðir á Draugasetrið á Stokkseyri vinsælar, hellaskoðun og aðrar slíkar ferðir sem valda auknum hjartslætti. Einnig eru endalausir möguleikar á alls kyns ratleikjum. Að stoppa einhvers staðar og borða saman á veitingastað er líka oft hluti af dagskránni.

> **Ein vinsælasta ferðin er þannig samansett að farið er í aparólu, Draugasetrið heimsótt, borðað og jafnvel fenginn dansari til að kenna línudans.**

„Ein vinsælasta ferðin í dag er þannig samansett að farið er í aparólu, Draugasetrið heimsótt, borðað einhvers staðar og jafnvel fenginn dansari sem kennir hópnum línudans, partídans eða annað. Þetta hristir hópinn vel saman. Þá er bjórsmökkun í brugghúsinu sem er rétt hjá Selfossi mjög vinsæl en þetta skipuleggjum við allt fyrst og fremst út frá því hvað fólk vill gera."

Helena segir þó það allra mikilvægasta í huga starfsfólks Guðmundar Tyrfingssonar vera öryggismálin. „Belti eru í öllum sætum og yfir þrjátíu rútur eru með þriggja punkta öryggisbelti. Þá eru umhverfismálin okkur ofarlega í huga, við erum með umhverfisvottun og leggjum mikið upp úr því að fá rútur sem menga minna."

Að lokum má geta þess að á fyrirtækið er með síðu á Facebook þar sem leikur stendur yfir en vinningurinn er vinsælasta ferðin fyrir allt að þrjátíu manns í lúxusrútu. Dregið verður 30. september.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



3 til 5 nátta

# Borgarferðir

í haust með VITA







## DUBLIN
ÍRLANDI

**3. nóv.**
**3 nætur**

4 sæti laus!

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

**Verð frá 75.200 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Camden Court Hotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 85.200 kr.

## RIGA
LETTLANDI

**7. okt.**
**3 nætur**

Örfá sæti laus!

Falleg borg með steinlögðum strætum og merkum byggingum frá fyrri öldum. Saga, menning, góðir veitingastaðir og fyrirtaks verslanir.

**Verð frá 69.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Hotel Albert í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 79.900 kr.

## EDINBORG
SKOTLANDI

**13. okt. til 18. okt.**
**5 nætur**

Uppselt!

**27. okt. og 17. nóv.**
**3 nætur**

**3. nóv.**
**5 nætur**

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri.

**Verð frá 74.400 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar

M.v. 2 í tvíbýli á Mount Royal, 17. nóv. í 3 nætur.
Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 84.400 kr.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 56054 08/11

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP



Við erum flutt!

Suðurlandsbraut 2
Hilton Reykjavik Nordica

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

## AUKATASKA Í TÖSKUNNI



**Utanlandsferðir nýtum** við gjarnan til að versla. Ef búist er við að fylla duglega á fataskápinn er gott ráð að taka lítið með sér út. Í hálftóma ferðatöskuna skal þá smeygja annarri tösku, til dæmis íþróttatösku sem auðveldlega má brjóta saman. Fötin sem eru keypt skal brjóta vel saman og sniðugt er að leggja flíkur eins og boli og pils slétt í botninn á ferðatöskunni. Í hliðar og horn skal smeygja upprúlluðum flíkum, sokkum og nærfötum. Rúllið upp fötunum sem eiga að fara í íþróttatöskuna.

Áður en fólk gefur sér lausan tauminn í búðunum er gott að kynna sér tollareglur. Á Vefsíðunni www.tollur.is segir að flytja megi með sér tollfrjálst til landsins „varning sem fenginn er erlendis, í fari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi, að verðmæti allt að kr. 65.000, miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Verðmæti einstaks hlutar skal þó að hámarki vera kr. 32.500."

## HEITAR TÆR OG TEYGJUR Í FLUGVÉL



**Eftir að flugvélin hefur tekið á loft** er gott að fara úr skónum og teygja aðeins úr tánum svo betur fari um þig í ferðinni. Í löngu flugi er mælt með því að standa öðru hvoru upp og ganga aðeins milli sæta í vélinni til að koma blóðinu á hreyfingu. Þá er gott að gera léttar æfingar eins og að kreppa og rétta úr ökklum, snúa þeim í hringi og kreppa og rétta úr tám. Einnig er sniðugt að hafa með sér hlýja sokka til að bregða sér í, sérstaklega ef fólk ætlar að reyna að sofna. Kaldar tær í þröngum skóm geta haldið vöku fyrir fólki.








## NOKKRAR STÓÐRÉTTIR ENN EFTIR

**Réttarstörfum fer óðum að ljúka** um land allt. Mikil upplifun er að fara í réttir, bæði fyrir unga og aldna, ekki síst eru stóðréttir skemmtileg upplifun. Enn á eftir að rétta hross á fimm stöðum á landinu. Þrjár réttir verða laugardaginn 1. október, það eru Tungurétt í Svarfaðardal klukkan 10, Víðidalstungurétt í Víðidal í Vestur-Húnavatnssýslu klukkan 13 og Flókadalsrétt í Fljótum í Skagafirði klukkan 13. Þá verða tvær réttir viku síðar, 8. október. Það eru Þverárrétt ytri í Eyjafjarðarsveit og Melgerðismelarétt í sömu sveit.



Seljalandsfoss er fagur á að líta.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## NÝJAR TRÖPPUR

**Nýjar tröppur** voru settar upp við Seljalandsfoss nýlega. Þær bæta verulega aðgengi að fossinum. Þúsundir ferðamanna fara á bak við hann á hverju ári. Mikið var lagt upp úr hönnun á tröppunum þannig að þær myndu bæði falla vel að landinu og valda sem minnstri röskun. Verkefnið var meðal þeirra sem hlutu styrk frá Ferðamálastofu á þessu ári vegna úrbóta á ferðamannastöðum. Umsjón með verkefninu hafði Oddur Hermannsson hjá Landform ehf. á Selfossi en uppsetning var í höndum Vélsmiðjunnar Magna á Hvolsvelli.




# flugrútan

# RÚTAN SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!

## NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT

**Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

| Mán. – lau. | Sun. |
|---|---|
| **04:20** | **04:20** |
| 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 |
| 06:00 | 06:00 |
| 06:30 | 06:30 |
| 08:00 | 08:00 |
| 09:30 | |
| 10:30 | 10:30 |
| 11:30 | 11:30 |
| 12:30 | 12:30 |
| 13:30 | 13:30 |
| 14:00 | 14:00 |
| 15:00 | 15:00 |
| 16:00 | |
| 21:00 | 21:00 |
| 22:00 | 22:00 |
| 23:00 | 23:00 |

Gildir til og með 31. ágúst.

**50% afsláttur** fyrir morgunhana sem ferðast með 04:20 brottförinni.

VERÐ 975 ~~1950~~ KR. önnur leiðin

Brottfarir frá Umferðarmiðstöðinni til Keflavíkurflugvallar.

VERÐ 1950 KR. önnur leiðin

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll

Bókaðu á www.flugrutan.is

**Alltaf laus sæti!**




Skannaðu QR kóðann með snjallsímanum þínum

SAF ★★★ STARFSMENNTA-VIÐURKENNING 2011

Ferðaskrifstofa

GLOBAL PASSENGER NETWORK®

# flugrútan

BSÍ Umferðarmiðstöðin • 101 Reykjavík
☎ 580 5400 • main@re.is • www.flugrutan.is

EXPO · www.expo.is



## HÍBÝLI EINRÆÐISHERRA OG HRYÐJUVERKAMANNS

**Illmenni sögunnar** kitla áhuga margra. Því er kannski ekki að undra að sumir leggi upp í ferðalög til að líta augum þá staði þar sem illvirki hafa verið framin eða þar sem illvirkjarnir sjálfir hafa dvalið.

Þannig er Arnarhreiður Adolfs Hitler afar vinsæll áfangastaður ferðamanna. Arnarhreiðrið er fallegt hús á toppi Kehlsteinfjalls í Bæjaralandi, en þar dvaldi Hitler oft á sumrin eða þegar hann vildi slaka á.

Nýlegar fréttir hafa einnig borist af því að innlendir og erlendir ferðamenn streymi til bæjarins Abbottabad í Pakistan til að skoða húsið þar sem bandarískir hermenn drápu Osama bin Laden í maí á þessu ári.





## MESSA Í ÓSLÓ

**Íslandsstofa kannar** áhuga fyrirtækja á þátttöku í ferðasýningunni Reiselivsmessen sem haldin verður dagana 13. til 15. janúar 2012 í Ósló. Um er að ræða nýja sýningu með áherslu á neytendur en fyrri hluti föstudagsins 13. janúar er ætlaður fagfólki.

Sýningin fer fram í Telenor Fornebu-höllinni í Ósló.

HEIMILD/WWW.SAF.IS





Hvort sem um er að ræða gamlar skíðakempur eða fólk sem er að fara í fyrsta sinn á skíði, finna allir brekkur við sitt hæfi í ítölsku Ölpunum. Gott veður, nægur snjór, frábærar brekkur, ítölsk matargerð og skemmtilegur félagsskapur í heilnæmu fjallalofti Alpanna, er eitthvað sem allir ættu að upplifa. Selva val Gardena og Madonna di Campiglio á Ítalíu eru ein glæsilegustu skíðasvæði heims og eru vinsælustu skíðaáfangastaðir Íslendinga undanfarin ár. Við höfum reynsluna og vitum hvernig þú vilt hafa skíðaferðina þína.

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585-4000 | URVALUTSYN.IS



**Steve Mattin,** fyrrverandi yfirhönnuður hjá Volvo, hefur verið ráðinn til Lada-verksmiðjanna í Rússlandi en Lada, sem hefur verið í mikilli lægð, ætlar að setja 20 nýjar gerðir á markað næstu fimm árin.





Verið er að leggja lokahönd á ökugerði á landsvæði Bílaklúbbs Akureyrar.

# Nýtt ökugerði fyrir norðan

**Verið er að leggja lokahönd á nýtt ökugerði ofan Akureyrar. Það fullkomnasta á landinu, segir Björgvin Ólafsson hjá Bílaklúbbi Akureyrar.**



Björgvin Ólafsson

„Þetta er klárlega það fullkomnasta sinnar tegundar á öllu landinu og á eftir að gjörbylta bæði ökukennslu og akstursíþróttum," hefur Björgvin Ólafsson hjá Bílaklúbbi Akureyrar að segja um nýtt ökugerði sem verið er að leggja lokahönd á á landsvæði félagsins ofan Akureyrar. Stefnt er að því að taka ökugerðið í notkun í næsta mánuði.

Að sögn Björgvins verður í ökugerðinu að finna þær ólíku aðstæður sem ökumenn geta ratað í allan ársins hring og reynslan af notkun þess því ómetanleg. „Þarna geta þeir spreytt sig á tíu metra breiðum og hundrað metra löngum, beinum hálkubrautum og hálkubrautum í beygjum sem er verið að leggja um þessar mundir. Svo er 700-750 metra malbikaður hringur til að keyra eftir, malarbrautir, veltibíll og fólk getur fengið að prófa beltasleða sem gefur raunsanna mynd af árekstri við 20 kílómetra hraða. Hann sýnir að þótt hraðinn sé lítill er höggið ótrúlegt. Þessir möguleikar eru hvergi allir fyrir hendi annars staðar á landinu."

Björgvin segir ökugerðið uppfylla alla staðla sem Umferðarstofa setur. Til byrja með geti ungir ökumenn hlotið eldskírn sína á svæðinu áður en fullt ökuskírteini er gefið út. „Það er í takt við nýja reglugerð sem var gefin út á síðasta ári og skyldar ökunema til að sækja ökutíma í ökugerði. Akureyrarbær hefur fram að þessu verið með undanþágu frá henni sökum aðstöðuleysis. Með þessu breytist það," upplýsir hann.

Hann segir svo til standa að stækka og bæta aðstöðuna er fram líða stundir. „Ökugerðið sem fyrirtækið Ökugerði Akureyrar leigir í samstarfi við ökukennara og síðan spyrnubrautin og torfærusvæðið sem fyrir eru, eru raunverulega fyrsta skrefið í alvöru akstursíþróttasvæði Bílaklúbbsins. Við erum að vinna að fjármögnun 3,2 kílómetra kappakstursbrautar sem til stendur að leggja og verður vonandi til innan tveggja til þriggja ára."

Í sumar stóð Bílaklúbbur Akureyrar fyrir svokölluðum „drift"- og „burnout"-keppnum á svæðinu. Með tilkomu nýju brautanna segir Björgvin hægt að taka inn stærri bíla á svæðið auk þess sem boðið verði upp á umfangsmeiri viðburði. „Á næsta ári verður hér stór og svakaleg torfærukeppni, Fia Nes, sem er samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja," segir Björgvin og lofar góðra skemmtun.

roald@frettabladid.is



Hér má sjá hvernig svæðið kemur til með að líta endanlega út. MYND/TEIKN Á LOFTI

## Nýr Subaru væntanlegur

NÝR SUBARU CV MEÐ SPARNEYTNARI VÉL VAR KYNNTUR Á BÍLASÝNINGU Í FRANKFURT. HANN ER VÆNTANLEGUR TIL LANDSINS EFTIR ÁRAMÓT.

Nýja XV gerðin af Subaru er væntanleg til landsins eftir áramót. Subaru XV verður fjórhjóladrifinn með þverliggjandi Boxer-vél og sítengt aldrif eins og tíðkast hefur í Subaru í fjölda ára. Hæð undir lægsta punkt er 22 cm.

XV er með nýja og endurbætta 2,0 lítra bensín vél sem er 148 hestöfl og talin ein sú sparneytnasta í sínum stærðarflokki eða nálægt 5,5 lítrum á hverja 100 km. Subaru XV verður einnig hægt að fá með Boxer-dísilvél og beinskiptingu og þá er hann sagður eyða 4,7 lítrum á hverja 100 km.

Subaru XV er með nýrri stiglausri CVT-sjálfskiptingu sem hefur verið endurhönnuð sérstaklega fyrir XV-bílinn með það að leiðarljósi að nýta eldsneytið sem best. Sjálfskiptur XV er með 60:40 (framan/aftan) afldreifingu á milli fram- og afturhjóla sem gerir aksturinn stöðugan. VDC (Vehicle Dynamic Control) stöðugleikastýring er einnig staðalbúnaður í nýja bílnum.

Til að spara eldsneyti er XV með start/stop-tæknibúnað sem drepur á vélinni um leið og bíllinn stoppar og ræsir hana síðan strax aftur þegar stigið er á eldsneytisgjöfina.



Subaru XV












# Hagvaxtarspá AGS fyrir árið 2011




## HAGVAXTARÞRÓUN 2005-2012




## ROBERT ZOELLICK



„Heimurinn er á hættusvæði. Árið 2008 sögðu margir að þeir hefðu ekki séð óróann fyrir. Nú hafa leiðtogar ekki þá afsökun. Hættulegir tímar kalla á hugrakkt fólk," sagði Robert Zoellick, forstjóri Alþjóðabankans, á blaðamannafundi í síðustu viku.

## CHRISTINE LAGARDE



„Rétt eins og þegar alþjóðlega fjármálakrísan skall á fyrir þremur árum stöndum við nú frammi fyrir vali. Þá sameinaðist alþjóðasamfélagið og brást við skynsamlega og kröftulega. Við komum í veg fyrir kreppu af sömu stærðargráðu og kreppan mikla. Nú verðum við að bregðast skynsamlega við aftur," sagði Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, við setningu ársfundar sjóðsins í síðustu viku.

magni frá einkaaðilum en takist það ekki, þá með opinberu fjármagni.

Í þriðja og síðasta lagi mælir AGS með því að til lengri tíma vinni stjórnvöld í flestum ríkja Vesturlanda að því að auka sparnað heima fyrir á kostnað neyslu. Hin hliðin á þeim peningi er að nýmarkaðsríki á borð við Kína leggi áherslu á að auka neyslu heima fyrir og minnka sparnað. Er ójafnvægið milli sparsamra nýmarkaðsríkja og eyðslusamra iðnríkja talin ein af orsökum vandræðanna sem iðnríkin glíma nú við.

Fyrri aðgerðirnar tvær miða að því að tryggja að þjóðríki, fyrirtæki og heimili dragi ekki öll á sama tíma úr eftirspurn sinni eftir vörum og þjónustu sem drægi verulega úr þrótti þeirra hagkerfa sem um ræddi. Sú síðasta miðar hins vegar að því að auka heilbrigði heimshagkerfisins til lengri tíma.

Sé stöðumat AGS rétt er ljóst að ærin verkefni bíða stjórnvalda víða um heim. Það er vonandi að hingað til hikandi stjórnmálamönnum takist að inna þau af hendi. Annars gætu verið erfið ár framundan á Vesturlöndum.



**ÁHYGGJUFULLIR LEIÐTOGAR** Yfirlýsingar pólitískra leiðtoga á ársfundi AGS um aðgerðir til að stemma stigu við annarri niðursveiflu á Vesturlöndum virtust valda mörkuðum vonbrigðum, þá sérstaklega loðin yfirlýsing frá G20, hópi tuttugu stærstu hagkerfa heims, sem þó hét því að gera það sem til þyrfti til að koma í veg fyrir nýja kreppu. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir



GAMLA MYNDIN



# Sauna-kassi og annars konar heilsurækt

## Íslendingar voru afar fljótir að tileinka sér alls kyns nýjungar í heilsuræktarmálum.

Hreyfing og hvers konar líkams- og heilsurækt er flestum landsmönnum ofarlega í huga og jafnan er fjölmennt í tækjasölum líkamsræktarstöðva um allt land.

Heilsuræktaræðið á sér langa sögu og hefur tekið á sig ýmsar myndir í gegnum tíðina.

Í viðtali við Vísi um miðjan áttunda áratuginn sagði eigandi Heilsulindarinnar, þar sem meðfylgjandi mynd var tekin, að aðsóknin væri góð og fólk á flestum aldursskeiðum kæmi þangað til að hressa sig við. Margir af gestunum væru þó útivinnandi. „Til dæmis þeir sem skrifa og svo konur sem hafa prjónað of mikið og hafa þreyst,“ sagði eigandinn.

Fjölbreytt þjónusta var í boði í Heilsulindinni, sem og öðrum heilsuræktum í borginni.

Á myndinni má sjá einn ánægðan viðskiptavin sitja í saunakassanum og lesa blað á meðan.

Einnig mátti þar leggjast á sjálfvirkan nuddbekk, fara í ljósaböð og síðast en ekki síst taka einn umgang á grenningarbeltinu fræga. - þj

# Vinnutölvan kölluð upp í símann

Í SÍMANUM MEÐ JÓNI AÐALSTEINI



Það getur komið sér vel að geta tengst vinnutölvunni heima í stofu. Til þessa hefur fartölva og VPN-tenging verið sú leið sem liggur beinast við þegar sú aðstöðaða kemur upp. Eins og margir kannast eflaust við getur slíkt pirrað betri helminginn.

Með tiltölulega nýlegri sýndarlausn frá bandaríska tæknifyrirtækinu VMWare er hægt að ganga enn lengra og tengjast vinnuumhverfinu með bæði farsíma og spjaldtölvu óháð því hvar í heiminum viðkomandi er staddur. Þetta getur að sjálfsögðu komið sér vel fyrir margar starfsstéttir, svo sem lækna og kennara sem þurfa að fara á milli stofa en þurfa að nálgast upplýsingar úr vinnutölvum sínum.



Engu skiptir hvaða stýrikerfi er keyrt á farsímanum eða spjaldtölvunni, vinnuumhverfið, sem vistað er miðlægt á netþjóni, er hægt að kalla fram með mjög einföldum hætti svo lengi sem nettenging er til staðar.

Reyndar má komast hjá nettengingunni þegar sinna þarf vinnu í flugi. Þegar svo stendur á er mögulegt að afrita vinnuumhverfið yfir á ferðatölvu, vinna á hana á meðan flugi stendur og senda breytingarnar sjálfvirkt aftur til miðlægs netþjóns eftir lendingu þegar til áfangastaðar er komið.

Nokkrir þættir þurfa að vera fyrir hendi til að tengjast tölvum með þessum hætti. Í fyrsta lagi þarf fyrirtækið sem viðkomandi starfar hjá að hafa komið sér upp miðlægu vinnuumhverfi. Í öðru lagi þarf að nálgast forrit í netverslun fyrir snjallsíma, spjaldtölvur og þau stýrikerfi sem þau keyra á (e. app) og setja það upp.

Guðmundur Arnar Þórðarson, lausnaráðgjafi hjá Nýherja, segir sýndarlausn sem þessa geta aukið verulega hagræði fyrir alla, hvort heldur er fyrir starfsmenn fyrirtækja og fyrirtækin sjálf. Starfsmenn fyrirtækja séu frjálsari en áður enda þurfi þeir ekki að hanga fyrir framan tölvur sínar. Í ofanálag geta þeir ráðið því sjálfir hvernig tæki þeir nota til að kalla vinnuumhverfi sitt fram. Í þriðja lagi er öryggið meira en áður; vinnugögn eru vistuð á miðlægu neti og því glatast þau ekki týnist tölvan eða tækið sem unnið er á hverju sinni. Gögnin eru dulkóðuð og því getur þriðji aðili ekki komist í þau.

Hvað fyrirtækin varðar þá geta þau sparað sér háar fjárhæðir með miðlægri vistun útstöðva og gagna og því komist hjá því að kaupa og reka hefðbundnar útstöðvar. Til þess er VMware-sýndarvæðing vel fallin en hún býður uppá að keyra mörg stýrikerfi samtímis á einum eða fleiri netþjónum. Þegar hefðbundnum útstöðvum er skipt út fyrir léttari tæki, spari fyrirtækið rafmagn. „Fyrirtækið geta sparað allt að ellefu þúsund krónur á ári fyrir hvern notanda í rafmagni“ segir Guðmundur.

Sýndarvæðing útstöðva – eins og þessi möguleiki er kallaður á fagmáli – er nú þegar í prófunum hjá nokkrum fyrirtækjum hér á landi. Guðmundur segir þetta risastórt skref, kannki eitt það stærsta sem stigið hafi verið frá því einmenningstölvan kom á markað.



FYRIRTÆKIÐ



**ÁHRIFARÍK NÝJUNG** Hilmir Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri íslenska nýsköpunarfyrirtækisins ReMake Electric, með eftirlitsbúnaðinn sem hefur vakið mikla lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Betra eftirlit *sparar raforku*

## Nýsköpunarfyrirtækið ReMake Electric hefur þróað nýstárlegt kerfi til að fylgjast með raforkunotkun.

Fyrirtækið ReMake Electric er eitt af fjölmörgum nýsköpunarfyrirtækjum hér á landi sem eru í örum vexti. Fyrirtækið sérhæfir sig í raforkunýtingarlausnum og var stofnað í júní 2009, en hafði þá verið í þróun í tæp tvö ár þar á undan.

ReMake hefur þróað nýstárlegan búnað sem auðveldar fyrirtækjum og heimilum að fylgjast með raforkunotkun, að sögn Hilmis Inga Jónssonar, framkvæmdastjóra ReMake.

„Þetta er rafskynjunarbúnaður sem er settur í rafmagnstöflur og þar mælum við eftir þörfum hvers viðskiptavinar allt rafmagn sem fer í gegnum skápinn þannig að viðkomandi fær nákvæma yfirsýn yfir það hvenær og hvar rafmagn er notað og hvert álagið er og hvað það kostar. Þetta er einfaldur búnaður í uppsetningu og rekstri og við hönnum kerfið þannig að það vinnur fyrir þig og er ekki að trufla þig meira en þú biður um.“

Með betri yfirsýn geti viðskiptavinir sparað raforkunotkun sína og aukið öryggi, segir Hilmir.

„Kerfið getur líka skipt sköpum í að fyrirbyggja eldhættu. Þannig er til dæmis hægt að stilla kerfið þannig að ekki eigi að vera kveikt á helluborði á ákveðnum tíma sólarhrings og ef svo er, fær notandinn skilaboð í símann sem lætur vita af því.“

Hilmir segir mikinn áhuga á kerfinu, sérstaklega erlendis.

„Íslendingar eru ekki eins meðvitaðir. Við sjáum það að erlendis eru allir á kafi í þessu, en hér heima er enn lítið verið að spá í orkunotkun. Fólk kveikir bara og slekkur ljós án þess að velta því mikið fyrir sér hvað gerist í millitíðinni. Þetta er hins vegar ekki ósvipað því að keyra bíl. Ef þú ekur ekki skynsamlega þá eyðir þú meira bensíni.“

Hann bætir því við að meira eftirlit með eyðslu geti haft í för með sér mikinn sparnað fyrir heimili og fyrirtæki.

„Fyrirtækin geta líka sparað sér verulegar fjárhæðir í viðhaldi á tækjum með frekara eftirliti. Með skynjaranum er til dæmis hægt að sjá hvenær stór og dýr tæki eyða óvenju mikilli orku. Þá er hægt að bregðast strax við og koma í veg fyrir skemmdir eða bilanir sem gætu annars orðið mikið dýrari.“

Hilmir segir undirtektir hafa verið afar góðar. Arion banki hefur þegar tekið kerfið í notkun og mörg önnur stórfyrirtæki hafa sýnt áhuga. - þj

Premium Icelandair American Express®

Það er frábært að geta byrjað ferðalagið í betri stofunni í Leifsstöð

Kynntu þér kostina á americanexpress.is



Kortið sem kemur þér út

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Fíton/SÍA




# SAMNINGUR ER UNDIRRITAÐUR Í BORGARTÚNI. 10:30 NÆSTA DAG ER HANN LENTUR Á WALL STREET.

Sem Alþjóðasérfræðingar vinnum við stöðugt með tímaáætlanir. Málið snýst um þekkingu á hvernig spara má tíma, rétt eins þyrluþjónustan okkar í New York. Það þýðir að við getum ábyrgst afhendingu DHL hraðsendingar í fleiri löndum og landsvæðum en nokkur annar.

**Þetta er gula leiftrið**

www.dhl.is/express

EXCELLENCE. SIMPLY DELIVERED. DHL EXPRESS

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**140** ríki af 143 eru ofar en Ísland á lista yfir traust almennings á bankastofnunum.

**309** milljóna króna tap varð á rekstri Húsasmiðjunnar á fyrstu sjö mánuðum ársins.

**7.000** milljarðar, íslenskra króna, eða þar um bil, er verðmæti eigna Bill Gates, ríkasta manns Bandaríkjanna.

BANKAHÓLFIÐ



## Meniga hlýtur alþjóðleg verðlaun

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Meniga hlaut í síðustu viku verðlaunin Banking IT-Innovation fyrir bestu bankalausn ársins. Verðlaunin voru afhent í fyrsta skipti á Business Engineering Forum í Austurríki síðastliðinn fimmtudag.

Í tilkynningu frá Meniga segir að verðlaunin séu veitt fyrir þá tæknilausn sem þótti „skara fram úr og skila viðskiptavinum banka- og fjármálafyrirtækja mestum ávinningi“.

Meniga hlaut einnig verðlaun fyrir bestu tæknilausnina á hinni virtu Finovate ráðstefnu fyrr á árinu. - þj

## Kátir Frónbúar

Bjartsýni Íslendinga á efnahags- og atvinnuhorfum tók stökk á milli mánaða í september ef marka má Væntingavísitölu Gallups sem fór úr 50,1 stigi í ágúst í 69,4 stig nú. Vísitalan hefur ekki verið hærri síðan í ágúst í fyrra. Greining Íslandsbanka bendir á að þróunin hér sé öfug við íbúa flestra annarra iðnríkja um þessar mundir. Stökkið skýrist helst af mati landsmanna næsta hálfa árið. Mat á núverandi ástandi er hins vegar fremur lágt, 23,7 stig og stendur í stað á milli mánaða.

## Nauðsynlegt að skipta um mynt

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris og stjórnarformaður Marels, sagði á fundi Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins á dögunum að hann væri sannfærður um nauðsyn þess að Ísland verði hluti af stóru myntbandalagi. Þar sem 60 prósent af útflutningi Íslendinga fari til Evrópulanda væri þá ráðlegast að taka upp evru. Árni Oddur sagðist einnig þeirrar skoðunar að íslensk matvara væri að verða samkeppnishæf á alþjóðavísu. Því gætu falist tækifæri í því að ganga í ESB til að fá aðgang að þeim markaði.




# Málþing til heiðurs Brynjólfi Sigurðssyni

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Viðskiptafræðideild býður til málþings til heiðurs Brynjólfi Sigurðssyni í Hátíðasal Háskóla Íslands 30. september kl. 14-18**

**14:00** Ávarp rektors Háskóla Íslands

**14:10** Erik Kloppenborg Madsen, Associate Professor, School of Business and Social Sciences, Århus University – ***The Copenhagen School: Marketing theory between rigor, realism and relevance***

**14:50** Ágúst Einarsson, prófessor Háskólanum á Bifröst
***Menning og markaður í kvikmyndum***

**15:20** Ásgeir Einarsson, aðstoðarforstjóri Samkeppniseftirlitsins og lektor við Lagadeild Háskóla Íslands – ***Brynjólfur og ósýnilega höndin***

**15:50** Ingjaldur Hannibalsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar
***Byggingar og háskólastarf***

**16:05** Fyrrum nemendur Brynjólfs Sigurðssonar:

Margrét Guðmundsdóttir, Icepharma - ***Hvernig nýtist hugmyndafræði markaðsfræðinnar almennt í rekstri fyrirtækja***

Hallur A. Baldursson, EnnEmm
***Upplýstur efasemdarmaður?***

**16.35** Gylfi Magnússon, dósent Háskóla Íslands
***Hinn eilífi hausverkur: Fjármál hins opinbera***

**16.50** Léttar veitingar

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

**www.vidskipti.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

# AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

**AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!**

| Benedikt Freyr Jónsson | Ívar Örn Hansen | Sigríður Dagný |
|---|---|---|
| S: 5125411, gsm 8235055 | S: 5125429 , gsm 6154349 | S: 5125462, gsm 8233344 |
| benediktj@365.is | ivarorn@365.is | sigridurdagny@365.is |

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST. Corolla, Yaris, Avensis, Micra, Almera, Golf, Polo, Focus, Peugeot 206 eða Lancer**
Árg. 1998-2003 fyrir 100-300 þúsund. Helst í góðu lagi en má þarfnast lagfæringa. Uppl. í síma 772-5450.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ. Ekki eldri en '00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

## Pallbílar

Stórlækkað verð! Til sölu er Ford F150 2002, verð aðeins 690 þús. Uppl. í 892 0807 eða 897 4585.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar




**Vörubíla og vinnuvéladekk**
Eigum á lager 315/80R22,5 vörubíladekk á góðu verði. Höfum einnig gott úrval af vinnuvéladekkjum O.K. Varahlutir ehf sími 696-1050- okspares@simnet.is

## Fjórhjól



Can-Am Outlander 800 Limited árgerð '08 Ekið 1300km. Sjálfskipt og götuskráð, innbyggt GPS, yfirbreiðsla, góðar töskur og brúsar, dráttarkúla, spil með fjarstýringu, hiti í stýri. 2ja manna. Engin skipti. Verð 2.300þ. s.898-2001.

## Kerrur



**Notaðar vinnulyftur**
Notaðar vinnulyftur til sölu, verð frá kr. 700.000+VSK Upplýsingar á www.lyfta.is og í síma 421 4037.

## Bátar

BÁTAR OG SKIPASALAN BÚNAÐUR

Vantar báta og skip á söluskrá okkar. Mikil eftirspurn. Bátar og búnaður, Sími 663-4865 og 861-9188. www.batarogbunadur.is



Til sölu er mótunarbátur án vélar og alls búnaðar. Skráður fiskiskip. Tilboð óskast. uppl. í síma 8642744.

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Aukahlutir í bíla




## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. Fullkomin smurstöð, fullkomið dekkjaverkstæði. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '96. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

**VW - Skoda - Varahlutir**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Vectra '98, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum að byrja rífa H1 (starex), Peugeot '02, Golf '98-'05, WV Passat '98-'00, Pajero '92-00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04 Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á staðnum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**Vy-þrif ehf.**
öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja







**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægjum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

**Trjáfellingar**
Klippi, felli snyrti tré og runna. . Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 864 5920.

Sprautulökkun, spautum innréttingar, innihurðir, húsgögn og fl. Gná ehf, Uppl. s. 894 7200.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

THE BEST !! LUXURY, WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. S: 857 0740

Whole body massage. S. 849 5247.

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Mona.

**THE NEW !! .S.**
Whole Body masage in Reykjavik Any time 823 6377.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:661 8272 eða 693 0348.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Skrifstofu- og borðstofuhúsgögn til sölu.**
4 Skjalaskápar úr stáli með fjórum skúffum. 4 viðarhillur, ljós viður. Hæð 285cm breidd 80cm dýpt 50cm. Skrifstofu stólar. Borðstofuborð-skenkur og stólar. Til sýnis og sölu Vesturgötu 10 milli kl. 16.00 - 18.00



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitirpottar.isS. 777 2000 Áki / Kristján

**Ódýr heimilistæki**
Til sölu ísskápar, þvottavélar, þurkarar, uppþvottavélar, örbylgjuofn, fartalva, borðtalva og eldavélar. Sími 896 8568.

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Óskast keypt

**Gína óskast**
**Óska eftir að kaupa kvengínu og einnig buxnagínu**
**Vinsamlegast hafið samband við Jónu Maríu í síma 772-6658**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Til sölu

# Olíusíur

**Eigum olíusíur frá K&N og AcDelco í flestar gerðir bíla frá USA á frábæru verði**




**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Tátu, yndislegu Pomeranian tíkina okkar vantar heimili vegna flutnings til útlanda. Uppl. í síma 896 4289.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Þægileg skólaherbergi allt innifalið. Uppl. í síma 821 4848 eða 578 4848 eða 869 2618.

3-4 herb. íbúð á völlunum í Hafnaf. 130 þús. á mánuði, innif hiti, rafm og net. Laus:strax s. 772 2957

**3ja herbergja íbúð**
Stórholti, í góðu standi. Verð 160 þús. Uppl. s. 824 6692.

**Stúdíóíbúð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 59 þ. S. 824 6692.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

48 ára reyklaus karlmaður óskar eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. S. 896 1016.

## Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði óskast á Granda eða nærliggjandi svæði. Greiðslugeta 80-110þús. Uppl. s. 695 1918.

Til leigu mjög gott atvinnuhúsnæði. Lager niðri, skrifstofur uppi. 150 fm cirka. Uppl. í s. 699 3737 & 567 0840.

Iðnaðar-, lager og geymsluhúsnæði í Hafnarf til leigu. Bjóðum einnig vetrargeymslu fyrir hjólhýsi Uppl 6601060

## Leigumiðlanir

**Til leigu**
í Grafarvogi.
Snyrtilegt skrifstofuhúsnæði á 1 hæð við Fossaleyni 16.
Gott aðgengi og bílastæði.
Eldshúskrókur og snyrting í rýminu.
Til afhendingar 1 sep.
Upplýsingar í S. 517-3440

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Sumarbústaðir

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. S. 899 5863 www.starplus.is

## Geymsluhúsnæði

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

Tökum að okkur geymslu á felli-hjól-pallhýsum-tjaldvögnum (Garður) suðurnes gsm: 8671282

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ,hreint og lyktarlaust. Myndir á Facebook og Google undir: Húsvagnageymslan Eyrarbakka. S: 564-6501.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

## Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu eða kaups, þarf að vera hiti og vatn. Staðsetning Hlíðarhv. Ef tiltekt þarf að fara fram ekkert mál. Einnig óskast kona til þess að dansa með mér gömlu dansana. Uppl. S. 895 9415

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com
stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Tilkynningar

Fjallabyggð

### Auglýsing um deiliskipulagstillögu

**Hornbrekkubót, verslunar- og þjónustusvæði, Ólafsfjarðarvatni**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hornbrekkubót, verslunar- og þjónustusvæði, Ólafsfjarðarvatni, auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vegna formgalla er tillagan auglýst í annað sinn.

Deiliskipulagssvæðið er u.þ.b. 1,5 ha lands og afmarkast af Bylgjubyggð í norðri, Ólafsfjarðarvegi eystri í austri, raðhúsabyggð í vestri og Ólafsfjarðarvatni í suðri. Vegtenging er að svæðinu frá Bylgjubyggð. Skipulagið gerir ráð fyrir 8 húsum, sem eru byggð nú þegar. Húsin eru nýtt til útleigu og er aðgengi að Ólafsfjarðarvatni og opnu grænu svæði til sérstakra nota.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvegi 4 í Ólafsfirði frá og með miðvikudeginum 28. september 2011 til og með þriðjudeginum 8. nóvember 2011.

Gögnin verða einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins - **www.fjallabyggd.is** -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skipulags- og umhverfisnefnd eigi síðar en kl. 16.00 þriðjudaginn 8. nóvember 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar



### Dalsbraut

**frá Þingvallastræti að Miðhúsabraut**

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er götustæði Dalsbrautar frá Þingvallastræti í norðri að Miðhúsabraut í suðri ásamt nokkrum fullbyggðum íbúðasvæðum sem liggja að götustæðinu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að tengibrautin Dalsbraut haldi áfram frá núverandi aðkomuvegi Lundarskóla, þveri Skógarlund og tengist Miðhúsabraut um núverandi hringtorg við Kjarnagötu. Lengingin á Dalsbraut er um 800 metrar en í tillögunni er einnig gert ráð fyrir jarðvegsmönum, hljóðvörnum, gönguljósum, trjágróðri og um 2100 metrum af göngu- og hjólreiðastígum. Byggingarreitir og nýtingarhlutfall er skilgreint fyrir allar lóðir innan svæðisins. Jafnframt eru felld úr gildi deiliskipulög fyrir tvö svæði, Kjarrlund og Barrlund annars vegar og Þrastarlund hins vegar, þar sem þau eru innan þessa skipulags.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð, umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 28. september til 10. nóvember 2011, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar, www.akureyri.is, undir: stjórnkerfið / Skipulags- og byggingarmál / Auglýstar skipulagstillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 fimmtudaginn 10. nóvember 2011 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð, og/eða í tölvupósti (arnarb@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Fasteignir

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegi 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 17-18.**

**Klapparstígur 17 – 101 Reykjavík.**




**NÝBYGGING Í HJARTA MIÐBORGARINNAR**
Stórglæsileg 156,2fm 5 herb íbúð á 3 hæð (efstu) með sérinngangi. Tvennar svalir. Íbúðin er til afhendingar í nóv.2011.
Ásamt glæsilegri 73,9 fm 3ja herbergja íbúð á 2 hæð (mið) með sérinngangi og svölum. Íbúðin er laus til afhendingar.
Og glæsilegri 87,6 fm 3ja herbergja íbúð á 2 hæð (mið) með sérinngangi og svölum. Íbúðin er laus til afhendingar. **Sölumenn verða á staðnum**

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

**Opið hús í dag á milli 17-18**
**Krummahólar 4 íbúð 604 - Laus strax.**




Til sölu stórglæsileg 81 fm þriggja herbergja íbúð á 6. Hæð með frábæru útsýni til suðurs, yfirbyggðar svalir. Húsið er klætt að utan. Ný gólfefni og innréttingar. Glæsilegt nýflíslagt baðherbergi með upphengdu klósetti og sturtuklefa. Glæsilegt eldhús með vönduðum tækjum. Nýjar innihurðir og fataskápar. **Verð 18,9 millj.**

**Ásmundur Skeggjason fasteignasali verður á staðnum S: 895 3000**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Sushibarinn Laugarvegi 2 óskar eftir einstakling í fulla vinnu, reynsla af eldhússtörfum æskileg. Upplýsingar á staðnum eða senda póst sushibarinn@sushibarinn.is

Gistiheimili í Reykjavík óskar eftir starfsmanni í afleysingar í ræstingum. Umsóknir má senda á job@reykjavikbackpackers.com

Vantar heiðarlegan og vandvirkan starfsmann í heimilisþrif 2x í viku. Góð laun í boði. Uppl. gefur Ragna í síma 863 8110 eftir kl 16 eða á sgth@simnet.is

**Sushi smiðjan Geirsgötu 3**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í eldhús. Fullt starf/Hlutastarf. Íslenskukunnátta æskileg. Uppl. á staðnum miðvikudag og fimmtudag milli kl. 14-17.

## Atvinna óskast

Námsmaður óskar hlutastarfs. Reynsla af lagerstarfi, verslunar- og þjónustustörfum, garðyrkju og léttum viðhaldsstörfum. Get byrjað strax. Jóhannes, s. 690-5254

Stýrimaður óskar eftir plássi á sjó. S. 840 3432.

Óska eftir vélstjóraplássi á góðan bát eða svipað. Vélastærð 750kw. Uppl. s. 557 2969.

Vanur sölumaður getur bætt við sig fleiri verkefnum uppl. solufulltrui1@gmail.com

Námsmaður óskar eftir hlutastarfi. Reynsla af lagerstarfi, verslunar- og þjónustustörfum, garðyrkju og almennu viðhaldi. Reyklaus og hef eigin bíl til umráða.Get byrjað strax. Jóhannes, s. 690-5254

## Atvinna

Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.

ICE WEAR

### Verslunarstjóri

Icewear óskar eftir að ráða verslunarstjóra til starfa í verslun fyrirtækisins á horni Þingholtstrætis og Bankastræti.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verslunarstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvu- og enskukunnátta
- Gott auga fyrir útstillingum

### Sölu- og afgreiðslustarf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku
- Góð framkoma og snyrtimennska
- Metnaður og heiðarleiki
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð
- Enskukunnátta

**Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið: agust@icewear.is, fyrir 15 október.**
Umsóknum ekki svarað í síma.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Konur í ævintýraleit**
Nú er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5050**
Opið allan sólarhringin.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MIÐVIKUDAGUR: OPNUM KLUKKAN ELLEFU
BÓNUS Kjúklingur
Læri, leggir vængir
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
BÓNUS Kjúklingur
Leggir
698 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
BÓNUS Kjúklingur
Læri
698 KR. KG
FERSK KJÚKLINGALÆRI
100% KJÖT
898 KR. KG
FERSKT BLANDAÐ HAKK
NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%
Ali Grísakjöt
GRÍSAHAKK
100% KJÖT
798 KR. KG
FERSKT ALI GRÍSAHAKK
BÓNUS Kjúklingur
Vængir
298 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
145 KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
359 KR. 1/2 KG.
AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR
298 KR. KG
KS FROSIN LAMBAHJÖRTU
FROSIÐ LAMBAKJÖT
HAUSTSLÁTRUN 2011
NÝTT Í BÓNUS
BÓNUS
FULLELDUÐ ÍSLENSK KJÖTSÚPA
ÞARF AÐEINS AÐ HITA !
998 KR. 0.75 LTR.
298 KR. 1 KG
ÍSLENSKIR TÓMATAR 1 KG.
129 KR. 350G
ÍSLENSK AGÚRKA 350 G.
259 KR. KG
KS FROSIN LAMBALIFUR
Góður tilbúinn matur fyrir 3-4
998 KR. BAKKINN
ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
BÓNUS HEILSURÉTTUR
BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BÓNUS BURRITOS 4 STK
BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
BÓNUS PASTA CARBONARA
JÚMBÓ HANGIKJÖTSSALAT
Trópí
Trópí
Floridana
359 KRÓNUR
JUMBÓ SAMLOKA TRÓPÍ EÐA FLORIDANA 330ml
HÁDEGIS-TILBOÐ Í BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónu Jóhönnu Þórðardóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði og á Heilbrigðisstofnuninni á Patreksfirði fyrir kærleiksríka og mjög góða umönnun undanfarin ár.

| | |
|---|---|
| Hilmar Árnason | Guðlaug Rósa Friðgeirsdóttir |
| Halldór Árnason | María Óskarsdóttir |
| Þórður Steinar Árnason | Áslaug Hauksdóttir |
| Hugrún Árnadóttir | Stefán Egilsson |
| Gísli Jón Árnason | Fríður Magnúsdóttir |
| Helena Rakel Árnadóttir | Pálmi Stefánsson |
| Berglind Árnadóttir | Stefán Hagalín Ragúelsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jytte Lis Østrup**
kennari, Sólvallagötu 22, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum mánudaginn 19. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins fyrir góða umönnun.

| | |
|---|---|
| Björg Østrup Hauksdóttir | |
| Inga Lis Østrup Hauksdóttir | Jón Egill Egilsson |
| Björn Óli Østrup Hauksson | Kristjana Barðadóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þóra Gunnarsdóttir**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 19. september síðastliðinn, verður jarðsungin frá Hvítasunnukirkjunni Kirkjulækjarkoti í sal Arkarinnar laugardaginn 1. október næstkomandi kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| Þórir Rúnar Jónsson | Kristín Pjetursdóttir |
| Hjörtur Guðni Markússon | |
| Guðrún Markúsdóttir | |
| Esther Markúsdóttir | Árni Jónsson |
| Davíð Markússon | Elísabet Björnsdóttir Brown |
| Gunnar Sigurþór Markússon | Britt Eva Iréne Klasson |
| Anna María Markúsdóttir | Ólafur G. Jósefsson |
| Margrét Markúsdóttir | Örn Elvar Hreinsson |
| Gylfi Markússon | Christina M. Bengtsson |

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Gunnarsdóttir (Lilla)**

verður jarðsungin frá Digraneskirkju föstudaginn 30. september. Athöfnin hefst klukkan 15.

| | |
|---|---|
| Stefán Kjartansson | |
| Gunnar L. Stefánsson | Þórunn Ásgeirsdóttir |
| Guðfinna Stefánsdóttir | Helgi Harðarson |
| Hreinn Stefánsson | Sveinbjörg Pálmarsdóttir |
| Hilmar Stefánsson | Íris Dóra Unnsteinsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Ingveldur Magnúsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður á Patreksfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Hrafnistu, Hafnarfirði, þann 26. september. Útförin auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Hafsteinn B. Sigurðsson | |
| Ásgerður Ágústsdóttir | Guðmundur J. Bergsveinsson |
| Ásthildur Ágústsdóttir | Gunnar Ragnarsson |
| Helgi Ágústsson | Hervör Jónasdóttir |
| Emil P. Ágústsson | |

barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Pálínu Sveinbjörgu Andrésdóttur**

Starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík færum við sérstakar þakkir fyrir frábæra umönnun.

| | |
|---|---|
| Davíð Garðarsson | Gerd Gardarsson |
| Hjörtur Pálsson | Ragnhildur G. Hermannsdóttir |

Ólöf Ingibjörg, Jón Garðar, Guðlaugur Magni, Davíð Jóhann, Páll, Andrés Brynjar, Unnur Ósk, Birgir Páll, Hermann Jakob, langömmubörn og aðrir aðstandendur.



*Ástkær eiginkona mín, dóttir, systir, móðir, tengdadóttir og amma,*

**Hafdís Jónsteinsdóttir**
skrifstofustjóri,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 23. september. Jarðsungið verður frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 4. október kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

| | |
|---|---|
| Ólafur Örn Jónsson | |
| Halldóra Kristjánsdóttir | Jónsteinn Haraldsson |
| Borgar Jónsteinsson | Þórunn Inga Sveinsdóttir |
| Rósa Arnórsdóttir | Jón Gestur Jónsson |
| Halldóra Ólafsdóttir | Ísold Braga Halldórudóttir |
| Ólafur Örn Ólafsson | Ástrós Ósk Jónsdóttir |



*Elskuleg mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Sesselja Steingrímsdóttir**
Tunguvegi 68, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 25. september.

| | |
|---|---|
| Sigurður Guðjón Jónsson | Doreen Veronica Prince |
| Sigríður J. Lepore | Steingrímur Guðni Pétursson |
| Gunnar Jónsson | |
| Steingrímur Ágúst Jónsson | Þóranna Margrét Sigurbergsdóttir |
| Jón Hjörtur Jónsson | Katrín Sól Högnadóttir |
| Sesselja Jónsdóttir | Kim Mortensen |
| Garðar Jónsson | María Breiðfjörð |
| Sæmundur Ingi Jónsson | Elfur Magnúsdóttir |
| Ástríður Ólafía Jónsdóttir | |
| Einar Valgeir Jónsson | Sigurlín Þ. Sigurjónsdóttir |
| Benjamín Hlífar Stefánsson | |

barnabörn og barnabarnabörn.



**HAFNARBORG** Sýningin Í bili, sem stendur nú yfir, var valin úr tillögum sem sendar voru inn árið 2010.

# Óskað eftir haustsýningu

Hafnarborg kallar nú í annað sinn eftir tillögum að haustsýningu í Hafnarborg haustið 2012 en sýningarstjórum var fyrst gefinn kostur á því haustið 2010. Hafnarborg er eina safnið hér á landi sem opnar dyr sínar fyrir sýningarstjórum með þessum hætti.

Sýningin Í bili, sem nú stendur yfir, var valin úr tillögum sem sendar voru inn árið 2010 en markmiðið er að gefa sýningarstjórum tækifæri til að koma fram með nýstárlegar hugmyndir að sýningum.

Frestur til að skila inn tillögum rennur út mánudaginn 1. nóvember 2011. Sextán tillögur bárust á síðasta ári og voru fjórar þeirra valdar til frekari útfærslu. Tillögurnar komu frá fólki úr ýmsum geirum, listamönnum og fræðimönnum af ólíkum sviðum en einnig frá fólki með sérmenntun á sviði sýningarstjórnar. Tillaga Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur varð fyrir valinu en hún þótti hugmyndalega sterk og líkleg til að skapa áhugaverðan vettvang í Hafnarborg.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bragi K. Norðdahl**
fv. flugstjóri, Kópavogsbraut 1b,
áður til heimilis að Þinghólsbraut 66,
Kópavogi,

sem lést mánudaginn 19. september, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 29. september kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Ingunn Runólfsdóttir Norðdahl | |
| Erna Norðdahl | Edward Finnsson |
| Kristín Norðdahl | Kristinn Guðmundsson |
| Björk Norðdahl | Bragi Hilmarsson |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Hulda Guðmundsdóttir**
Hallveigarstíg 8, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 23. september. Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Margrét Medek | Peter Medek |
| Björk Hjaltadóttir | Guðmundur Brynjólfsson |
| Vigdís Hjaltadóttir | |

Hulda, Brynhildur, Helga, Hjalti, Astrid og langömmubörn.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvaldur Björnsson**
kennari og organisti,
Efstasundi 37,

lést mánudaginn 19. september á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 30. september kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Kolbrún Steingrímsdóttir | |
| Steingrímur Þorvaldsson | Helga Sjöfn Guðjónsdóttir |
| Guðrún Þorvaldsdóttir | Guðmundur E. Finnsson |
| Hólmfríður Þorvaldsdóttir | Gunnar Sigurðsson |
| Björn Þorvaldsson | Anna Gunnarsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA





**ADIDAS TEAM SPECIAL**
Innanhússíþróttaskór með adiPRENE-dempun undir tábergi og hæl. Stöðugur sóli gefur gott grip og strikar ekki gólf. Herrastærðir.

**11.990**



**2.990**

**ADIDAS ESSENTIAL TANK**
Hlýrabolur úr tegjanlegu CLIMALITE-efni með öndun. Litir: Rauður, Svartur. Herrastærðir.



**6.990**

**ADIDAS ESSENTIAL 3/4 PANT**
Kvartbuxur með netfóðri. CLIMALITE-efni með öndun. Herrastærðir.




**1.990**

**ADIDAS LINER 3 PACK**
Ökklasokkar. 3 pör í pakka. Herrastærðir.




**6.990**

**ADIDAS ESSENTIAL TEAMBAG**
Íþróttataska. Stærð: Medium.



**3.690**

**ADIDAS ESSENTIAL TEE**
Stuttermabolur úr teygjanlegu CLIMALITE-efni með öndun. Litir: Rauður, svartur. Herrastærðir.



**8.990**

**ADIDAS ESSENTIAL STANFORD**
Íþróttabuxur með nefóðri. CLIMALITE-efni með öndun. Herrastærðir.

EXPO • www.expo.is

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 28. SEPTEMBER – 4. OKTÓBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lítil blýkúla, **6.** eftir hádegi, **8.** skordýr, **9.** mánuður, **11.** hreyfing, **12.** stöðvun, **14.** reika, **16.** kaupstað, **17.** dýrahljóð, **18.** umhyggja, **20.** snæddi, **21.** land í asíu.

**LÓÐRÉTT**
**1.** umræðuefni, **3.** frá, **4.** planta, **5.** fiskilína, **7.** gola af hafi, **10.** strá, **13.** keraldi, **15.** arða, **16.** ófarnaður, **19.** skst.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hagl, **6.** eh, **8.** fló, **9.** maí, **11.** ið, **12.** aflát, **14.** ramba, **16.** bæ, **17.** urr, **18.** önn, **20.** át, **21.** laos.
**LÓÐRÉTT: 1.** þema, **3.** af, **4.** glitbrá, **5.** lóð, **7.** hafræna, **10.** íla, **13.** ámu, **15.** arta, **16.** böl, **19.** no.











# Konan kennd við ryðdallinn

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Meistaraverk!" hugsaði ég með sjálfri mér um leið og ég batt með punkti enda á fræðigrein sem ég vann að. Það skrölti í Rúmfatalagers-skrifborðsstólnum mínum er ég hallaði mér kotroskin aftur og hóf að láta mig dreyma um þá vegsemd sem biði mín í kjölfar vel unnins verks. Í höfði mér glumdi lófatak og fyrir augum mér svifu fálkaorður. Sigurvímunnar fékk ég hins vegar ekki að njóta lengi. Ég komst nefnilega að því að aðeins sjö manns lesa að meðaltali hverja birta fræðigrein. Sjö manns! Ef ég gerði ráð fyrir að pabbi og mamma væru tveir þessara einstaklinga, eiginmaðurinn einn, bræðurnir … ja, þeir myndu líklega bara bíða eftir kvikmyndaútgáfunni … þá voru fjórir eftir.

**HEIMURINN** er fullur af vangoldnum viðurkenningum á borð við lofsyrði sem aldrei hrökk af vörum yfirmannsins fyrir óvenjufagurlega orðuðu skýrsluna um skuldabréfavísitöluna; þakkir eiginkonunnar sem ekki heyrðust er eiginmaðurinn fór út með ruslið óumbeðinn. Öll sækjumst við eftir viðurkenningu á verkum okkar. Flest verðum við hins vegar að láta okkur nægja að ylja okkur við einstaka skylduhrós frá mömmu og vandrædalegt algleymið sem fylgir því að fá „læk" á Facebook fyrir sköpunarverk á borð við ódýran brandara um megrun Sigmundar Davíðs. Sumir setja þó markið hærra.

**FRÉTTIR** bárust af því í liðinni viku að rithöfundurinn Þórbergur Þórðarson hefði óskað þess – handan grafar og dauða í gegnum „skyggnigáfumann" – að nafni Hringbrautar yrði breytt í Þórbergsstræti. Ekki eru allir svo djarfir að taka sénsinn á að bíða með slíkar hugmyndir um vegtyllur þar til að sér liðnum. Hið rótgróna Comedy Theatre í London gengst undir nafnabreytingu í næsta mánuði. Við ýmis tækifæri reifaði breska leikskáldið Harold Pinter, sem lést árið 2008, þá hugmynd að leikhúsið yrði kennt við sig. Kollega hans, Tom Stoppard, þótti hugmyndin drambsöm og lagði til að ef hann vildi bera sama nafn og leikhúsið gæti hann breytt nafni sínu í Harold Comedy. Pinter var ekki skemmt.

**JÓN GNARR** hefur sent erindið um Þórbergsstræti til skipulagsstjóra borgarinnar. Af því tilefni er ef til vill ástæða til að minna á að ekkert bólar enn á styttunni af Hallveigu Fróðadóttur, eiginkonu Ingólfs Arnarsonar, sem borgarbúum var lofuð. Meðan eiginmaður hennar fær styttu á besta stað er helsta vegsemd sem landnámskonunni hefur verið sýnd togari sem Bæjarútgerð Reykjavíkur nefndi eftir henni um miðja síðustu öld. Ef fyrsta landnámskonan á ekki skilið merkari vegtyllu en ryðdall er lítil von fyrir okkur hinar. Guði sé lof fyrir „læk" takkann.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fischer gegn Fischer

Bíó ★★★★

**Bobby Fischer Against the World**

Leikstjóri: Liz Garbus

**Sýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík**

Tveir bestu skákmenn heims mættust árið 1972 í Reykjavík og háðu það sem hefur verið kallað „skákeinvígi aldarinnar“. Þetta voru Rússinn Boris Spasskí, sem þá var ríkjandi heimsmeistari, og Bandaríkjamaðurinn Bobby Fischer. Í tæpa tvo mánuði var Ísland í brennidepli í erlendum fjölmiðlum. Áhuginn fyrir einvíginu var gríðarlegur, enda þótti rimman táknræn fyrir valdatafl Bandaríkjanna og Sovétríkjanna á dögum kalda stríðsins.

Hinn sérvitri Fischer eyddi síðustu árum ævi sinnar hér á landi og heimildarmyndin Bobby Fischer Against the World varpar ljósi á þennan þjáða skáksnilling. Einvíginu í Reykjavík eru gerð góð skil og gaman er fyrir Íslendinga að skyggnast aftur til ársins 1972, en þá leit Reykjavík töluvert öðruvísi út.

Myndin er vel gerð og ekki er nauðsynlegt að kunna að tefla til að hrífast með. Fischer var stórmerkilegur karakter og mann þyrstir í að vita meira. Var Fischer viljandi að reyna að taka Spasskí á taugum eða var hann einfaldlega spinnegal? Titill myndarinnar gefur til kynna að Fischer hafi verið í sífelldu stríði við umheiminn en raunin var sú að hans erfiðasti andstæðingur var ávallt hann sjálfur.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Vönduð og skemmtileg heimildarmynd, hvort sem þú kannt mannganginn eða ekki.






Tónlist ★★★

**Russian Bride**

Varsjárbandalagið

## Húmor og gleði

Eins og nafnið bendir til leikur hljómsveitin Varsjárbandalagið þjóðlagatónlist frá Austur-Evrópu. Á Russian Bride eru nokkur þjóðlög, þrjú frumsamin lög og tvö sígild íslensk popplög klædd í nýjan búning. Það er færeyska útgáfan Tutl sem gefur út.

Þetta er skemmtileg tónlist og örugglega ennþá skemmtilegra að spila hana heldur en að hlusta. Það er létt stemning og húmor yfir Russian Bride. Í titillaginu, sem gestasöngkonan Hera Björk syngur, er fjallað á skondinn hátt um rússnesku eiginkonuefnin sem eru auglýst úti um allt á netinu. Útsetningin á Stolt siglir fleyið mitt (sem byrjar á Ísland farsæla frón) ber líka kímnigáfu sveitarinnar gott vitni.

Á heildina litið er Russian Bride ágætis plata en næst ættu meðlimir að leggja meiri áherslu á frumsamið efni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Austur-evrópsk þjóðlagatónlist krydduð með íslenskum húmor.



**NÝTT LAG** Hljómsveitin Nóra hefur gefið út lagið Bringsmalaskotta.

# Nóra gefur út nýtt lag

**Hljómsveitin Nóra hefur sent frá sér nýtt lag sem heitir Bringsmalaskotta og er forsmekkurinn af því sem koma skal. Sveitin hefur nú hafið upptökur á annarri plötu sinni sem áætlað er að komi út snemma á næsta ári. Nóra gaf út sína fyrstu plötu, Er einhver að hlusta?, í júní á síðasta ári. Nýr trommuleikari hefur gengið til liðs við hljómsveitina, eða Óskar Kjartansson sem hefur trommað með balkanrokksveitinni Orphic Oxtra. Hægt er að hlusta á nýja lagið á slóðinni Listen.noramusic.is og á Gogoyoko.com.**



**HVAÐ ER (MIS)NOTKUN SÖGUNNAR?** Afmælismálþing Sagnfræðingafélags Íslands verður haldið laugardaginn 1. október í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands klukkan 13. Fyrirlesarar verða Íris Ellenberger, Guðni Th. Jóhannesson, Lára Magnúsardóttir og Guðmundur Hálfdanarson. Aðgangur er ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 28. september**

### Tónleikar

**20.00** Benedikt Kristjánsson, tenór og Bjarni Frímann Bjarnason, fiðluleikari flytja ljóðaflokkinn um Malarastúlkuna fögru eftir Franz Schubert í Salnum í Kópavogi. Miðaverð er kr. 2.000.

**20.00** Matthias Ziegler heldur tónleika ásamt Íslenska flautukórnum í Langholtskirkju. Auk tónlistar Zieglers mun flautukórinn flytja tvö ný íslensk verk. Aðgangseyrir er kr. 2.000.

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika á Kaffi Rauðku á Siglufirði. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** For a Minor Reflection hefur lagt lokahönd á smáskífuna EP. Hljómsveitin fagnar áfanganum með tónleikum á Faktorý ásamt hljómsveitunum Agent Fresco og Lockerbie. Miðaverð er kr. 1.000.

**22.00** Hljómsveitin Hellvar heldur útgáfutónleika á Gauki á Stöng. Aðgangseyrir er kr. 500.

### Fundir

**12.25** Ingibjörg Broddadóttir, varaformaður flóttamannanefndar, og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, fjalla um flóttamenn á fundi sem haldin er í tilefni af útkomu bókarinnar Ríkisfang: Ekkert. Fundurinn er haldinn í Odda 101 í Háskóla Íslands og fundarstjóri er Ragna Árnadóttir, fyrrum dóms- og mannréttindamálaráðherra.

### Ópera

**17.45** Útgáfa Royal Opera á óperunni Faust eftir Charles Gounod verður sýnd í beinni útsendingu í Háskólabíói. Óperan er sýnd af Senu í samstarfi við Royal Opera House í London. Uppfærslan er í fimm þáttum og tekur samtals um 4 klst. Miðaverð er kr. 2.600.

### Bókmenntir

**20.00** Marín G. Hrafnsdóttir, bókmenntafræðingur og langömmubarn skáldkonunnar Guðrúnar frá Lundi, segir frá lífi og list ömmu sinnar í Bókakaffi Gerðubergs. Spjallið kallar hún Mátti kerlingin ekki skrifa í friði? Allir velkomnir.

### Kvikmyndahátíð

**21.00** Skúli Sverrisson og Sóley flytja lifandi tónlist á árlegum kvikmyndatónleikum RIFF í Fríkirkjunni. Miðaverð er kr. 2.900.

**21.00** Árleg spurningakeppni RIFF er haldin á Kaffibarnum, sem breytt hefur verið í krá í anda villta vesturs kúrekamyndanna. DJ HalliValli leikur tóna villta vestursins.

### Tónlist

**20.30** Popp Quiz með veglegum vinningum á Bakkusi. Að því loknu þeytir DJ Cool in the Pool skífum.

**22.00** Pub Quiz er haldið á Den Danske Kro.

**22.00** Plötusnúðurinn Housekell þeytir skífum á Faktorý.

**22.00** DJ Óli Hjörtur spilar tónlist á Prikinu.

### Umræður

**22.00** Birgit Ehrhardt, Gerorg Hollanders og Sarka Mrnakova flytja erindi um uppbyggingu náttúrulega leikvalla og kennslu utanhúss. Erindin verða flutt í stofu M102 á félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri. Allir velkomnir.

### Samkoma

**13.30** Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir Bingói á Korpúlfsstöðum. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Galdur Guðrúnar frá Lundi

**Spjallað verður um ævi og störf hinnar umdeildu og ástsælu skáldkonu Guðrúnar frá Lundi á Bókakaffi í Gerðubergi í kvöld. Langömmubarn Guðrúnar, bókmenntafræðingurinn Marín Guðrún Hrafnsdóttir, leiðir spjallið.**



GUÐRÚN FRÁ LUNDI Dalalíf, vinsælasta verk Guðrúnar frá Lundi, er feikivinsælt í dag og í stöðugri pöntun á bókasöfnum landsins.

Skáldkonan Guðrún frá Lundi verður í brennidepli á Bókakaffi í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í kvöld. Það er langömmubarn hennar, bókmenntafræðingurinn Marín Guðrún Hrafnsdóttir, sem ætlar að leiða spjall, á meðan gestir gæða sér á kaffi og veitingum. Ætlar hún að fjalla um ævi og störf langömmu sinnar.



MARÍN HRAFNSDÓTTIR

„Það er í rauninni afar merkilegt að sextíu ára verk séu svona mikið lesin og í pöntunum á bókasöfnum landsins, bara eins og nýju jólabækurnar. Ég vonast eftir því að koma því til skila í kvöld hver þessi galdur er," segir Marín, sem ætlar meðal annars að rifja upp hvernig verkum Guðrúnar var tekið af samtíðarfólki hennar, en hún var kölluð drottning kerlingarbókmenntanna. „Hvaða skoðun sem fólk hefur á henni sem höfundi er það alveg ljóst að höfundarnafn hennar er gríðarsterkt og rækilega greypt í þjóðarvitundina. Ég held að það skýrist meðal annars af því að hún var svo mikið lesin, en á sama tíma var barist harkalega gegn þeim lestri. Það gerði það að verkum að allir höfðu skoðun á Guðrúnu frá Lundi, meira að segja þeir sem aldrei höfðu lesið staf eftir hana. Einhver umræða um hana komst af stað inni á hverju einasta heimili."

Þá ætlar Marín að fara í saumana á því hvernig ímynd Guðrúnar smám saman breyttist þegar leið á 20. öldina, en segja má að hún hafi smám saman fengið uppreisn æru, uns það var loks viðurkennt að hún væri mikill og stór höfundur, sem ætti skilið að fá sinn kafla í bókmenntasögunni.

Guðrún frá Lundi var 59 ára þegar hún gaf út sína fyrstu bók árið 1946. Hún skrifaði síðan 27 bindi af skáldsögum, nærri 10.000 síður, og þá síðustu þegar hún var 86 ára gömul. Hún var metsöluhöfundur í áratugi.

Bókakaffi er nýjung í dagskrá Gerðubergs og verður framvegis fjórða miðvikudagskvöld hvers mánaðar. Dagskráin hefst klukkan 20 í kvöld. holmfridur@frettabladid.is

# Sláturtíð í þriðja sinn



SLÁTURTÍÐ Meðlimir S.L.Á.T.U.R. og fleiri standa íströngu á hátíðinni, sem stendur yfir til 3. október.

Sláturtíð, hátíð sem Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík (S.L.Á.T.U.R.) standa fyrir, hefst í kvöld með tónleikum dúettsins Fagverk í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Dúettinn er skipaður Frank Aarnink og Snorra Heimissyni og leikur ný verk eftir íslenska og erlenda höfunda.

Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin Sláturtíð fer fram og stendur hún yfir til 3. október næstkomandi. Hátíðin er haldin í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, tónlistarröðina Jaðarber, Austurríska sendiráðið í Kaupmannhöfn, Reykjavíkurborg og prentsmiðjuna GuðjónÓ. Ókeypis á alla tónleika, sem eru sjö talsins, og einn fyrirlestur.

Af öðrum viðburðum á hátíðinni má nefna tónleika Fenjastrúts í Listasafni Reykjavíkur föstudaginn 30. september, en meðal flytjenda hópsins eru Gunnar Grímsson, Bára Sigurjónsdóttir og Laufey Haraldsdóttir. Einnig munu erlendir gestir koma fram á hátíðinni, meðal annarra Vortex Project frá Austurríki og Slóveníu og Christopher Schiller Frá Sviss.

Nánari upplýsingar um viðburði Sláturtíðar má finna á heimasíðu hátíðarinnar, slatur.is.

# Hið myrka framhjáhald

Tónlist ★★★★

Upphafstónleikar Kammermúsíkklúbbsins í vetur. Sunnudagskvöldið 25. september.



Það er notalegt að koma á tónleika Kammermúsíkklúbbsins í Bústaðakirkju. Harpan er vissulega glæsilegt tónleikahús, en maður vonar samt að tónlistarlífið í Reykjavík verði ekki BARA þar. Svona upp á fjölbreytnina! Vonandi verður Bústaðakirkja áfram heimili klúbbsins. Það er líka gott að þurfa ekki að borga 500 kall fyrir bílastæði, eins og í Hörpunni. Sem er að verða býsna pirrandi.

Fyrstu tónleikar klúbbsins í vetur hófust á myrkum nótum, á Verklärte Nacht eftir Schönberg. Ólíkt síðari verkum tónskáldsins, sem þóttu á sínum tíma ómstríð og framúrstefnuleg, er það rómantískt og í gömlum stíl, enda æskuverk. Það er innblásið af ljóði eftir Richard Dehmel, sem fjallar um framhjáhald. Verkið var upphaflega samið fyrir strengjasextett, en var síðar umritað fyrir stærri strengjasveit og er þekktast í þeim búningi. Miklar tilfinningar og innri átök skila sér betur þannig, breiddin sem strengjasveit hefur yfir að ráða er einfaldlega meiri.

Þetta kom aðeins að sök á tónleikunum. Flytjendur voru Ari Þór Vilhjálmsson, Pálína Árnadóttir, Þórunn Ósk Marinósdóttir, Þórarinn Már Baldursson, Hrafnkell Orri Egilsson og Sigurgeir Agnarsson. Leikur þeirra var samstilltur og ákaflega vandaður, en tilfinningaofsinn í verkinu náði samt ekki almennilega í gegn. Kannski hefði endurómunin í kirkjunni mátt vera ögn meiri fyrir akkúrat þessa tónlist. Spilamennskan og túlkunin var engu að síður falleg, en e.t.v. full varfærnisleg.

Mun meira fútt var í síðari tónsmíðinni á dagskránni, hinum fjöruga, en spennuþrungna sextett eftir Tsjajkovskí, Souvenir de Florence. Tsjajkovskí elskaði Ítalíu og dvaldi þar oft. Sextettinn er kraftmikið verk sem ólgar af ástríðum, og einkennandi fyrir hann eru grípandi laglínur.

Hér var flutningurinn í fremstu röð. Samspilið var þéttþétt og allskyns einleiksstrófur voru flottar og hnitmiðaðar. Túlkunin var prýðilega byggð upp, stígandin í leiknum var markviss, nánast rafmögnuð. Óneitanlega var það frábær byrjun á dagskránni í vetur. Jónas Sen

**Niðurstaða:** Vandaðir tónleikar í Kammermúsíkklúbbnum þar sem fór saman vandað samspil og falleg túlkun.

Sendu SMS á 0 kr. í dag!
Ef þú ert með GSM hjá Símanum sendir þú SMS á 0 kr. á miðvikudögum í september.
Magnaður miðvikudagur!

Síminn
Gildir einungis fyrir sms sendingar í íslenska gsm síma

# Til hamingju

## BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR

hlýtur Íslensku barnabókaverðlaunin í ár fyrir

***Fluguna sem stöðvaði stríðið***






Hvað gera þrjár húsflugur þegar búið er að panta rafmagnsflugnaspaða á heimili þeirra? Þær stinga af! Þá er gott að ein hefur fræðst um heiminn af sjónvarpinu og önnur af heimskortinu sem hangir uppi á vegg. Þannig eru þeim allir vegir færir.

*Flugan sem stöðvaði stríðið* er óvenjuleg saga, bráðfyndin og alvarleg í senn, sem valin var úr fjölda handrita sem kepptu um Íslensku barnabókaverðlaunin 2011.

BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR er þjóðfræðingur að mennt. *Flugan sem stöðvaði stríðið* er önnur barnabók hennar.

9+

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

SAMBÍÓIN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN Luxus VIP | kl. 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. (5:50 vip) - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | 2D | L |
| ALGJÖR SVEPPI m/íslensku tali | kl. 8 | 2D | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| SHARK NIGHT | kl. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 5:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| THE LION KING m/ensk tali | kl. 8 | 3D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:30 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT 3D | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurnar
THE TREE OF LIFE Kvikmyndahátíð Ótextuð kl. 10 (10)

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 | 14 |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 10.10 | 12 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 | 14 |
| SPY KIDS 4 IN 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON'T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 10 | 7 |
| FAUST OPERA | KL. 5.45 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| I DON'T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JOHNNY ENGLISH | 6, 8 og 10.15 |
| COLOMBIANA | 8 og 10.15 |
| WARRIOR | 10.15 |
| CHANGE UP | 8 |
| SPY KIDS - 4D | 6 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |


# VANAFASTIR HÖNNUÐIR

**Þó að fatahönnuðir séu það fólk sem skapar og leiðir tískuna eru nokkrir hönnuðir sem kjósa öruggu leiðina og sjást ítrekað í sömu fötunum eða einhverju í svipuðum stíl. Þar á meðal eru snillingar á borð við Karl Lagerfeld og Marc Jacobs.**



**SARAH BURTON** Burton fékk það erfiða verkefni að taka við sem yfirhönnuður tískuhúss Alexanders McQueen eftir fráfall hans. Hún hefur staðið sig með prýði og hlotið einróma lof fyrir hönnun sína. Sjálf virðist Burton þó helst vilja klæðast víðum gallabuxum, skyrtu og ballerínuskóm. Hér er mynd frá mars 2011.



**VERA WANG** Wang starfaði í fjölda ára sem ritstjóri tískuefnis hjá bandaríska Vogue. Hún sagði starfi sínu lausu árið 1985 og fór þess í stað að vinna sem hönnuður. Wang klæðist gjarnan hinum klassíska „litla, svarta kjól" á sýningum sínum en er ívið litaglaðari í daglegu lífi. Hér er hún á tískuvikunni í New York 2011.



**MAR JACOBS** Bandaríski hönnuðurinn var í fyrra talinn einn af áhrifamestu manneskjum heims það árið og hefur mikil ítök innan tískuheimsins. Hann hannar undir eigin nafni en hefur líka starfað sem yfirhönnuður Louis Vuitton frá 1997. Hönnuðurinn klæðist iðulega skotapilsi, hvítri skyrtu og svörtum skóm á sýningum sínum. Hér er hann í september 2011.



**KARL LAGERFELD** Lagerfeld hefur starfað innan tískubransans frá árinu 1953 og verið yfirhönnuður Chanel-tískuhússins síðan 1983. Hönnuðurinn er að nálgast áttrætt og greinilegt er að hann hefur fundið stíl sem hentar honum. Lagerfeld sést sjaldan í öðru en þröngum buxum, skyrtu með stórum kraga, vel sniðnu vesti og jakka og með svarta leðurhanska. Hér er hann í september 2011.


Reykjavík International Film Festival

## MIÐVIKUDAGURINN 28. SEPTEMBER

22 SEPT – 2 OKT

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Sögur sem lifna í minni | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Haustgull | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Bitið á | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Syng þinn söng | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Les Petites Formes **Ókeypis barnasýning** | Norræna Húsið |
| 16:45 | Sjálfsævisaga Nicolae Ceausescu | Háskólabíó 2 |
| 16:00 | Michel Petrucciani | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | Ég sakna þín | Bíó Paradís 2 |
| 16:15 | Fallhræðsla | Bíó Paradís 3 |
| 16:00 | Ítalska fyrir byrjendur | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Það var eitt sinn eyja | Norræna Húsið |
| 17:00 | Shukar Collective Verkefnið | Iðnó |
| 18:00 | Myllan og krossinn | Háskólabíó 3 |
| 18:15 | Skáldið og Li | Bíó Paradís 2 |
| 18:15 | Grænn sjóræningi: Sagan af Paul Watson | Bíó Paradís 3 |
| 18:15 | Auðsveipni | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | Totoro, nágranni minn | Norræna Húsið |
| 18:45 | **Óttalausa konan / Hermaður í Búrma Q&A** | Iðnó |
| 20:00 | Andandi | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Wilbur vill stytta sér aldur | Háskólabíó 3 |
| 20:15 | **Innan í Löru Roxx Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Utan | Bíó Paradís 2 |
| 20:30 | Á feigðarflani í Wisconsin | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Crulic | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | **El Bulli: Matseld stendur yfir Q&A** | Norræna Húsið |
| 22:15 | Black Power Mixtape 1967-1975 | Iðnó |
| 22:00 | Martha Marcy May Marlene | Háskólabíó 2 |
| 22:15 | Kötturinn hverfur | Háskólabíó 3 |
| 22:15 | Superclásico | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Megi England skjálfa / Þættir úr úthverfun... | Bíó Paradís 2 |
| 22:15 | Þriðjudagur eftir jól | Bíó Paradís 3 |
| 22:00 | Maðurinn á vírnum | Bíó Paradís 4 |
| 22:30 | Gullna Eggið: Hópur A | Norræna Húsið |





21:00 SKÚLI SVERRISSON & SÓLEY KVIKMYNDATÓNLEIKAR

Skúli Sverrisson og Sóley Stefánsdóttir flytja tónlist undir sýningu myndarinnar Þegar það var blátt eftir Jennifer Reeves (2008). Myndin er óður til þeirra óspilltu náttúru sem eru á undanhaldi. Fegurð svæðanna er dregin fram með myndefni frá Íslandi, Nýja-Sjálandi, Vancouver, Nevada og víðar, og hefur Reeves þar að auki málað beint á filmuna.

Tónleikarnir fara fram í Fríkirkjunni.

20:15 INNAN Í LÖRU ROXX / INSIDE LARA ROXX Q&A

Sérstök sýning á innan í Löru Roxx þar sem Fríða Rós Valdimarsdóttir ræðir við Míu Donovan, leikstjóra myndarinnar, um myndina, kynlífsiðnaðinn og þau úrræði sem bjóðast fórnarlömbum hans. Tungumál: Enska

RIFF.IS

DHL Iceland Express Síminn CENTER HOTELS



BÍÓ ★ PARADÍS
HEIMILI RIFF 2011
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / CAFÉ OG BAR OPIÐ 11:30-23:00 / www.bioparadis.is / midi.is

Reykjavík International Film Festival Sept. 22 - Oct. 2 2011

VELKOMIN Á HEIMILI RIFF: ■ OPIÐ FRÁ 11:30 ■ LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU ■ EÐALKAFFI OG MEÐLÆTI ■ LÉTTVÍN OG BJÓR ■ HANDHAFAR RIFF KORTA FÁ GÓÐAN AFSLÁTT ■ "HAPPY HOUR" 17-19 ■ ÓKEYPIS Á RIFF FYRIR ATVINNULAUSA KL. 14 ALLA DAGANA. ■ EKKI ÞARF AÐ KAUPA MIÐA (NEMA ÞÚ ÆTLIR Í BÍÓ)

# LEIKUM OG LESUM



**Njótum, leikum og lesum!**

Ekkert kemur í staðinn fyrir notalegar fjölskyldustundir í skammdeginu. Hjá Eymundsson fæst allt fyrir skapandi og skemmtilegar fjölskyldur.




## Teiknisamkeppni Crayola

Teiknaðu ævintýramynd og þú getur unnið glæsilega vinninga frá Crayola.
Nánari upplýsingar í næstu verslun Eymundsson og á Eymundsson.is.

Glæsilegir vinningar!







TILBOÐ
1.699 kr.
Fullt verð 1.990 kr. bókin




TILBOÐ
3.499 kr.
Fullt verð 3.990 kr. bókin




Púsl

TILBOÐ
2 fyrir 1




Tilboðin gilda til og með 19. okt. Gildir í öllum Eymundsson verslunum og á Leifsstöð.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# sport

sport@frettabladid.is



**ÞÓR/KA** mætir í dag þýska stórliðinu Turbine Potsdam í fyrri leik liðanna í 32 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna á Þórsvelli á Akureyri klukkan 16.15. Potsdam vann keppnina árið 2010 og komst svo aftur í úrslitaleikinn í fyrra. Liðin mætast svo í síðari leik liðanna ytra í næstu viku.



**FAGNAÐ** Leikmenn Rhein-Neckar Löwen stigu sigurdans í gær.
NORDICPHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn í gær:

## Naumur sigur Löwen á Lemgo

**HANDBOLTI** Krzysztof Lijewski tryggði í gærkvöld Rhein-Neckar Löwen nauman sigur á Lemgo í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta með því að skora sigurmarkið þegar fjórar sekúndur voru til leiksloka. Lokatölur voru 26-25 og er Löwen með átta stig eftir sex leiki í þriðja sæti deildarinnar.

Guðmundur Guðmundsson er þjálfari Löwen, sem hefur lent í ýmsum vandræðum í upphafi leiktíðar, en liðið náði þó að innbyrða góðan sigur á útivelli í gær þó svo að það hafi staðið tæpt.

Löwen hafði undirtökin í leiknum lengst af en fimm mínútum fyrir leikslok náði Lemgo að jafna í stöðunni 22-22. Var jafnt á öllum tölum eftir það en Lijewski skoraði sem fyrr segir markið mikilvæga sem tryggði Löwen stigin tvö.

Róbert Gunnarsson komst ekki á blað að þessu sinni hjá Löwen. Zarko Sesum var markahæstur hjá liðinu með sjö mörk. - esá


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is


# Varnarleikur United hrundi

**Basel frá Sviss gerði sér lítið fyrir og skoraði þrjú mörk gegn Manchester United á Old Trafford í Meistaradeild Evrópu í gær. Kolbeinn Sigþórsson lék með Ajax í 3-0 tapleik gegn Real Madrid á útivelli og Carlos Tevez stal senunni í München.**

**FÓTBOLTI** Fyrir aðeins tveimur árum lenti svissneska liðið Basel í tómu basli með KR í forkeppni Evrópudeildar UEFA. Í gær fór Basel á Old Trafford og var hársbreidd frá því að vinna 3-2 sigur. Aðeins skallamark Ashley Young á 90. mínútu kom í veg fyrir það. Hitt Manchester-liðið, City, mætti ofjörlum sínum þegar Bayern München vann öruggan 2-0 sigur í leik liðanna í Þýskalandi.

Einn Íslendingur var í eldlínunni í Meistaradeildinni í gær; Kolbeinn Sigþórsson lék allan leikinn er lið hans, Ajax Amsterdam, tapaði fyrir Real Madrid á útivelli, 3-0.

Ajax byrjaði þó ágætlega í leiknum og var Christian Eriksen ekki langt frá því að koma liðinu yfir strax á fyrstu mínútu með föstu skoti sem Iker Casillas varði. Kolbeinn átti stuttu síðar fast skot yfir mark heimamanna.

Madrídingar sýndu þó fljótlega hversu öflugir þeir eru í sóknarleik og gerðu í raun út um leikinn með tveimur flottum mörkum í fyrri hálfleik. Cristiano Ronaldo var lykilmaður í báðum mörkunum; hann skoraði það fyrra og lagði það síðara upp fyrir Kaka.

Karim Benzema tryggði síðan Real endanlega sigur er hann skoraði þriðja markið í upphafi síðari hálfleiks.

Kolbeinn fékk úr mjög litlu að moða í síðari hálfleik en spilaði þó allan leikinn. Það er ljóst að ekki verður við hann sakast enda sýndu Madrídingar í gær allar sínu bestu hliðar.



**STUTT FRÁ SIGRI** Leikmenn Basel fagna einu marka sinna gegn Manchester United á Old Trafford í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY

### Skelfilegur varnarleikur

Í Manchester virtist Danny Welbeck hafa gert út um leikinn með tveimur mörkum á tveimur mínútum þegar um stundarfjórðungur var liðinn af leiknum gegn Basel.

Þeir svissnesku óðu hins vegar í færum allan leikinn og því var það aðeins tímaspursmál hvenær þeir kæmust á blað. Það gerðist snemma í seinni hálfleik er Fabien Frei skoraði með skoti í stöngina og inn. Alexander Frei jafnaði síðan metin stuttu síðar áður en hann kom Basel yfir með marki úr vítaspyrnu þegar stundarfjórðungur var eftir af leiknum.

Ashley Young bjargaði sem fyrr segir andliti United seint í leiknum en það er ljóst að Alex Ferguson, stjóri United, hefur verk að vinna því varnarleikur liðsins var hreinlega afleitur í leiknum. Rio Ferdinand átti skelfilegan dag og hinn ungi Phil Jones lærði dýrmæta lexíu um að spila í Meistaradeildinni. „Við vorum kærulausir,“ sagði Ferguson. „Einbeitingarleysi reyndist okkur dýrkeypt og verður bæði vörn og miðja að standa sig betur hvað það varðar. Það er ferlegt að fá á sig þrjú mörk á heimavelli en okkur tókst þó að bjarga þessu í lokin.“

### Tevez neitaði að spila

Bayern München var afar sannfærandi gegn Manchester City í gær. Eftir ágæta byrjun þeirra ensku tók Bayern öll völd í leiknum og tryggði sér sigur með tveimur mörkum frá Mario Gomez.

En það var það sem gerðist í síðari hálfleik sem stal senunni. Carlos Tevez neitaði að koma inn á sem varamaður og var knattspyrnustjóri City, Roberto Mancini, fokillur eftir leikinn.

„Ég get ekki sætt mig við það að einn leikmaðurinn neiti að koma inn á,“ sagði Mancini við fjölmiðla. „Ég vildi setja hann inn á en hann neitaði. Þetta er afar slæm staða fyrir mig. Hvað mig varðar er hann búinn að vera. Hann er búinn að vera. Getur þú ímyndað þér ef leikmaður Bayern, Milan eða Manchester United hefði hagað sér svona?“

Tevez hefur lengi verið óhamingjusamur í Manchester og er afar ólíklegt að hann spili aftur í treyju City eftir þetta. „Ég hef verið fagmannlegur síðasta árið. Ég var markahæsti leikmaður liðsins undanfarið ár. En ég hef greint frá þeirri skoðun minni að ég vil fara frá félaginu af fjölskylduástæðum. Ég reyni samt að gera mitt besta.“

eirikur@frettabladid.is

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

### A-RIÐILL

**Bayern München - Manchester City 2-0**
1-0 Mario Gomez (38.), 2-0 Mario Gomez (45.),
**Napoli - Villarreal 2-0**
1-0 Marek Hamšík (14.), 2-0 Edinson Cavani, víti (17.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bayern M.** | 2 | 2 | 0 | 0 | 4-0 | 6 |
| Napoli | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-1 | 4 |
| **Man. City** | 2 | 0 | 1 | 1 | 1-3 | 1 |
| Villarreal | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-4 | 0 |

### B-RIÐILL

**CSKA Moskva - Inter 2-3**
0-1 Lúcio (6.), 0-2 Giampaolo Pazzini (23.), 1-2 Alan Dzagoev (48.), 2-2 Vágner Love (77.), 2-3 Mauro Zárate (78.).
**Trabzonspor - Lille 1-1**
0-1 Moussa Sow (31.), 1-1 Gustavo Colman (75.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Trabzonspor** | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| Inter | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-3 | 3 |
| **Lille** | 2 | 0 | 2 | 0 | 3-3 | 2 |
| CSKA Moskva | 2 | 0 | 1 | 1 | 4-5 | 1 |

### C-RIÐILL

**Manchester United - Basel 3-3**
1-0 Danny Welbeck (16.), 2-0 Danny Welbeck (17.), 2-1 Fabian Frei (58.), 2-2 Alexander Frei (60.), 2-3 A. Frei (76.), 3-3 Ashley Young (90.).
**Otelul Galati - Benfica 0-1**
0-1 Bruno César (40).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Basel** | 2 | 1 | 1 | 0 | 5-4 | 4 |
| Benfica | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| **Man. United** | 2 | 0 | 2 | 0 | 4-4 | 2 |
| Otelul Galati | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-3 | 0 |

### D-RIÐILL

**Lyon - Dinamo Zagreb 2-0**
1-0 Bafetimbi Gomis (23.), 2-0 Bakari Koné (42.)
**Real Madrid - Ajax 3-0**
1-0 Cristiano Ronaldo (25.), 2-0 Kaká (41.), 3-0 Karim Benzema (49.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | 2 | 2 | 0 | 0 | 4-0 | 6 |
| Lyon | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-0 | 4 |
| **Ajax** | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-3 | 1 |
| Dinamo Zagreb | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |



**Á SPJALLI** Carlos Tevez ræðir við Patrick Vieira eftir leik City í Þýskalandi í gær.
NORDIC PHOTOS/GETTY


Þjálfaranámskeiðs 1. stigs

**Frjálsíþróttasambandið býður upp á alþjóðlegt þjálfaranámskeið á 1. stigi í haust. Þetta námskeið er einkum ætlað þjálfurum sem sinna börnum og unglingum, en einnig þeim sem sinna almennri þjálfun í sínum félögum.**

**Námskeiðið verður kennt í þremur áföngum, sem hér segir:**
1. 30. sept. til 2. okt.
2. 14. – 16. okt.
3. Ákv. í samráði við þátttakendur.

Fyrstu helgina verður m.a. farið yfir grunnatriði námskeiðsins, Krakkafrjálsar (Kids Athletics), almenn atriði þjálfunar og uppbyggingu íþróttamannsins, vöxt og þroska. Aðra helgi verður farið í grunnatriði í einstökum greinum og þriðju helgina verður m.a. varið til verklegrar þjálfunar. Námskeiðinu lýkur með prófi og einstaklingsviðtölum.

Námskeiðið eru hluti af fræðsluáætlun Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF) og heitir Coaches Education and Certification System, (CECS) og veitir þáttaka í námskeiðinu alþjóöleg þjálfararéttindi. Kennsla fer fram í Laugardal í Reykjavík og hefst kl. 18 nk. föstudag í sal C í Íþróttamiðstöð ÍSÍ, Engjavegi 4. Námskeiðsgjald er kr. 25.000 og eru kennslugögn innifalin.

Áhugasamir skrái sig á fri@fri.is sem fyrst. Nánari upplýsingar eru einnig veittar í þetta netfang.


Annarri umferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld:

# Enn lengist meiðslalisti Arsenal

**FÓTBOLTI** Átta leikir fara fram í Meistaradeild Evrópu í kvöld og verða mörg stórlið evrópskrar knattspyrnu í eldlínunni.

Arsenal er nú komið á smá skrið eftir 3-0 sigur á Bolton í ensku úrvalsdeildinni um helgina og getur í kvöld gert enn betur með sigri á Olympiakos í Meistaradeild Evrópu. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, mætir þó með vængbrotið lið til leiks því að þeir Gervinho, Laurent Koscielny og Theo Walcott, sem var frábær gegn Bolton, missa allir af leiknum í kvöld vegna meiðsla.

Einnig var staðfest í gær að Jack Wilshere yrði frá í minnst fjóra mánuði eftir að hafa gengið undir aðgerð á ökkla. Alls eru fjórir leikmenn Arsenal til viðbótar enn frá vegna meiðsla og því ljóst að það getur enn brugðið til beggja vona fyrir þá rauðklæddu í kvöld.

Hitt Lundúnaliðið í Meistaradeildinni, Chelsea, fær erfitt verkefni í kvöld því liðið mætir Valencia á útivelli. Juan Mata, sem var keyptur til Chelsea í síðasta mánuði, snýr því aftur á sinn gamla heimavöll í kvöld. Valencia gerði óvænt jafntefli við Genk í síðustu umferð og reiknar André Villas-Boas, stjóri Chelsea, því með erfiðum leik í kvöld.

„Ég átt von á því að Valencia myndi vinna þann leik. Þeir ætla sér því sigur í kvöld en það er líka ljóst að sigur myndi setja okkur í mjög þægilega stöðu í riðlinum.“

Barcelona og AC Milan mæta bæði veikari andstæðingum í kvöld en það eru góðar fréttir fyrir síðarnefnda liðið að Zlatan Ibrahimovic er aftur orðinn leikfær eftir meiðsli. Milan hefur verið í framherjaveseni þar sem þeir Pato og Robinho eru báðir meiddir. Gamla brýnið Pippo Inzaghi er heill en hann er ekki á leikmannalista liðsins í Meistaradeildinni. - esá

### Leikir kvöldsins

**E-riðill**
18.45 Valencia - Chelsea — Sport & HD
18.45 Bayer Leverkusen - Genk

**F-riðill**
18.45 Arsenal - Olympiakos — Sport 3
18.45 Marseille - Dortmund

**G-riðill**
16.00 Zenit St. Pétursborg - Porto
18.45 Shakhtar Donetsk - APOEL

**H-riðill**
18.45 BATE - Barcelona — Sport 4 (ólæst)
18.45 AC Milan - Viktoria Plzen



**FÆR JAPANINN SÉNS?** Arsene Wenger ræðir hér við hinn átján ára Ryo Miyaichi á æfingu Arsenal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY




# Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S
Extra®

## Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

> **Billy Bob Thornton**

„Ég hætti að fljúga fyrir mörgum árum. Mig langar ekki til þess að deyja með ferðamönnum.“

***Billy Bob Thornton leikur í kvikmyndinni Armageddon, sem segir frá geimförum sem reyna að stöðva halastjörnu áður en hún rekst á jörðina. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON ER RINGLAÐUR

# *Risaeðlur kljást á skjánum*

Stöð 2 og RÚV stilla um þessar mundir upp tveimur risaeðlum til að berjast um hylli sjónvarpsáhorfenda á laugardagskvöldum. Spaugstofan er á Stöð 2, en ég er ekki nógu gamall til að muna eftir ári þar sem Spaugstofan var *ekki* í sjónvarpinu á laugardagskvöldum. Fulltrúi RÚV er einn af fáum grínistum af sömu kynslóð og Spaugstofudrengirnir sem er enn þá starfandi; Gísli Rúnar færir okkur Kexverksmiðjuna – grínþátt sem er tuttugu mínútum of langur og tuttugu árum á eftir sinni samtíð.

Sumir segja að allt fari í hringi. Að minnsta kosti tískan. Þetta grínhlaðborð minnir á ógöngur túrista í París, sem villast inn í margfalt hringtorgið umhverfis Sigurbogann. Þar hefur marga dagað uppi, eða þeir í besta falli orðið bensínlausir. Karl Ágúst, Gísli Rúnar og félagar keyrðu inn í hringtorgið fyrir tuttugu árum og eru þar enn. Bensínið kláraðist fyrir löngu en alltaf er einhver tilbúinn að skella dropa á tankinn til að halda þeim gangandi.

Ég vil alls ekki gera lítið úr ævistarfi þessara grínista, sem eru á meðal þeirra ástsælustu sem þjóðin á. Framboðið á þeim hlýtur að vera tilkomið vegna eftirspurnar þjóðarinnar. En nóg er nóg. Árið er 2011 og staðan er eftirfarandi: Helgi Björnsson er vinsælasti söngvari landsins, HAM er nýbúin að gefa út plötu, Spaugstofan og Gísli Rúnar sjá um grínið á laugardagskvöldum og Ingvar E. Sigurðsson, Hilmir Snær og Baltasar Kormákur eru heitustu leikararnir á sviði Þjóðleikhússins.



## RÚV

**15.50 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Loftslagsvinir** (8:10) (Klima nørd) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar. (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.22 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs og KaDee Strickland.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Jonas Kaufmann á tónleikum** Tenórsöngvarinn Jonas Kaufmann syngur óperuaríur eftir Mozart og Wagner og verk eftir Carl Maria von Weber við undirleik Útvarpshljómsveitarinnar í München. Stjórnandi er Michael Güttler.
**23.20 Landinn** (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.25 Ghost Town**
**10.05 Billy Madison**
**12.00 Copying Beethoven**
**14.00 Ghost Town**
**16.00 Billy Madison**
**18.00 Copying Beethoven**
**20.00 Armageddon**
**22.25 Seven Pounds**
**00.25 The Vanishing**
**02.15 Sione's Wedding**
**04.00 Seven Pounds**
**06.00 Sleepless in Seattle**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (42:175)
**10.15 Cold Case** (14:22)
**11.00 Glee** (13:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (24:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (49:78)
**13.25 Gossip Girl** (22:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (7:22)
**14.55 iCarly** (32:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.02 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.52 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Næturvaktin**
**19.50 Ástríður** (3:12)
**20.20 Borgarilmur** (6:8) Ilmur borðar ostrur, klæðist skotapilsi, fer í djarfa myndatöku, heimsækir söfn, spilar á sekkjapípu og endar óvart uppi á sviði í einum vinsælasta grínklúbbi borgarinnar í þessum þætti.
**21.00 Cougar Town** (11:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess.
**21.25 Hawthorne** (4:10) Þáttaröð um yfirhjúkrunarfræðing sem helgar sig starfinu.
**22.10 True Blood** (10:12)
**23.05 Satisfaction** (3:10)
**23.55 The Closer** (9:15)
**00.40 The Good Guys** (9:20)
**01.25 Sons of Anarchy** (9:13)
**02.10 Medium** (19:22)
**02.55 The Cutter**
**04.25 The Immortal Voyage of Captain Drake**
**05.55 Simpsons**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin -** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Valencia - Chelsea** Bein útsending frá leik Valencia og Chelsea í Meistaradeild Evrópu. Leikur Arsenal og Olympiacos er í beinni á Sport 3 og Bate Barcelona á Sport 4.
**20.45 Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu.
**21.25 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Olympiakos**
**23.15 Meistaradeild Evrópu: Bate - Barcelona**
**01.05 Meistaradeildin - meistaramörk**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Newcastle - Blackburn** Útsending frá leik Newcastle United og Blackburn Rovers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.10 Wigan - Tottenham** Útsending frá leik Wigan Athletic og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review 2011/12** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Di Stefano** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um fremstu knattspyrnumenn samtímans og að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.
**21.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.55 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og leikirnir krufðir til mergjar.
**23.10 Man. City - Everton** Útsending frá leik Manchester City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Outsourced** (3:22) (e)
**16.50 The Marriage Ref** (5:10) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Nýtt útlit** (3:12) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (38:50)
**19.15 Rules of Engagement - OPIÐ** (11:13) (e)
**19.40 Hæ Gosi - OPIÐ** (6:6) (e) Íslensk gamanþáttaröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.
**20.10 Friday Night Lights** (6:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum.
**21.00 Life Unexpected** (4:13) Bandarísk þáttaröð sem notið hefur mikilla vinsælda.
**21.45 Tobba** (2:12) Tobba fer á Litla-Hraun, skoðar aðstæður fanga og veltir því fyrir ser hvernig lífið er fyrir aðstandendur þeirra.
**22.15 The Bridge - LOKAÞÁTTUR** (13:13) Bandarískir spennuþættir sem fjalla um lögreglumanninn Frank og baráttu hans við spillingaröfl innan lögreglunnar.
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 The Borgias** (5:9) (e)
**00.40 HA?** (1:12) (e)
**01.30 Psych** (14:16) (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.20 The Tour Championship** (2:4)
**11.20 Golfing World**
**12.10 Golfing World**
**13.00 The Tour Championship** (2:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (38:45)
**19.20 LPGA Highlights** (14:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (39:45)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (34:45)
**23.45 ESPN America**

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Gilmore Girls** (9:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mike & Molly** (3:24) Stórskemmtilegir rómantískir gamanþættir úr smiðju Chuck Lorre og fjalla um Mike og Molly, tvo ofurvenjulega og viðkunnalega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus. Saman standa þau í baráttunni gegn öllum fordómunum og lélega offitugríninu - og beittasta vopn þeirra er að slá á létta strengi.
**22.15 Chuck** (3:24) Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var óskóp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**23.05 Terra Nova**
**00.30 Daily Show: Global Edition**
**00.55 Næturvaktin**
**01.25 Ástríður** (3:12)
**01.55 Gilmore Girls** (9:22)
**02.40 The Doctors** (122:175)
**03.25 Fréttir Stöðvar 2**
**04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason**
**20.30 Veiðisumarið** Bender og félagar gera upp veiðisumarið.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg eldar alltaf eitthvað nýtt.
**21.30 Gunnar Dal** Jón Kristinn við fótskör meistarans fjórði þáttur.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Horfðu á SkjáEinn í opinni dagskrá og þættina á SkjáFrelsi í dag!

Magnaður miðvikudagur



Ef þú ert með Sjónvarp Símans sérðu SkjáEinn í opinni dagskrá og þættina á SkjáFrelsi í dag.

Þú færð meira hjá Símanum!

siminn.is

Síminn

Greidd eru mánaðargjöld skv. verðskrá, nánar á siminn.is

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30**
**Valencia - Chelsea**

Bein útsending frá leik Valencia og Chelsea í Meistaradeild Evrópu. Á sama tíma er leikur Arsenal og Olympiakos sýndur í beinni á Sport 3 og leikur BATE og Barcelona á Sport 4.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Kynslóðir mætast **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kvennagullið í grútarbræðslunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Ég þarf að skreppa í smá ferðalag **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.30** ,Allo ,Allo! **12.05** ,Allo ,Allo! **12.50** The Inspector Lynley Mysteries **13.35** The Inspector Lynley Mysteries **14.20** Keeping Up Appearances **14.50** Keeping Up Appearances **15.20** ,Allo ,Allo! **15.55** ,Allo ,Allo! **16.40** Fawlty Towers **17.10** Fawlty Towers **17.40** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** Live at the Apollo **23.50** QI **00.20** The Thick of It **00.50** My Family

### DR 1

**11.05** Vores Liv. Skattejægerne **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.30** Shanes verden **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Hos Lægen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Broen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt 2011 - WHATS ON **20.00** Damages **20.55** Damages **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Ved du hvem du er? **04.00** Molly Monster

### NRK 1

**10.55** Vår ville verden **11.00** Nyheter **11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** Nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Valpekullet **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Jimmys matfabrikk

### SVT 1

**11.10** Tack för musiken **12.10** Plötsligt i somras **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Vem tror du att du är? **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Bron **20.00** True Blood **20.55** Bored to Death **21.25** John Adams **22.35** Skavlan **23.35** Landet Brunsås **00.05** Rapport **00.10** Dox **02.00** Rapport **02.05** Damages **02.50** Sverige idag **03.15** Go'kväll




Fiton/SÍA

# Jafnrétti í vöggugjöf!

Þrátt fyrir baráttu undanfarinna áratuga liggur óútskýrður launamunur kynjanna enn sem mara á þjóðinni. Gefum börnum okkar jafna möguleika í framtíðinni og léttum álögunum.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti
VR



# Okkar hlutverk er að dreifa

fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

**Heyrðu í okkur næst þegar þú þarft á öruggri og hagstæðri dreifingarþjónustu að halda.**

**Póstdreifing - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær - Sími 585 8300 - www.postdreifing.is**





*„Byrja hvern morgun með stórum sjúss af þorskalýsi. Svo ek ég upp á Skólavörðustíg og drekk sterkt kaffi á stéttinni fyrir utan Kaffifélagið og splæsi á mig nýbökuðu súkkulaðibrauði ef vel liggur á mér. Þarna hitti ég yfirleitt Egil Helgason en við deilum smekk á svona morgunverði þó ég viti ekki hvort hann tekur lýsi fyrst."*

Eiríkur Jónsson blaðamaður.

# Páll Óskar hættur í Eurovision-þættinum

„Eurovision hefur fengið nóg pláss í mínu lífi og ég hef einfaldlega ekki metnað til að gera sjónvarpsþátt eða vera dagskrárgerðamaður. Mig langar miklu meira til að vera í hljóðveri eða halda tónleika," segir Páll Óskar Hjálmtýsson.

Hann er hættur að stjórna Eurovision-þættinum Alla leið, sem hefur verið á dagskrá RÚV undanfarin ár og notið mikilla vinsælda. Þar hefur Páll sest á rökstóla með þeim Guðrúnu Gunnarsdóttur, Reyni Þór og Dr. Gunna og spáð og spekúlerað í Eurovision.

Páll segir að undirbúningur þáttarins hafi tekið mikinn tíma og hann reiknar ekki með því að taka þátt þátt í Eurovision-keppninni í ár. Rifjast þá upp fréttir af því þegar Jónsi úr Sigur Rós lýsti því yfir að hann ætti lag á lager sem hefði verið sérstaklega samið fyrir Pál og ætti að flytja í keppninni í ár. Á lista Rásar 2 yfir þá þrjátíu lagahöfunda sem þjóðin vill að sendi inn lag í keppnina í ár er einmitt minnst á þetta samstarf. „Ég hef ekkert heyrt frá Jónsa og ekki heyrt þetta lag. Mér skilst að hann hafi gengið með þennan draum í maganum í tíu ár en meira veit ég ekki. "

Fram undan hjá Páli er risastór pakki sem inniheldur meðal annars DVD-disk með tónleikum hans í Hörpu ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt því efni sem hann hefur verið að vinna að síðan Silfursafnið kom út. „Mér finnst æðislegt að geta komið þessu öllu frá mér og byrjað að vinna að næstu poppplötu með hreint borð. Og vonandi kemur hún út fyrir jólin 2012." - fgg



**HEFUR EKKI TÍMA** Páll Óskar hefur ekki tíma fyrir Eurovision-þáttinn Alla leið á RÚV og er hættur. Hann vill frekar syngja á tónleikum eða vera í hljóðveri.

# Dr. Gunni vinnur að annarri barnaplötu

„Þetta verða 12 eða 14 lög fyrir börn og alla hina líka," segir tónlistar- og fjölmiðlamaðurinn Dr. Gunni.

Dr. Gunni vinnur nú að annarri barnaplötu, en hann sló í gegn árið 1997 með plötunni Abbababb! Aðstæður doktorsins hafa heldur betur breyst á þessum árum. Hann átti til dæmis ekki börn þegar Abbababb! kom út, en hefur nú eignast tvö. „Þannig að núna get ég prufukeyrt lögin jafn óðum. Þau eru líka hugmyndabanki," segir Gunni.

Hann segir að platan muni ekki heita Abbababb 2, en verður þó í svipuðum stíl. „Maður er náttúrulega í skugga *hittarans* — Prumpulagsins," segir Gunni og hlær. „Það eru ennþá smákrakkar að öskra á mig vegna þess að myndbandið er sýnt í sjónvarpinu enn þann dag í dag. Fjórtán árum síðar. Ég verð að vera með eintóma hittara — 14 prumpulög. Því annars vilja allir heyra það þegar ég byrja að kynna nýju plötuna. Það gengur náttúrulega ekki."

Aðspurður hvort börnin tilheyri besta markaðnum í dag, segist Gunni ekki telja að svo sé. „Ég held að besti markaðurinn sé miðaldra hestamenn," segir hann og vísar í gríðarlegar vinsældir Helga Björns og Reiðmanna vindanna. „Barnaplata sem selst mjög vel fer ekkert mikið yfir 5.000, en hestamannaplata sem selst vel fer yfir 10.000."



**NÝ BARNAPLATA** Dr. Gunni vinnur nú að nýrri barnaplötu, en hann gaf út Abbababb! fyrir fjórtán árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Abbababb! varð söngleikur, tíu árum eftir útgáfu plötunnar. Gunni segist hafa það hugfast að nýju lögin gætu endað á sviði. „Þannig að það eru alls konar pælingar," segir hann. „Það er reyndar eitt lag sem heitir Frekasta stelpa í heimi, sem gæti orðið söngleikur."

Dr. Gunni stefnir á að gefa plötuna út árið 2012 og vinnur hana ásamt Heiðu Eiríksdóttur. Þá vonast hann til að fá hóp góðra gesta til að taka lagið á plötunni. - afb




ALEXANDER JARL ABU-SAMRAH: Í ÚRSLITUM NORRÆNNAR RAPPKEPPNI

# Svakalegt vesen að vera með palestínskt eftirnafn

„Þetta kom mér rosalega á óvart, ég var búinn að gleyma þessari keppni," segir Alexander Jarl Abu-Samrah, eða Alli abstrakt, sem er kominn í úrslit norrænu rappkeppninnar Rap It Up.

Úrslitakeppnin fer fram í Stokkhólmi 14. október og tekur einn keppandi frá hverju Norðurlandaríkjanna þátt. Alli mætir til leiks fyrir Íslands hönd með lagið Í mínu hverfi. „Ég syng um hvað er að gerast í mínu hverfi og hvað fólki finnst í mínu hverfi um alls kyns hluti. Ég er úr Vesturbænum og þetta er eiginlega um Vesturbæinn. En annars er þetta mest um Reykjavík, þannig séð," segir Alli, sem er nýorðinn tvítugur.

Hann er hálfur Íslendingur og hálfur Palestínumaður en hefur alltaf búið hér á landi. Faðir hans, sem er palestínskur, skildi við móður Alla þegar Alli var ungur að aldri og hefur hann lítið sem ekkert búið á Íslandi.

Alli hefur einu sinni komið til Palestínu. Þá var hann fimm ára og fór þangað með mömmu sinni og pabba, afa sínum og ömmu og frændsystkinum. „Það var rosalega gaman en þetta er mjög frábrugðinn heimur þarna," segir rapparinn um upplifun sína. „Það var svakalegt vesen að vera með palestínskt eftirnafn og fara í gegnum Ísrael til að komast þarna inn. Ég er líka alltaf stoppaður í Bandaríkjunum út af þessu eftirnafni."

Aðspurður segist Alli hafa orðið fyrir mjög miklum fordómum þegar hann var í grunnskóla hér heima en eftir að honum lauk hafi fordómarnir hætt.

Þessa dagana er hann að vinna að sinni fyrstu rappplötu og mun eitt lagið fjalla um Palestínu og ástandið þar. „Ég er að reyna að plata Erp [Eyvindarson] með mér í það en hann er alltaf svo upptekinn."

Alli hóf feril sinn sem upptökustjóri undir nafninu Abstrakt Idea. Sem slíkur gaf hann út ósungnu plötuna Sincere Sunset sem komst í 33. sæti á iTunes-listanum í Japan. Hann er tiltölulega nýbyrjaður að rappa og lítur mikið upp til rapparanna í Forgotten Lores.

Fyrir efsta sætið í norrænu keppninni fæst 1.000 evrur, eða um 160 þúsund krónur, auk upptökutíma hjá þekktum upptökustjórum í Svíþjóð sem kalla sig Salazarbræður. Tónlistinni verður dreift á iTunes og Spotify. Einn Íslendingur er í dómnefndinni, Þorsteinn Lár Ragnarsson úr XXX Rottweiler. freyr@frettabladid.is



**Á LEIÐ TIL STOKKHÓLMS** Alli Abstrakt keppir í úrslitum Rap It Up í Stokkhólmi í október. Hér er hann ásamt Rottweiler-hundinum sínum Deebo. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Stefnumót sett í uppnám

„Þetta er tölva með ónýtu batterí og lélegum skjá en það sem er á henni er mér hrikalega mikilvægt," segir Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Listaháskóla Íslands, en Mac Pro-fartölvu hennar var stolið úr bíl við Smáragötu á laugardagsmorgun.

Sigríður segist kannski ekki sjá mikið eftir tölvunni sjálfri en á henni var að finna allar upplýsingar um nýja bók og heimasíðu sem var í undirbúningi í tengslum við verkefnið Stefnumót bænda og hönnuða. Það verkefni tefst nú sökum þjófnaðarins. „Við byrjuðum á þessu verkefni fyrir fjórum árum þegar við tefldum saman ungum vöruhönnuðum og bændum og reyndum að finna nýja sýn á íslenskar afurðir og hvernig mætti tefla þeim fram á nýstárlegan hátt," útskýrir Sigríður og því ljóst að missirinn er mikill. „Þetta kennir manni auðvitað að maður á að vera duglegri að taka „back-up" af öllum skjölum."

Verkefnið hefur vakið mikla athygli en meðal þess sem hefur komið út úr því eru rabarbarakaramella og skyrkonfekt. Sigríður segir að meðal næstu verkefna verði samstarf hópsins við Þórbergssafnið á Hala í Suðursveit en þá geta gestir safnsins kynnst skáldinu í gegnum eftirlætismatinn hans. - fgg



**INNIHALDIÐ MIKILVÆGT** Sigríður Sigurjónsdóttir biður ræningja um að koma innihaldi tölvunnar hennar til skila því það sé henni ákaflega mikilvægt.




# Skelltu þér í áskrift!

## 4 sýningar að eigin vali á 11.900 kr.

Í fyrra sló áskriftarkortasalan öll met.







**Leikhús á bíóverði fyrir ungt fólk.**

áskriftarkort á aðeins 6.500 kr. fyrir 25 ára og yngri.

**Miðasala:** 568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3

**Borgarleikhúsið**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Halldór vann í Sviss

Snjóbrettakeppnin Freestyle.ch fór fram í Zürich í Sviss um liðna helgi. Margir þekktir snjóbrettakappar léku þar listir sína og þeirra á meðal var Akureyringurinn knái **Halldór Helgason**. 30.000 manns fylgdust með honum gera sér lítið fyrir og sigra í keppninni, sem gekk út á að stökkva af risavöxnum palli og gera brögð í lausu lofti sem eru aðeins á færi atvinnumanna. Halldór er einmitt löngu orðinn atvinnumaður í greininni og er meðal annars með samning við íþróttavörurisann Nike.



### Barnalán hjá Björgólfi

**Kristín Ólafsdóttir** og **Björgólfur Thor Björgólfsson** eignuðust sitt þriðja barn mánudaginn síðastliðinn, 26. september, í London. Í heiminn kom lítil stúlka, sem heilsast vel eins og móðurinni. Þetta er þriðja barn hjónanna, sem giftu sig fyrir tíu mánuðum, en fyrir eiga þau tvo syni, sex og tveggja ára gamla.

**-afb, - sv**



### Mest lesið vísir

1. Jóhanna er sár og svekkt yfir „svartagallsrausi“
2. Konur sköruðu fram úr á meðal rafvirkja
3. Svört skýrsla um milljónainnkaup lögreglunnar
4. Hugsanlega kætir kaffi
5. Spara pening með því að sleppa heiðursverðinum


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



**rekkjan**

**ÞRÝSTIJÖFNUNAR DAGAR!**

**ALLAR VÖRUR MEÐ ÞRÝSTIJÖFNUNARSVAMPI Á 30-35% AFSLÆTTI**

Í REKKJUNNI ER EITT MESTA ÚRVAL HEILSURÚMA Á ÍSLANDI, YFIR 25 TEGUNDIR - OG EIN AF ÞEIM HENTAR ÞÉR SÉRSTAKLEGA

**EF ÞÚ ERT Í LEIT AÐ GÓÐUM SVEFNI KOMDU ÞÁ Í REKKJUNA - OG EIGÐU GÓÐA NÓTT**





ARGH!!! 300911

**AC Visco**
ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM
Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 227.130 kr.
**NÚ 149.000 kr.**

**Alberta Visco**
ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM
Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 299.216 kr.
**NÚ 199.000 kr.**

**Spring Max**
ÞRÝSTIJÖFNUNARHEILSUKODDINN
Fullt verð 12.900 kr. **NÚ 8.900 kr.**



**rekkjan**
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16